

SAMTÖKIN SAFT

Stuðla að öryggri notkun internetsins

• Græjur • Fasteignir

allt ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



PERSÓNUVERND 25 ÁRA

Gríðarlegar breytingar hafa orðið á starfinu

Aldrei skortur á verkefnum

TILVERAN 18



GISTIHEIMILIÐ Í BREIÐAVÍK

Íslendingar tregir við að koma á staðinn

Útlendingum líkar vistin vel

FÓLK 34



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. júlí 2007 – 184. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Heldur tónleika á Íslandi

Óperusöngvarinn Kristján Jóhannsson mun halda tónleika hér á landi síðar á árinu.

FÓLK 34



Ótrúlegur með ljónin

Kevin Richardson er nýjasta stjarnan í dýralífsheiminum. Villtustu ljón elska að leika sér með honum.

FÓLK 28



Öld hreyfanleikans

„Frjáls flutningur fólks er vatn á myllu alþjóðlegs efnahags,” skrifar Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna.

Í DAG 16


Veigar og Stefán bestir

Veigar Páll Gunnarsson og Stefán Gíslason hafa staðið sig best allra Íslendinganna sem leika í norsku úrvalsdeildinni í fótbolta þegar deildin er hálfnuð.

ÍÞRÓTTIR 28



VEÐRIÐ Í DAG




Hljást í innsvæitum sunnanlands. Það birtir um norðan og austanvert landið eftir hádegi. Hiti á bilinu 10-20 stig. Hægur vindur víðast hvar.

VEÐUR 4

Mánudagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu

77%



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007



MEÐ BYSSUNA Á LOFTI Lögreglumaðurinn Lúðvík Þorsteinsson mundar radarbyssuna í þyrilu Landhelgisgæslunnar, TF-SIF. Lögreglan notar þyriluna í umferðareftirlit úr lofti við helstu umferðaræðar við höfuðborgina. Ljósmyndari Fréttablaðsins fékk að fljóta með í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Umferðin þétt en fór vel fram

UMFERÐ Allt gekk vel fyrir sig þegar ferðalangar helgarinnar héldu heim í höfuðborgina í gær. Pétur Guðmundsson, varðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu segir umferðina hafa verið þétt, en gengið snurðulaust. „Við höfum ekki haft neinar fregnir af umferðarteppum eða bílaröðum, þetta hefur bara gengið mjög vel,” segir hann.

Ragnar Kristjánsson, varðstjóri hjá lögreglunni á Akureyri, tekur undir orð Péturs og segir umferðina frá Akureyri hafa gengið smurt. „Flestir voru á ferðinni um eftirmiðdaginn en þetta róaðist með kvöldinu. Við þurftum ekki að hafa neinar áhyggjur af umferðinni, fólk var ekki að æsa sig á nokkurn hátt.“

Lögreglumenn litu eftir umferðinni úr þyrilunni TF-SIF í gær. Eftirlitið er í samstarfi við Landhelgisgæsluna og Umferðarstofu.

- sfs

Þriðja banaslysið í umferðinni

Piltur um tvítugt lést þegar bifreið hans fór út af veginum í Norðurárdal snemma í gærmorgun. Þetta er þriðja banaslysið í umferðinni á þessu ári. Á sama tíma í fyrra höfðu níu látist í umferðarslysum á árinu.

SLYS Banaslys varð í Norðurárdal í Skagafirði í gærmorgun. Maður um tvítugt keyrði út af veginum í krappri beygju með þeim afleiðingum að hann kastaðist úr bílnum og lést. Hann var einn á ferð. Þetta er þriðja banaslysið í umferðinni á þessu ári.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Sauðárkróki var bíllinn nánast óþekktanlegur eftir slysið. Nokkuð hátt fall er fram af

veginum þar sem bifreiðin fór út af, og valt hún langa leið. Talið er að maðurinn hafi látist samstundis, en hann var að öllum líkindum ekki með bílbelti.

Tilkynning um slysið barst lögreglu klukkan kortér í sjö í gærmorgun, en ekki er vitað hvenær sjálft slysið varð. Vegfarandi kom auga á bílinn og hringdi í Neyðarlínuna, sem kallaði til lögreglu.

Ragnar Kristjánsson, varðstjóri hjá lögreglunni á Akureyri, segir óljóst hvers vegna bíllinn, sem er lítill jeppi, fór út af veginum. Lögreglan og rannsóknarnefnd umferðarslysa rannsaka málið. Bíllinn var fjarlægður af vettvangi um hádegisbil í gær.

Banaslysið er það þriðja á þessu ári. 3. mars lést 38 ára karlmaður þegar bíll hans fór út af veginum í Hörgárdal, rétt sunnan við Kross-

astaði. Talið var að hann hefði misst stjórn á bílnum í hállu. Tæpum þremur vikum síðar, 21. mars, lést 43 ára kona þegar jeppinn hennar lenti í árekstri við vörubíl á Suðurlandsvegi, til móts við bæinn Mæri.

Á sama tíma í fyrra höfðu níu manns látist í umferðinni á árinu. Alls lést 31 í 28 banaslysum árið 2006, sem var eitt mesta slysaár í umferðinni í langan tíma.

- sfs

Veðurbliðan það sem af er sumri skilar ísbúðum landsins góðri afkomu:

Ísbúðir græða á veðurbliðunni

NEYTENDUR Landsmenn eru sólnari í ís en þeir hafa nokkru sinni verið, ef mið er tekið af stuttri og óformlega rannsókn Fréttablaðsins. Vinsælustu ísbúðir landsins segja söluina í sumar vera umtalsvert meiri en síðustu ár og sé miðað við sumarið í fyrra hefur salan aukist um allt að fjórðung á milli ára. Veðrið spilar stóra rullu í þessari aukningu, en sólskinsstundir það sem af er sumri hafa verið mun fleiri í ár heldur en á sama tíma í fyrra.

Í ísbúðinni Erlu-ís í Fákafeni var salan í júní í ár ein sú mesta frá upphafi og 25% meiri en í júní í fyrra. „Það hefur verið brjáláð að gera í bliðunni og svo virðist sem að fólk kunni vel við ísinn til að kæla sig niður í sólinni,” segir Erla Erlendsdóttir, eigandi ísbúðarinnar. Sömu sögu er að segja af öðrum ísbúðum höfuðborgarsvæðisins sem Fréttablaðið ræddi við og þó að fæstir geti nefnt nákvæmar sölutölur er greinilegt að ísbörf landsmanna er mun meiri í sumar en í fyrra.

Að sögn Fríðar Leósdóttur, eiganda Brynju á Akureyri, hefur íssala fyrir norðan verið með miklum



SVALANDI Svo virðist sem landsmenn sæki í kælandi ísinn þegar hitinn og sólin fer að segja til sín.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

ágætum. „Hér höfum við verið að selja yfir 500 lítra á dag þegar best lætur,” segir Fríður.



BIG MAC BORGARI Fæst í 120 löndum heimsins.

NORDICPHOTOS/AFP

Big Mac vísitalan: Big Mac dýrastur hérlendis

BRETLAND Íslenska krónan er ofmetnasta myntin samkvæmt Big Mac vísitölu breska tímaritsins The Economist. Big Mac hamburgari kostar 123 prósentum meira á Íslandi en í Bandaríkjunum.

Big Mac vísitalan er yfirlit tímaritsins yfir verð Big Mac hamburgara á McDonalds skyndibítastöðum í 120 löndum.

Noregur og Sviss fylgja fast á hæla Íslands og í löndum sem nota evruna kostar Big Mac 22 prósentum meira en í Bandaríkjunum. Big Mac í Kína kostar 58 prósentum minna en í Bandaríkjunum.

- sgi

Pioneer ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN

4x50W Mosfet magnari · Útvarp D4Q · 24 stöðva minni FM/MW/LW
3 banda tónjafnari · CD/MP3/WMA · EQ forstilltur tónjafnari

DEH-2900MP
19.900.-
FRÍ ÍSETNING

ORMSSON

ELLEFU VERSALNIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



Skafti, er kláfvæðing Ísa-fjarðar að hefjast?

„Frekar kláf en klám.“

Skafti Eliasson og Úlfar Þór Úlfarsson hygðast koma dráttarkláfi upp Eyrarfjall við Ísafjörð og reisa þar veitingahús.



BENEDIKT LAFLEUR Yrði fyrsti Íslendingurinn til að synda yfir Ermarsund. FRÉTTABLAÐIÐ/GAK

Benedikt Laffleur sundgarpur: Hafði synt í 17 klukkustundir

FÓLK Íslenski sundgarpurinn Benedikt Laffleur átti ennþá eftir nokkra kílómetra ósynta til að klár sund sitt yfir Ermarsund þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Benedikt fór í sjóinn rétt fyrir klukkan fimm í gærmorgun og hafði því synt í yfir 17 klukkustundir samfleytt. Fyrirfram var búist við því að sundið, sem er 32 kílómetra langt, myndi taka um 22 klst.

Benedikt lenti í töluverðum hremmingum í sundinu í gær og glímdi meðal annars við sjóveiki. Auk þess lenti hann í hörðum straumum skammt fyrir utan strönd Frakklands sem olli því að hann stóð nánast í stað í hátt í tvo tíma. - vfg

Yfirtaka Novators á Actavis:

Áttatíu prósent tekið tilboðinu

VIÐSKIPTI Áttatíu prósent hluthafa í Actavis hafa gengið að yfirtökutilboði Novators í fyrirtækið. Tilboðið rennur út klukkan fjögur í dag. Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Novators, segir viðtökur hafa verið góðar og býst við líflegum viðskiptum það sem eftir er dagsins.

Yfirtakan er sú stærsta í Kauphöllinni frá upphafi. Miðað við áttatíu prósent hluthafa nema viðskiptin vel yfir 140 milljörðum króna. Gangi níutíu prósent hluthafa að tilboðinu getur Novator þvingað þá sem eftir eru til að selja sína hluti, og náð þannig fullum yfirráðum. - sfs

24 hafa látið lífið í umsátrinu um Rauðu moskuna í Íslamabad:

Enn setið um mosku í Pakistan

PAKISTAN, AP 24 hafa látið lífið í umsátri pakistanska hersins um Rauðu moskuna í miðborg Íslamabad í Pakistan. Herinn hefur setið um moskuna síðan á miðvikudag eftir að hafa lent í skotbardögum við herskára bókstafstrúarmenn sem hafa hafist við í moskunni á þriðjudag. Pakistanskur hermaður lést í átökum við bókstafstrúarmennina á sunnudag.

Fylgismenn moskunnar vilja innleiða róttæka siðfræði í borginni sem líkist hugmyndafræði talibana en stjórn Pervez Musharraf forseta Pakistans er andsnúin því. Leiðtogi moskunnar,



BEIÐ Ættingjar kvenna sem hafast við í Rauðu moskunni í Íslamabad bíða eftir því að fá að hitta þær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Abdul Rashid Ghazi, hefur sagt að hann og menn hans muni frekar láta lífið en að gefast upp. Hann hefur sagt að um 18.000 manns séu ennþá inni í moskunni, en ekki

hefur verið hægt að staðfesta það. Það sem heldur aftur af leiðtogum pakistanska hersins er að konur og börn eru enn inni í moskunni og vilja þeir forðast að úthella blóði saklausra borgara. Musharraf forseti sagði á laugardag að Ghazi og menn hans yrðu allir drepnir ef þeir gæfust ekki upp en ekkert bendir enn til þess að það verði gert.

Ejaz ul-Haz, ráðherra trúarmála í Pakistan, segir að fylgismenn moskunnar séu hryðjuverkamenn sem grunaðir eru um alls kyns glæpi, meðal annars að hafa ætlað að myrða forsætisráðherra landsins, Shaukat Aziz. - ifv

Menntamál blindra og sjónskertra efla

Hlutfall blindra sem leita sér framhaldsmenntunar hefur ekki verið hátt. Kennara og fagfólk í málefnum blindra hefur skort mjög. Formaður Blindrafélagsins segir úrbætur í menntamálum blindra og sjónskertra nú loks í vændum.

MENTUN „Aðstæður blindra til náms hafa vægast sagt verið skelfilegar, nú er hins vegar mikill skriður kominn á málin,“ segir Bergvin Oddsson, formaður unglíðahreyfingar Blindrafélagsins. Stofnaður hefur verið Menntunarsjóður á vegum Blindrafélagsins og Blindravinafélags Íslands auk þess sem í undirbúningi er stofnun Þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda og sjónskerta sem miðar vel áfram.

Sjóðnum er ætlað að styrkja kennara og annað fagfólk til sérnáms sem tengist kennslu og þjónustu við blinda og sjónskerta. Mikil vöntun hefur verið á fólki sem hefur slíka þekkingu og segir Halldór Sævar Guðbergsson, formaður Blindrafélagsins, að miklar vonir séu bundnar við að þetta verði til að bæta úr því.

Halldór segir að helst vanti umferliskennara, það er þá sem kenna fólki á meðferð blindra-



SKREF FRAM Á VIÐ Halldór Sævar Guðbergsson, formaður Blindrafélagsins, og Helga Eysteinsdóttir, formaður Blindravinafélagsins, takast í hendur á myndinni en samtök þeirra lögðu hvort um sig tíu milljónir í sjóðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



BLINDRALETUR Um 140 börn sem hafa um og innan við 30 prósent sjón eru á skrá Blindrafélagsins. Fagfólk hefur vantað til að sinna þessum hóp. NORDICPHOTOS/AFP

stafsins, og adl-kennara sem kenna athafnir daglegs lífs. Á Sjónstöð Íslands sé nú starfandi einn kennari með slíka menntun en ef vel ætti að vera þyrftu þeir að vera um sjö talsins. Þá hafi kennara sem sinna blindum börnum vantað tilfinnanlega.

Um 140 börn með sjón um eða innan við 30 prósent eru nú á skrá hjá Blindrafélaginu. Bergvin segir að aðeins sé einn starfandi blindrakennari á landinu en hann sinni einu barni í Álfmáttarskóla. Einn kennsluráðgjafi var svo ráðinn í fyrra en honum er ætlað að veita kennurum landsins ráðgjöf í kennslu fyrir blinda nemendur. Bergvin segir það hafa verið bráðabirgðaúræði og hver maður sjái að ein manneskja geti ekki haft umsjón með kennslu allra

blindra og sjónskertra nema frá leikskóla- til háskólastigs.

Halldór segist vonast til þess að þekkingarmiðstöð, sem lengi hefur verið kallað eftir, verði komið á laggirnar innan skamms. Ljóst sé að skólar landsins eigi ekki allir eftir að hafa tök á því að ráða blindrakennara til sín og því sé þekkingarmiðstöð mikilvæg í framtíðinni. „Stór hluti okkar hóps hefur ekki sótt sér framhaldsmenntun, við vonum að sjóðurinn verði til þess að það breytist og fleiri blindir geti sótt sér menntun og fleira fagfólk í málefnum blindra taki til starfa,“ segir Halldór.

Sjóðurinn verður í vörslu Kennaraháskóla Íslands og verða styrkir úr honum veittir að minnsta kosti einu sinni á ári. karen@frettabladid.is

Óttuðust að finna fyrir lík: Lögregla kölluð til vegna táfýlu

ÞÝSKALAND Lögreglan í Kaiserslautern í Þýskalandi braust á dögnum inn í íbúð eftir að ábendingar um megná ólykt á stigaganginum höfðu borist frá nágrönnum. Þar sem gluggatjöld íbúðarinnar höfðu verið dregin fyrir í meira en viku og póstkassinn var fullur af blöðum óttuðust lögreglumenn helst að finna fyrir lík mannsins sem bjó í íbúðinni. Þetta kemur fram á vef fréttastofu Reuters.

Sú var ekki raunin, því maðurinn lá sofandi í rúmi sínu þegar lögreglan braut niður hurðina. Frá fótum hans lagði megná táfýlu. - sfs

Japanska jenið veikist hratt: Komið undir fimmtíu ára

GIALDMIDLAR Japanska jenið er komið undir fimmtíu ára í fyrsta skipti í tæp níu ár. Viðmiðunargengi jensins var 49,87 aurar hjá Seðlabanka Íslands á föstudaginn en gengi þess lækkaði þegar leið á daginn og var sölugengið komið í um 49,6 aura við lokun markaða.

Á þessu ári hefur krónan styrkst um sextán og hálf prósent gagnvart jeni á sama tíma og gengisvísitalan hefur styrkst um tólf prósent.

Jenið er vinsæl mynt við lántökur Íslendinga í erlendum myntum sökum þess hve lágir vextir eru í Japan. Styrking krónunnar frá áramótum hefur valdið töluverðum gengishagnaði þeirra sem skulda í erlendum lánum, sem skilar sér í lægri greiðslubyrði. - eþa

Engin fjölgun fæðinga í ár: Tvítöldu komur kvenna í sónar

HEILBRIGÐISMÁL Fæðingar verða ekki fimmtungi fleiri í ár en í fyrra, eins og talið hafði verið. Ástæða þess er að nýtt tölvakerfi Landspítalans taldi konur sem komu tvisvar í sónar sem tvær þungaðar konur og gaf því rangar upplýsingar um fjölda fæðinga.

Á fimmtudag höfðu átján færri börn fæst á Landspítalanum en á sama tíma árið 2006, að sögn Guðrúnar Eggertsdóttur, deildarstjóra fæðingardeilda. Mikil álag er þó á ljósmæðrum sjúkrahússins yfir sumarið.

„Það eru 36 ljósmæður á deildinni sem fara í fjögurra vikna frí, við getum ekki gefið þeim lengra frí,“ segir Guðrún. Ljósmæðurnar eiga rétt á fimm til sex vikna frí á sumrin, en þurfa að fresta hluta þess til haustsins. - sfg

Líkamsrásir, eldsvoðar og fíkniefni settu mark sitt á Írska daga á Akranesi:

Stríðsástand á tjaldsvæðinu

LÖGREGLUMÁL Mikil var um ólæti og ölvun á Írskum dögum á Akranesi um helgina og þá sérstaklega á tjaldsvæðinu við Kalmansvík, að sögn lögreglu. Hópur manna réðst að tveimur öryggismönnum á svæðinu og þurfti að flytja annan þeirra á sjúkrahús.

„Þetta var eins og stríðsástand,“ segir Elmar Björgvin Einarsson, sem býr nálægt tjaldstöðinu. „Gestirnir voru að ganga í húsinn og migandi utan í þau og bara með læti. Það voru slagsmál og kveiktir eldar úti á götu.“

Átta til níu hundruð manns gistu á tjaldsvæðinu og annað eins af Skagamönnum sótti hátíðina. 35 björgunarsveitarmenn sáu um gæslu og lögregla hafði stanslausa viðveru.

Einar segir að Skagamenn, jafnt og aðkomumenn hafi tekið þátt í ólátunum. „Það á bara að



FJARRI ÓSPEKTUNUM Sævar Benediktsson og Davíð Þór Jónsson tóku lagjöf á götugrilli á Reynigrund á föstudagskvöld, áður en mestu ólætin hófust. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRIKUR KRISTÓFERSSON

banna þetta á næsta ári, það er allt í lagi að hafa þessa fjölskylduhátíð, en það er allt of mikið af fólki sem kemur og er að senda SMS sín á milli og segja að það sé úthátíð uppi á Skaga. Þetta var ömurlegt.“

Fjöldi fíkniefnamála kom inn á

borð lögreglu og dvöldu á annan tug hátíðargesta í fangageymslum aðfaranótt sunnudags.

Níu manns voru teknir fyrir lyfjaakstur og þrjár fyrir ölvunarakstur. Nokkuð var um rýsingar og býst lögregla við kærnum fyrir líkamsrásir eftir helgi. - sfg

BÍLL DAGSINS

SAAB 9-7X 5.3 V8

Nýskr. 01.07 - Sjálfskiptur - Ekinn 6 þús. km.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.

AURIS

Nýtt upphaf



Auris - Nýtt upphaf. Ný Toyota.

Bíll er miklu meira en farartæki. Bíll er tákn um karakter, tákn um hvert þú ætlar þér, hvað þú stendur fyrir.

Toyota kynnir nýjan bíl, nýja tegund: Auris. Bíl sem er hannaður utan um þig og þína tilveru. Finndu hljóðláta snerpuna. Leyfðu honum að flytja þig þangað sem þú vilt. Leyfðu þér að skoða hann, reynsluaka. Þá stenstu ekki mátið.

Verð frá: 1.880.000 kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	61,31	61,61
Sterlingspund	123,23	123,83
Evra	83,32	83,78
Dönsk króna	11,195	11,261
Norsk króna	10,535	10,597
Sænsk króna	9,097	9,151
Japanskt jen	0,4972	0,5002
SDR	93,15	93,71

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
113,1922
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjögur þúsund manns voru gestir á árlegri hátíð í Vestmannaeyjum:

Mikil aðsókn að goslokahátíð í Eyjum

MANNAMÓT Hátíð í 4.000 gestir lögðu leið sína til Vestmannaeyja um helgina til að taka þátt í hinni árlegu goslokahátíð, sem orðin er að næststærstu ferðahelgi ársins í Eyjum fyrir utan sjálfa Þjóðhátíðina. Að sögn lögreglunnar í Vestmannaeyjum höguðu gestir hátíðarinnar sér almennt mjög vel þó svo að einhverjir smávægilegir þústrar hefðu átt sér stað aðfaranótt sunnudags.

Góður rómur var gerður að hátíðinni, bæði á meðal heimamanna og gesta, en veðrið lék við þá sem sóttu Vestmannaeyjar heim um helgina. Gestirými var nánast uppbókað og mikið álag

var á flutningsleiðum en að sögn bæjarstjórnar Elliða Vignissonar gekk allt gekk þó vel.

„Þetta var alveg yndisleg helgi og við erum mjög sátt með hvernig til tókst. Þessi gleði sem myndast í tengslum við gítar og lopapeysu er einstök og við erum strax farin að stefna á að gera enn betur á næsta ári,“ segir Elliði.

Hápunktur hátíðarinnar var í Skvísusundinu á laugardagskvöld þar sem ýmsar hljómsveitir og listamenn komu fram og spiluðu fram eftir nóttu.

HRESSING Boðið var upp á pylsur og kók í Skvísusundi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



SPRENGJUÁRÁS Í BAGDAD
Kona stendur á götu í Bagdad þar sem bílasprengja sprakk á sunnudag; sex létust.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannfall í Írak um helgina:

26 létust í árás-um í Bagdad

ÍRAK, AP 26 létust og fjölmargir særðust í nokkrum sprengjuárás-um í Bagdad í Írak í gær. Árásirnar urðu víðs vegar um borgina. Talið er að þetta sýni að hryðjuverkamenn geti enn gert árásir í Bagdad. Ofbeldi hefur minnkað í borginni að undanförunu eftir að Bandaríkjaher hóf mikla sókn gegn ofbeldismönnum.

Yfirvöld í Írak sögðu í gær að allt að 130 manns hefðu látist í sprengjuárás í bænum Armili norðan við Bagdad á laugardag. Það er eitt mesta mannfalið í einni árás í Írak í marga mánuði. - ifv

RÚSSLAND

Gögn um ofbeldi opinberuð
Ættingjar milljóna manna sem ríkisvaldið í Sovétríkjunum lét drepa eða sendi í Gúlagið mega nú sjá gögn um um afdrif þeirra. Yfirvöld í Rússlandi hafa opnað fyrir aðgang að gögnunum. Talið er að 20 milljónir manna hafi drepnir, látnir í fangelsi eða reknir úr landi í valdatíð Jósefs Stalíns.

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Nýr brunabíll í notkun
Slökkvilið Skaftárhrepps fékk nýjan brunabíl til afnota á þriðjudag og sótti varaslökkviliðsstjórnir hann á Selfoss þar sem hann var í notkun. Billinn sem var í notkun hafði gefið upp öndina á leið í útkall á dögnum, eins og greint var frá í Fréttablaðinu.

Sendiherra vill inngríp bæjarins í grannadeilu

Eiður Guðnason sendiherra segir yfirvöld í Garðabæ hafa ótakmarkað umburðarlyndi gagnvart bæjarstarfsmanni sem býr við hlið Eiðs og hann segir trassa lóðafrágang svo sandur berist inn í hús hans og skemmi þar gólfefni.

GARÐABÆR „Hver er ástæðan fyrir þessu næstum ótakmarkaða umburðarlyndi bæjarráðs gagnvart þessum starfsmanni bæjarins?“ spyr Eiður Guðnason sendiherra í bréfi til bæjarráðs Garðabæjar.

Ástæða skrifa Eiðs til bæjaryfirvalda í Garðabæ er lóðafrágangur nágretta sendiherrans í parhúsi við Bjarkarás. „Lóðin við húsið við hliðina á okkar er ófrágangin og þaðan berst sífellt sandur yfir bílastæðið við hús okkar og gengst þaðan inn og skemmir gólfefni,“ útskýrir Eiður ástandið fyrir bæjarráði.

Eiður bendir á að bærinn hafi ítrekað sent nágretta hans tilmæli um að ganga frá lóðinni en hann virt öll tilmæli að vettugi. „Og það sem furðulegra er, komist upp með það,“ skrifar Eiður og krefst svara um það hvað gerst hafi í málinu frá því byggingarfulltrúi vísaði málinu til bæjarráðs fyrir réttum þremur árum:



EIÐUR GUÐNASON
Er nú ræðis- maður Íslands í Færeyjum.

„Hafi ekkert gerst hlýtur það að vekja áleitnar spurningar um skilvirki stjórnslunnar í þessu fjölmenna bæjarfélagi,“ segir Eiður og bendir á að bærinn gæti bæði hafa beitt nágretta hans



BJARKARÁS 18 TIL 20 Sandur berst af ófráganginni lóð nágretta Eiðs Guðnasonar sendiherra og eyðileggur gólfefni í húsi hans.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

dagsektum og látið vinna verkið á hans kostnað. „Gilda ekki sömu reglur um hann og aðra íbúa bæjarfélagsins?“ spyr Eiður. „Hann er sá eini við götuna sem sýnt hefur þennan fádæma trassaskap og komist upp með.“

Nágrenni Eiðs, Guðjón J. Jensen, pípulagningameistari og starfsmaður Vatnsveitu Garðabæjar, hafnar því algerlega að sandur berist af lóð hans:

„Þetta er tómt rugl og óskaplega ósanngjarnt gagnvart mér,“ segir Guðjón. „Hjá mér að framanverðu er bara mól eins og hjá mörgum. En allt fina efnið úr mölinni er löngu fokið í burtu. Þessi sandur

var því ekki frá mér heldur var hrikalegt sandfok frá verktökum sem voru að vinna hinum megin við götuna í nokkra mánuði. Ástandið var með ólíkindum og það eru fleiri en ég til vitnis um það.“

Bæjarráð tók bréf Eiðs fyrir á þriðjudag og tók undir sjónarmið sendiherrans um ófullnægjandi lóðafrágang en lét hjá líða að svara spurningum hans um tregan framgang málsins. Byggingarfulltrúa var á hinn bóginn falið að vinna „skýrslu um frágang lóða og húsa í Áshavverfinu og eftir atvikum í öðrum hverfum“.

gar@frettabladid.is

Rektor Háskóla Íslands: Vill efla sjávarútvegsrannsóknir

MENNTUN Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, segir mikilvægt að efla rannsóknir í sjávarútvegi við háskólann.



KRISTÍN INGÓLFSSDÓTTIR

„Það hafa verið hugmyndir um að efla sérfræðipækkingu á þessu sviði innan skólans,“ segir Kristín.

„Fiskihagfræði er svið sem er mjög sterkt innan háskólans og líffræðirannsóknir líka,“ segir Kristín. „Við höfum mikinn áhuga á að styrkja þessi svið.“

Kristín segir að hugmyndir hafi verið uppi um að rannsóknir HÍ gefi sjálfstætt álit á sömu sviðum og Hafrannsóknastofnun. Raddir hafi verið uppi um þetta, án þess að það hafi verið nánar rætt. - sgr

Hróarskelduhátíðin:

1.200 bílar fastir í drullunni

DANMÖRK Þeir gestir sem mættu á eigin bifreið á Hróarskelduhátíðina í Danmörku þurftu flestir að finna aðrar leiðir til að komast til síns heima, en stór hluti þeirra bifreiða sem lagt hafði verið á aðalbílastæði tónleikasvæðisins sat fastur í drullusvaðinu sem myndast hefur í rigningunum síðustu daga. Í sumum tilvikum náði aurinn upp að gluggum bifreiðanna.

Um kvöldmatarleytið í gærkvöld hafði verið búið að losa 500 af þeim rúmlega 1.200 bifreiðum sem fastar voru. Búið var við því að það yrði ekki fyrir en eftir miðnætti sem búið væri að draga alla bílana úr drullunni. - vig

www.oryggi.is

Prófaðu Heimaöryggi í tvo mánuði í sumar – ókeypis!

Engin krafa er gerð um framhaldsviðskipti, gríptu því tækifærið núna. Tilboðið gildir til 15. júlí og er í boði á þeim þéttbýlisstöðum landsins þar sem Öryggismiðstöðin hefur þjónustuaðila og sinnir útkallsþjónustu.

Hringdu í **530 2400** og kynntu þér málið!

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

» miðvikudagur

Kaupmannahöfn	19°C hálfskýjað	London	18°C skúrir	Eindhoven	20°C rigning
Billund	19°C léttskýjað	Paris	19°C skúrir	Basel	17°C skúrir
Oslo	18°C skúrir	Frankfurt	21°C skúrir	Alicante	29°C léttskýjað
Stokkhólmur	17°C skúrir	Friedrichshafen	17°C skúrir	Róm	28°C heiðskýrt
Gautaborg	18°C skúrir	Berlin	21°C rigning	Las Palmas	23°C heiðskýrt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




KYRON



Glæsileg og sérlega þægileg innrétting



Byggður á grind með hátt og lágt drif



Dísil vél tog 310 Nm, Sjálfskiptur.

Alvöru dísil jeppi fyrir íslenskar aðstæður



Hinn nýi KYRON er fullvaxinn jeppi með **hátt og lágt drif**, byggður á grind og er stærrí en ætla má við fyrstu sýn. Tækninýjungar eru fjölmargar og skila sér í **einstakri nýtingu á afli** og **frábærum aksturseginnleikum**. Sjón er sögu ríkari - komdu til okkar á Tangarhöfðann, þú verður ekki fyrir vonbrigðum með þetta vel varðveitta leyndarmál. **Þú gerir einfaldlega ekki betri kaup í jeppa í dag!**

Hluti staðalbúnaðar:			
Dísil Túrbó Intercooler	Loftkæling	Cruise Control	Áfelgur og 31" Toyo dekk
5 Gíra sjálfskipting SideTronic	Sjálfvirkt miðstöð	Litaðar rúður	Leður stýri



www.benni.is

Tangarhöfða 8-12
112 Reykjavík
Sími 590 2000

KJÖRKASSINN



Horfðir þú á Live Earth tónleikana?

Já 28%

Nei 72%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú séð Mýrina?

Segðu skoðun þína á vísir.is



SYLVÍA Um er að ræða 30 tonna eikar-bát sem byggður var árið 1976 og getur tekið á móti 60 gestum.

Hvalaskoðun á Húsavík:

Nýr bátur tekinn í notkun

HVALASKOÐUN „Miðað við aðsóknina það sem af er sumri mun þessi nýi bátur koma sér afar vel,“ segir Stefán Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gentle Giants – Hvalaferðir á Húsavík, en í gær var þar tekin í notkun nýr hvalaskoðunarbátur, Sylvía, sem rúmar 60 farþega.

„Sumarið hefur farið gríðarlega vel af stað og við sjáum aukningu í komu erlendra sem og innlendra ferðamanna. Síðan hafa hvalirnir aldrei verið eins sjáanlegir og nú og því eru gestir almennt mjög ánægðir,“ segir Stefán. Sylvía er þriðji báturinn sem fyrirtækið eignast.

- vig

REYKJAVÍK

Skemmd heitavatnslögn

Íbúar í nágrenni Eyrarlands í Fossvogi voru heitavatnslausir stærstan hluta gærdagsins eftir að leki kom að einni af lögnum dælustöðvar OR í gærmorgun. Viðgerð lauk um klukkan níu í gærkvöldi.

Fréttaskýring Morgunblaðsins sögð rakalaus þvættingur heimildamanna:

Mótmæla ásökunum um kvótasvindl

SJÁVARÚTVEGUR Útvegsbændur í Vestmannaeyjum mótmæla harðlega órókstuddum aðdróttunum Morgunblaðsins um kvótasvindl í útflutningi á fiski. Í fréttaskýringu er vegið að starfsheidi þeirra, og við slíkt verður ekki unað. Þetta segir í tilkynningu sem Útvegsbændafélag Vestmannaeyja sendi frá sér í gær.

Á miðvikudaginn var skrifaði Agnes Bragadóttir, blaðamaður Morgunblaðsins, fréttaskýringu með yfirskriftinni „Ferskur þorskur fluttur út í gámum undir fölsku flaggi.“ Þar er meðal annars gefið í skyn að útvegsmenn stundi stórfellt kvótasvindl með því að skrá þorskur

undir öðrum nöfnum þegar hann er settur í gáma.

„Þarna fara ónafngreindir heimildamenn með rakalaus þvætting,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, formaður Útvegsbændafélags Vestmannaeyja. „Með því að saka útflutjendur um þjófnað er verið að segja að hér búi eintómur glæpamenn, því Vestmannaeyjar standa fyrir um þriðjungi alls útflutnings á ísfiski.“

Í tilkynningunni eru fréttamenn hvattir til að heimsækja Vestmannaeyjar fyrirvaralaust og fylgjast með löndun úr fiskiskipum. Einnig er fréttamönnum boðið að skoða gáma og pappíra í Bretlandi og



FISKUR Útvegsbændafélag Vestmannaeyja býður blaða- og fréttamönnum að koma fyrirvaralaust í heimsókn og fylgjast með löndun úr fiskiskipum.

Þýskalandi, í samvinnu við Fiskistofu.

- sps

Ríkisstjórnin í Ísrael:

Sleppir 250 Palestínunöfnum

JERÚSALEM, AP Ísraelska ríkisstjórnin ákvað í gær að sleppa 250 palestínskum föngum sem þeir hafa í haldi. Ákvörðunin er nýjasta útskil ríkisstjórnarinnar til að styrkja stöðu Mahmoud Abbas, forseta Palestínu, í þeim deilum sem hann hefur átt í við Hamas-samtökin.

Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísrael, ákvað að sleppa föngunum fyrir tveimur vikum þegar hann fundaði með Abbas. Ekki hefur verið ákveðið hvaða föngum verður sleppt en um tíu þúsund Palestínunöfnum eru í haldi Ísraelsmanna.

- ifv

Greindarvísitala eldri systkina mælist hærrí en þeirra yngri

Munur á gáfum er ekki mikill en þó marktækur að sögn norskra vísindamanna sem rannsökuðu 250.000 karlmenn. Niðurstöðurnar benda til að félagsleg staða í systkinahópnum skýri muninn frekar en líffræðileg staða.

VÍSINDI Barn sem elst upp sem elsta systkinið í hópnum er líklegur til að vera með hærri greindarvísitölu heldur en systkini sín samkvæmt norskrum rannsóknum.

Elstu systkini og börn sem hafa misst eldri systkin og því alin upp sem elstu systkin fengu almennt hærrí einkunn á gáfnaprófi sem vísindamenn lögðu fyrir meira en 250.000 norska karlkyns hermenn. Greint var frá niðurstöðum rannsóknarinnar í hinu virta vísindatímariti Science.

Stuðningsmenn kenningarinnar um að elsta systkini sé gáfaðast vísa oft í þá mögulegu orsök að það fái óskiptari athygli foreldra frá fæðingu. Aðrir halda því fram að líffræðileg orsök liggja að baki sem komi fram á fósturstigi vegna þess að með hverri óléttu sem fylgi í kjölfar fyrri óléttu framleiði móðirin meira af mótefni sem geti ráðist á heila fóstursins.

Petter Kristensen, prófessor við stofnun hefur eftirlit með heilbrigði á vinnustöðum í Noregi, og Tor Bjerkedal, hjá lækniþjónustu norska hersins, sögðu að þótt munur á gáfum hafi ekki mælist mikill á milli systkina hafi hann verið marktækur.

Niðurstöður rannsóknarinnar bentu einnig til að munurinn stafaði af félagslegum þáttum frekar en líffræðilegum. Því til stuðnings sýndu systkini, sem voru þriðju í röðinni en misstu elsta systkinið sitt mjög ung, svipað gáfnastig og „upprunaleg“ næstelstu systkini.



ÖLL JAFNGÖMUL Fimmburur þurfa líklega ekki að hafa jafn miklar áhyggjur af gáfnamun og önnur systkini miðað við rannsóknina.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Við fundum út að það er félagsleg staða systkinis og ekki líffræðileg staða sem skiptir máli,“ sagði Kristensen.

Frank Sulloway, sem starfar við persónuleika- og félagsfræðirannsóknir við Kaliforníuháskóla, hefur rannsakað hvernig uppeldi hefur áhrif á persónuleika og gáfnafar. Hann telur að hærri greindarvísitala hjá elstu syst-

kinum skýrist að hluta til af því að þau kenna og leiðbeina yngri systkinum sínum. „Og þar að auki þá getur tilhneiging elstu systkina til að vera staðgengill foreldris og að taka að sér að vera samviskusama, agaða og þroskaða systkinið einnig útskýrt af hverju elstu systkini hafa hærri greindarvísitölu.“

sdg@frettabladid.is

Hentugt við grillið

einnota borðbúnaður á tilboðsverði

Tilboðið gildir út júlí 2007 eða meðan birgðir endast.

Snæbjörn Árnason, sölumaður hjá RV

Á tilboði í júlí 2007
Plasthnífapör, pappadiskar og plastglós

446 kr.

Pappadiskar 18cm, 100stk (10ík)

356 kr.

Pappadiskar djúpír 19cm, 50stk (20ík)

296 kr.

Pappadiskar 23cm, 50stk (20ík)

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 Rekstrarvörur ára 1982-2007

Mikil aðsókn í söfn víðs vegar á landinu í tilefni íslenska safnadagsins :

Safnastarfið er í miklum blóma

SAFNASTARF Þúsundir landsmanna lögðu leið sína í söfn landsins í gær þegar íslenski safnadagurinn var haldinn hátíðlegur um allt land. Flest söfn landsins héldu upp á daginn með því að hleypa gestum inn endurgjalds-laust og var víða boðið upp á fjölbreytta dagskrá. Þemað á safnadeginum í gær var „Fyrir fjölskylduna“ og segir Rakel Halldórsdóttir, framkvæmdastjóra Safnaráðs, að söfn lands-

ins stíli æ meira inn á heilu fjölskyldurnar í starfi sínu.

„Safnastarf hér á landi er í miklum blóma og í alþjóðlegu samhengi erum við einnig að gera vel. Íslensk söfn hafa fengið alþjóðlegar viðurkenningar fyrir sýningar sínar og starfið verður sífellt faglegra,“ segir Rakel en alls eru 75 söfn af ýmsu tagi starfrækt hér á landi. Samkvæmt tölum Hagstofunnar hefur aðsókn á söfnum vaxið mikið síðustu tíu

árin. „Það er ekki spurning að áhugi almennings á menningararfinum er að aukast,“ segir Rakel.

Markmiðið með íslenska safnadeginum er að vekja fólk til vitundar um mikilvægi faglegrar varðveislu hinna sameiginlegu verðmæta þjóðarinnar og jafnframt um þá einstöku leið til lifandi þekkingar afþreyingar fyrir alla, sem stofnanir í safnastarfi ástunda.

- vig



LÍF OG FJÖR Í ÁRBÆJARSAFNI Rúmlega 2.500 manns lögðu leið sína í Árbæjarsafnið í gær þar sem mikið var um dýrðir í tilefni dagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigur



Besti árangur frá upphafi

Morgundagurinn tilheyrir þeim sem æfir sig í dag. Það kom vel í ljós á 25. Landsmóti UMFÍ, einu glæsilegasta Landsmóti frá upphafi, sem lauk nú um helgina. Þar var saman komið fólk á öllum aldri, fullt af sigurvilja og metnaði. Eftir fjögurra daga keppni situr eftir sú fullvissa að allir sem náðu

árangri á mótinu geti þakkað það markvissum undirbúningi, einbeitingu og persónulegum styrk - þið eruð öll sannir sigurvegarar.

Toyota óskar UMFÍ, keppendum og gestum Landsmótsins til hamingju með árangurinn og skemmtunina.



TOYOTA



1. Hvaða dýr hafa tekið sér bólfestu í bakgarði fjölskyldu í Ólafsvík?

2. Í hvaða spænsku borg er hið árlega nautahlaup sem fram fór um helgina haldið?

3. Argentínski knattspyrnumaðurinn Carlos Tevez er við það að semja við Man. Utd. Frá hvaða liði kemur Tevez?

SVÖRIN ERU Á Síðu 34



KREDITKORT Níu af tólf ráðherra hafa kreditkort frá ráðuneytum sínum.

Ekki skylt að afhenda gögn: **Beiðni um kreditkortareikninga ráðherra hafnað**

STJÓRN MÁL Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur staðfest ákvörðun níu ráðuneyta, sem synjuðu Fréttablaðinu um aðgang að yfirlitum kreditkorta ráðherra vegna ársins 2006.

Óskað var eftir slíkum yfirlitum frá öllum ráðuneytum. Níu ráðuneyti höfnuðu því að veita upplýsingarnar. Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og samgönguráðuneytinu fengust þau svör að ráðherrar notuðu ekki kreditkort frá þessum ráðuneytum.

Í úrskurði úrskurðarnefndarinnar segir að stjórnvaldi sé ekki skylt að taka saman gögn úr bókhaldi né afhenda slík gögn nema þau séu hluti af gögnum sem varði tiltekið mál sem stjórnvaldið hafi tekið til meðferðar.

Ráðuneytin staðhæfðu að engin skjöl sem vörðuðu fyrirspurnina hefðu verið unnin upp úr bókhaldi, ekki einu sinni mánaðarleg yfirlit yfir notkunina.

Sarkozy Frakklandsforseti:

Ætlar ekki að náða fangana

PARÍS, AP Nicholas Sarkozy, forseti Frakklands, ætlar ekki að náða þúsundir franska fanga á Bastilludaginn, þann 14. júlí, eins og Jacques Chirac og aðrir fyrirrennarar hans á forsetastóli gerðu.

Forsetar Frakklands hafa gert þetta í gegnum tíðina



NICHOLAS SARKOZY

vegna þess að frönsk fangelsi eru ofsetin. 61 þúsund manns eru í fangelsum í Frakklandi en þau voru byggð til að hýsa 50 þúsund.

Sarkozy telur að slíkar fjöldanáðanir séu ekki rétta aðferðin til að stjórna fangelsum landsins. Forsetinn sagði hins vegar að hann myndi náða einstaka fanga í sérstökum tilfellum og af manúðarstæðum.

-ifv

BRETLAND

Fimmtán ára barátta

Sir Alan West, hinn ný varnarmálaráðherra Breta, segir að barátta stjórnvalda við hryðjuverkaógnina sem steðjar að landinu geti tekið allt að fimmtán ár. West segir að Bretland hafi aldrei staðið frammi fyrir slíkri ógn áður og að taka þurfi á henni á annan hátt en gert hefur verið.

Flugmenn eru ósáttir við uppsagnir Icelandair og ráðningar erlendra flugmanna:

Flugmenn vonast eftir lendingu

VINNUMARKAÐUR Icelandair hefur sagt upp ellefu atvinnuflugmönnum og 24 sem ráðnir voru til sumarafleysinga. Á sama tíma hafa verið ráðnir erlendir flugmenn í gegnum áhafnaleigur til Latcher, dótturfélags fyrirtækisins í Eistlandi, að því er fram kemur í fréttabréfi Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

Jóhannes Bjarni Guðmundsson, formaður félagsins, segir kjarasamninga kveða á um að flugmenn Icelandair njóti forgangs til vinnu hjá félaginu. Skilningur félagsins sé sá að það gildi einnig um dótturfélög Icelandair.

„Þess vegna er óréttlátt að



ICELANDAIR Sagði upp íslenskum atvinnuflugmönnum á meðan dótturfélagið réð aðra.

okkar menn missi vinnuna á meðan verkefni eru í gangi á vegum félagsins sem þeir gætu

hæglega sinnt,“ segir Jóhannes.

Latcher notast við sams konar flugvélar og Icelandair og Loftleiðir, B-767, sem íslenskir flugmenn eru vanir að fljúga.

Jóhannes segir uppsagnir af þessu tagi vera árstíðabundnar þar sem ferðir eru færri yfir vetrarmánuðina. Hins vegar sé stefnubreyting Icelandair óásættanleg.

Jóhannes fundaði með forsvarmönnum Icelandair í gærkvöldi og sagðist vonast til að landing næðist í dag, sem hægt yrði að kynna fyrir fundi Félags íslenskra atvinnuflugmanna í kvöld.

-sgj

Vopnlaust bankarán:

Rændi banka dulbúinn sem tré

BANDARÍKIN Lögregla leitast manns sem rændi banka dulbúinn sem tré í Manchester í New Hampshire-ríki á laugardag. Þetta kemur fram á vefnum wbtv.com.

Lögreglan segir að maðurinn hafi fest á sig trjágreinar með einangrunarlimbandi, gengið inn í banka og heimtað peninga. Undir greinum var maðurinn í bláum bol, bláum buxum og með þykk gleraugu.

Enginn meiddist í ráðinu og engin vopn voru notuð, að sögn lögreglu. Ekki er vitað hvað trjáræningjann tókst að komast undan með mikið fé.

-sgj



CHICHEN ITZA

Fólk sést hér fagna innilega fyrir framan stallapyramída sem er hluti af rústum Maya-borgarinnar Chichen Itza í Suður-Mexíkó. Mannvirkið er eitt af hinum nýju sjö undur veraldar sem kynnt voru í Lissabon á laugardag.

Ný sjö undur veraldar

Niðurstöðurnar voru kynntar á laugardaginn. Um 100 milljón atkvæði voru greidd. Þrjú af þeim eru í S-Ameríku. Pýramídarnir í Gísa áttu öruggt sæti því þeir eru einu mannvirkin sem voru í hópi upphaflegu undrana.

LISSABON, AP Kínamúrinn, Kólosseum í Róm og Macchu Picchu í Perú voru meðal þeirra sjö mannvirkja sem valin voru í kosningum um hin nýju sjö undur veraldar. Úrslitin voru kynnt á fótboltaleikvanginum í Lissabon í Portúgal á laugardaginn að viðstöddum 50 þúsund manns. Hin mannvirkin fjögur sem voru efst í kosningunum voru Petra í Jórdaníu, Macchu Picchu í Perú, Kristsstyttan í Rio de Janeiro og Chichen Itza í Mexíkó.

Um 100 milljón atkvæði voru greidd í kosningunum sem hófust árið 1999. Hugmyndina að kosningunum fékk svissneski ævintýramaðurinn Bernard Weber. Upphaflega bárust nærri tvö hundruð tilnefningar en listinn var stytur niður í 21 í upphafi árs 2006. Fólk gat greitt atkvæði á internetinu og með SMS-skilaboðum. Samtökin sem stóðu fyrir kosningunum, New7Wonders, sögðu eftir úrslit lágu fyrir að ekki væri nein örugg leið til að tryggja að fólk greiddi ekki atkvæði oftar en einu sinni.

Ekki var hægt að kjósa pýramídana í Gísa í Egyptalandi – einu mannvirkin sem enn standa uppi sem voru í hópi hinna upphaflegu sjö undra veraldar – því egypskir embættismenn sögðu að það væri skömm að þeir þyrftu að taka þátt í kosningunum. Pýramídarnir áttu því öruggt sæti á listanum.

Hin upphaflegu sjö undur veraldar voru öll á svæðinu í kringum Miðjarðarhafið eða í Miðaustur-



KÍNAMÚRINN



KÓLOSSEUM



KRISTSTYTTAN Í RÍÓ



PETRA Í JÓRDANÍU



TAJ MAHAL



MACCHU PICCHU

ingifrey@frettabladid.is

SAMSUNG

kæli- og frystiskápar



RSEB8JPUS - Stál

Hæð 187,4 | Breidd: 94 | Dýpt: 67,8
kæli er 296 l og frystir 199 l alls 495.

Orkunotkun 529 kwh á ári. **399.000,-**

NÝ TÆKNI

SILVER NANO

sem drepur bakteríur

Lengir **líftíma matvæla**
í kæliþárum

og varnar því að það komi lykt úr þeim ef þeir
standa tómir og ekki í notkun.

Silfur Nano er silfur í örllitlu magni „nano stærð. Því er blandað út í plastið og fær plastið örllitlu bláan blæ við það. Silfur hefur þann eiginleika að drepa bakteríur. Í kæliþárum er þetta ætlað til að matur skemmist síður. Einnig er í öllum „Amerískum“ Samsung kæliþárum tvö kælikerfi þannig að frostu og þurru lofti er ekki dælt úr frystinum í kælinn, eins og hjá flestum öðrum framleiðendum, heldur tekur kæliþápurinn ferskt loft að utan til kælingar. Með þessu þornar maturinn síður í skápnum og ávextir og grænmeti verður ekki fyrir frost skemmdum.

RS21DGUS - Burstað stál

Burstað stál með vatni og klaka. Sér kælikerfi fyrir kæli og sér í frysti. Kæli 346 l og frystir 186 l eða alls 532 l. Orkunotkun 520 kwh á ári.

Tilboð

219.900,-



Stál - kámfrír

SAMSUNG

Kynntu þér
SILVER NANO

Skápur til innbyggingar

Rústfrítt stál

SAMSUNG



RS21KCSM

Lakkað Stál

Kæli og frystir
176 x 91 x 72 cm
tvö kælikerfi og
klakavél og kælt vatn.
Sér kælihölf í skápnum
til að afþýða eða
hraðkæla.

Kæli 334 l og frystir 186
l alls 520 l. Orkunotkun
538 kwh á ári.

229.900,-



RS21DNSM

Lakkað Stál

Kæli og frystir 176
x 91 x 72 cm tvö
kælikerfi og
klakavél og kælt
vatn. Kæli 346 l og
frystir 186 l eða alls
532 l. Orkunotkun
520 kwh á ári.

209.900,-



RS21KLSR - Stál

Kæli og frystir 176 x 91 x 72 cm
tvö kælikerfi og klakavél og
kælt vatn. Sér kælihölf í
skápnum til að afþýða eða
hraðkæla. Kæli 334 l og frystir
186 l alls 520 l.

Orkunotkun 538 kwh á ári.
299.900,-

Dyrnar

að þínum draumum

Hvítir kæliþárum

SAMSUNG

SAMSUNG

RL39WBMS - Stál lakkað

192 cm á hæð kæli og frystir og með vatns
tank fyrir kalt vatn. Kæli 241 l og
frystir 104 eða alls 345 l. Orku-
notkun er 404 kwh á ári.

99.990,-

RL36EBSW

Hvítur

182 cm á hæð
kæli og frystir.
Kæli 221 l og frystir
104 l. Orkunotkun
394 kwh á ári.

79.990,-

RL39WBSW - Hvítur

192 cm á hæð kæli og frystir
og með vatns tank fyrir kalt
vatn. Kæli 241 l og frystir
104 eða alls 345 l.
Orkunotkun er 404 kwh
á ári.

89.990,-

RL39EBSM

Stál lakkaður

192 cm á hæð, kæli og
frystir. Kæli 246 l og frystir 104 l.
Orkunotkun 404 kwh á ári.

89.990,-

RS21DASV Hvítt
Kæli og frystir 176 x 91 x 72 cm tvö kælikerfi
og klakavél og kælt vatn. Kæli 346 l og frystir
186 l eða alls 532 l. Orkunotkun 520 kwh á ári.

189.900,-



RS21NASV

Hvítt
Kæli og frystir 176 x 91 x 72 cm tvö
kælikerfi og LCD stjórnborð. Kæli 346
l og frystir 211 l eða alls 557 l.
Orkunotkun 520 kwh á ári.

139.900,-



RS21FASV Hvítt
Kæli og frystir 176 x 91 x 72 cm tvö kælikerfi
og klakavél og kælt vatn. Kæli 334 l og frystir
186 l alls 520 l. Orkunotkun 538 kwh á ári.

199.900,-

11

ORMSSON VERSLANIR

ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	MODEL	BÓKABÚÐIN	ORMSSON
LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800	SMÁRALIND SÍMI 530 2900	KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	AKRANESI SÍMI 431 3333	HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	RADIONAUST AKUREYRI SÍMI 461 5000
ÁRVIRKINN SELFOSSI SÍMI 480 1160	ÞRISTUR ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	VÍK NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900	VÍK REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477	VÍK EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	

ORMSSON

ormsson.is

imago 1 03010701

Er hárið farið að grána og þynnast? Þá er Grecian 2000 hárfroðan lausnin!



Þú þværð hárið, þurrkar, berð froðuna í, greiðir og hárið nær sínum eðlilega lit á ný, þykkar og fær frískari blæ.

Ath! - leiðbeiningar á íslensku fylgja

Grecian 2000 hárfroðan fæst hjá:

- Lyfju Lágmúla
- Lyfju Smáralind
- Árbæjar Apóteki
- Lyfjaval Apótek, Mjódd
- Hársnyrtistofunni Hár, Hjallahr.13, Hafnarf.
- Rakarastofunni Klapparstíg
- Rakarast. Ágústur og Garðars, Suðurlandsbr.10
- Rakarast. Gríms, Grímsbæ
- Rakarast. Ragnars, Akureyri
- Torfa Geirmunds, Hverfisg. 117

Einnig í Hagkaupsverslunum

Arni Scheving síf. - Heildverslun
sími 897 7030

Sumartilboð Vildarþjónustunnar

25%

afsláttur hjá öllum Fosshótelum

www.spar.is

FOSSHÓTEL

Vínalegr um allt land



SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta



Orkuveita
Reykjavíkur

Íslenska flóran í Elliðaárdal

Orkuveitan efnir til göngu- og fræðsluferðar um Elliðaárdal undir leiðsögn Guðríðar Helgadóttur, líffræðings, þriðjuddagskvöldið 10. júlí. Skoðað verður margbreytilegt gróðurfar í dalnum, blómplöntur og byrkningar. Þátttakendur eru hvattir til að hafa með sér

stækkunargler. Gangan hefst kl. 19:30 við Minjasafnið í Elliðaárdal.



Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

www.or.is

5125050
Auglýsingafni

Kettir hafa líka slæm áhrif á fólk sem er ekki með ofnæmi fyrir þeim:

Ofnæmisviðbrögð vegna katta algeng

VÍSINDI Rannsókn vísindamanna við The Imperial College í Lundúnum sýnir að ekki aðeins þeir sem hafa ofnæmi fyrir köttum sýni við þeim ofnæmisviðbrögð sem líkjast astma á byrjunarstigi.

Susan Chinn, einn af vísindamönnum, tjáir fréttavef BBC að þessi niðurstaða bendi til þess að það gæti komið sér vel fyrir marga sem ekki hafa kattaofnæmi að komast sjaldnar í snertingu við þá.

Vísindamennirnir rannsökuðu tæplega tvö þúsund manns og heimili þeirra víðs vegar um Evrópu. Þeir tóku blóðsýni úr



KÖTTUR Fleiri en þeir sem hafa ofnæmi fyrir köttum sýna ofnæmisviðbrögð við þeim.

fólkinu til að leita að mótefnum sem kallast IgE sem eru merki um ýmis ofnæmisviðbrögð. Einnig tóku þeir ryksýni af

heimilum fólksins og leituðu að rykmaurum í þeim og efnum sem valda til dæmis katta- og frjókornaofnæmi. Niðurstaðan í rannsókninni var sú að fjórðungur þátttakendanna sýndi ofnæmisviðbrögð við efnum sem valda kattaofnæmi, einkum öndunartruflanir. En einungis fimmtán prósent þeirra manna sem voru rannsakaðir eru strangt til tekið með ofnæmi fyrir köttum.

Að mati Chinn er þetta áhugavert vegna þess að ekki var búist við því að fólk sem ekki hefur kattaofnæmi myndi sýna ofnæmisviðbrögð við þeim.

- ifv

Stöðva þarf ríkisstyrktan landbúnað

J. Brian Atwood, sérfræðingur í þróunarmálum, segir ríkisstyrktan landbúnað á Vesturlöndum hindra þróun fátækari ríkja heimsins. Hann hélt erindi í utanríkisráðuneytinu í vikunni. Ráðherra vill endurskoða lagaramma þróunarmála.

ÞRÓUNARMÁL „Það er einföld staðreynd að við höldum ekki í við ört stækkandi vandamál.“ Þetta segir J. Brian Atwood, einn helsti sérfræðingur Bandaríkjanna í þróunarmálum. Hann hélt erindi á fjölmennum fundi í utanríkisráðuneytinu á fimmtudag.

„Vesturlöndin til samans styrkja landbúnað í þróunarlöndunum um einn milljarð dala á ári,“ segir Atwood. „En þessi lönd eyða sömu upphæð daglega í að niðurgreiða eigin landbúnaðarframleiðslu.“

Að sögn Atwood er ómögulegt fyrir þróunarríkin að keppa við niðurgreiddar vestrænar landbúnaðarvörur. „Ég mæli með að þessar niðurgreiðslur verði stöðvaðar,“ segir Atwood. „Fjárframlög til þróunarmála er bara einn þáttur þróunaraðstoðar, en þeir eru fleiri, meðal annars viðskipti og fjármögnun.“

Atwood varð tíðrætt um fátækt í heiminum og sagði hana ástand sem ekki mætti hunska.

„Við sem höfum þau forréttindi að hafa alist upp á Vesturlöndum þurfum að láta okkur fátækt í heiminum varða,“ sagði Atwood. „Hryðjuverkaógnin og hlýnun loftslags eru hættur sem eru afleiðingar fátæktar í heiminum.“

Atwood segir mikil tengsl milli fátæktar og ofbeldis í heiminum.



SÉRFRÆÐINGUR Í ÞRÓUNARMÁLUM Atwood, sem er hér fyrir miðju, slær á léttu strengi með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra og Skúla Helgasyni, framkvæmdastjóra Samfylkingarinnar og formanni Hollvínasamtaka Minnesotaháskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Leiðtogar hryðjuverkaþópa nýta sér fátækt fólks til að fá það til fylgis við málstað. Við getum litið á fátækt sem þjóðaröryggismál.“

Atwood var gagnrýnn á ríkisstjórn Bandaríkjanna í erindi sínu og sagði jafnframt misskiptingu auðs vera orðið gríðarlegt vandamál í heiminum.

Fundurinn er liður í að opna

fyrir samræður milli ráðuneytisins og þeirra sem hafa áhuga, þekkingu og reynslu á utanríkis- málum, að sögn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur ráðherra.

Ráðherra segir það vera forgangsverkefni ráðuneytisins að endurbæta lagaramma og skipulag þróunarmála á Íslandi. „Þróunarsamvinnustofnun býr við gömul lög frá 1981 og það segir sig sjálft að það er alltof gamall lagarammi fyrir þennan mikilvæga málaflokk,“ segir Ingibjörg.

J. Brian Atwood var yfirmaður Þróunarstofnunar Bandaríkjanna, US-AID, í forsetatíð Bills Clintons og fulltrúi Bandaríkjanna í Brahimi-nefndinni sem fjallaði um friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna. Hann kennir einnig við Minnesotaháskóla.

Talið er að hann hefði orðið fulltrúi Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum hefði John Kerry náð kjöri til forseta Bandaríkjanna árið 2004.

steyndor@frettabladid.is

HVAÐ GETUR ÍSLAND GERT?

„Ísland er lítið, en áhrifamikið land. Íslendingar þurfa að skoða þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna og skoða hver þessara markmiða Ísland getur stutt við umfram aðra,“ segir J. Brian Atwood.

„Ísland er með góða heilbrigðisþjónustu og Íslendingar eru meðvitaðir um umhverfismál. Á þessum sviðum getið þið lagt ykkar af mörkum.“

Þið ættuð að hugsa um hvað er sérstakt við Ísland. Mörg lönd í Afríku hafa frumstæðan sjávarútveg og þið gætuð hjálpað þeim með því að deila með þeim tækni. Ísland getur

einnig hjálpað til í baráttunni gegn hlýnun jarðar. Þið getið deilt tækni og þekkingu með þróunarlöndum um hvernig má spara orku.

Þið getið einnig lagt ykkar af mörkum til að efla mannaúðinn. Menntun er nauðsynleg í þessum löndum og stofnanir ykkar og einka-fyrirtæki geta hjálpað til við að deila þessari þekkingu.

Þið getið gert það sem Norðurlöndin hafa gert, að velja eitt þróunarland til að vinna með og stofna sendiráð þar, sem starfar aðallega að þróunarmálum.“

Iðnaðarmenn láti athuga hvort þeir séu að vinna með asbest:

Vita oft ekki af asbestryki

IÐNAÐUR Líkur eru á því að margir iðnaðarmenn séu að vinna í asbestryki án þess að þeir geri sér grein fyrir því. Asbest getur valdið krabbameini í lungum og víðar. Asbest var mikið notað við byggingu húsa á árunum 1950 til 1980.

Jóhannes Helgason, verkefnastjóri hjá Vinnueftirlitinum, vill brýna fyrir iðnaðarmönnum að vera meðvitaðir um þessa hættu. „Þrjátíu ár eru síðan hætt var að



JÓHANNES HELGASON

lægja asbest úr byggingum eða öðrum stöðum.“

Greint var frá því í Fréttablaðinu fyrir skömmu að menn hefðu unnið án hlífðarfata í asbestryki. Jóhannes segist ekki vita um fleiri dæmi lík þessu. Hins vegar sé líklegt að þetta hafi oftast gerst.

Erfitt getur verið fyrir iðnaðarmenn að sjá að þeir séu að vinna með asbest. Vinnueftirlitið er reglulega með réttindanámsskið fyrir þá sem vinna við niðurrif á asbesti. - pal

Tvö umferðaróhöpp:

Beltin björguðu

SLYS Tvö umferðaróhöpp urðu í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi í gær.

Frönsk fjölskylda velti Suzuki Grand Vitara bílaleigubíl sínum á Vatnsnesi á hádegi í gær. Fjórir voru í bílnum og olli líklega vankunnátta á aðstæðum slysinu, að sögn lögreglu. Þakka má bílbeltinum að ekki fór verr, en bíllinn er mikið skemmdur.

Um tvö leytið keyrði karlmaður á handrið gamallar brúar í Blöndudal. Áreksturinn var harður og bíllinn skemmdist mikið. Maðurinn vankaðist og að sögn lögreglu björguðu bílbeltin honum frá frekari skaða.

- sgj



BORINN TIL GRAFAR Á FIMMTUDAG Osvaldo Romo flúði til Brasilíu þegar Pinochet lét af völdum árið 1990, en var handtekinn og framseldur til Chile.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tæplega 3.200 voru drepnir:

Dráp þrjá fyrir Pinochet

CHILE Osvaldo Romo, sem var liðsmaður öryggissveita Augustos Pinochets (einræðisherra í Chile á árunum 1973-1990) lést af völdum hjarta- og öndunartruflana í fangelsi í Chile á miðvikudag sjötugur að aldri.

Osvaldo hafði verið dæmdur í fimmtán ára fangelsi fyrir að myrða þrjá andstæðinga stjórnar Pinochets. Hann átti yfir höfði sér að vera sóttur til saka fyrir mörg önnur brot sem talið er að hann hafi framið.

Samkvæmt opinberum tölum frá Chile voru tæplega 3.200 manns myrtir og mörg þúsund voru pyntaðir í valdatíð Pinochets sem lést í desember 2006.

- ifv

Lögregla höfuðborgarsvæðis:

Efling svæðisstöðva í skoðun

LÖGREGLUMÁL Hugmyndir um að efla svæðisstöðvar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eru nú til umræðu, að sögn Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra.



STEFÁN EIRÍKSSON

„Við erum nú í mjög nákvæmri skoðun á því hvernig við eigum að skipuleggja okkar starfsemi, meðal annars í samræmi við nýja löggæsluáætlun. Þar kemur til greina að efla forvarnarskipti enn frekar. Þá horfum við til svæðisstöðvanna og þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Í okkar huga eru forvarnir eitt af mikilvægustu verkefnum lögreglu, í samstarfi við alla þá sem að þeim koma. Áherslupunktur lögreglu eru á þremur sviðum, sýnileika, gæðum og skilvirkni rannsóknar og forvörnum.“

- jss

AFGANISTAN

13 létust í tveimur árásum

Tíu afganskir lögreglumenn létust og ellefu særðust í sjálfmorðsárás í suðurhluta Afganistan í gær. Að minnsta kosti þrjú menn úr herliði NATO létust í sprengjuárás og skotbardögum í austurhluta landsins.

Viðskiptaráð gagnrýnir innkomu Reykjavíkurborgar á endurvinnslumarkað:

Borgin raskar samkeppni með bláum tunnnum

SAMKEPPNI Innkoma Reykjavíkurborgar á endurvinnslumarkaðinn raskar samkeppni. Tvö einkafyrirtæki hafa um árabíl boðið borgarbúum upp á svipaðar endurvinnslutunnur og borgin auglýsir nú. Með þjónustunni eru borgaryfirvöld að ráðast í beina samkeppni við einka aðila, segir í tilkynningu frá Viðskiptaráði.

Á vefsíðu umhverfissviðs Reykjavíkurborgar segir að boðið verði upp á söfnun á pappírsúrgangi við heimili í sérstakar bláar tunnur, sem íbúar hafi hingað til getað losað á grenndar- og endurvinnslustöðvar. Verð á blárrí tunnu er um helmingi lægra en á venjulegri ruslatunnu.

„Þessi gagnrýni okkar er fyrst og fremst til komin vegna þess að á þessum markaði er nú þegar virk samkeppni,“ segir Frosti Ólafsson, hagfræðingur hjá Viðskiptaráði. „Ef borgin ætlar að bæta sína þjónustu þá ætti hún að gera það í málaflokkum sem eru ekki þegar í boði hjá einkaaðilum. Kjósi hún að gera það þá er mikilvægt að það sé ekki á markaði með virkri samkeppni.“

Þau einkafyrirtæki sem eru með svipaða þjónustu á endurvinnslumarkaðnum eru Íslenska gámafélagið og Gámaþjónustan.

- sps



PAPPÍRSRUSL Bláar tunnur standa borgarbúum til boða í haust, en í þær fer aðeins pappírsúrgangur. Tunnurnar eru helmingi ódýrari en venjulegar sorptunnur.

ÖRUGG FJÁRFESTING – TRYGGÐUR HÖFUÐSTÓLL

Sölutímabil
29. júní - 11. júlí

HÖFUÐSTÓLSTRYGGÐIR REIKNINGAR

Sala er hafin á **tveimur nýjum** reikningum, **Álin 0708**, höfuðstólstryggðum reikningi og **DOLLARin 0708**, höfuðstólstryggðum reikningi.

Með því að leggja inn á reikningana sem eru opnir frá **29. júní - 11. júlí** getur þú tekið þátt í að fjárfesta í álmarkaðnum og í dollurum, án fyrirhafnar og með takmarkaðri áhættu. Þú tapar aldrei höfuðstólnum sem þú leggur inn.

Álin 0708

- Lágmarksupphæð er **500.000 kr.**
- Innlánið er bundið í **eitt ár**
- Höfuðstóll er tryggður í **ISK**
- Ávöxtun tekur mið af hækku á **verði á áli** í USD og greiðist út umreiknuð í ISK á lokadegi*
- Ávöxtun **ótakmörkuð**
- Þátttaka er **100%**
- Engin upphafspóknun
- Upphafsgengi ákvarðast í lok dags 12. júlí 2007
- Sölutímabil er frá 29. júní til og með 11. júlí

DOLLARin 0708

- Lágmarksupphæð er **500.000 kr.**
- Innlánið er bundið í **eitt ár**
- Höfuðstóll er tryggður í **ISK**
- Ávöxtun tekur mið af hækku á **gengi USD/ISK** og greiðist út í ISK á lokadegi**
- Ávöxtun **ótakmörkuð**
- Þátttaka er **121%**
- Engin upphafspóknun
- Upphafsgengi ákvarðast í lok dags 12. júlí 2007
- Sölutímabil er frá 29. júní til og með 11. júlí

Kynntu þér málið á kaupthing.is, í síma 444 8950 eða komdu við í næsta útibú.

*Fylgir gengi LOAHDY Index í USD
**Gengi USD/ISK á lokadegi miðast við kaupgengi Kaupþings kl. 15.00 á lokadegi.

KAUPPING

Hugsum lengra



SLEIKIR HÚN Átta ára gamli panda-björninn, Shu Qing, sést hér sleikja annan af tveimur húnum sem hann hún fæddi í Chengdu í Suðvestur-Kína í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tíðni neyðarútkalla í hverfi á höfuðborgarsvæðinu er nátengd meðalaldri íbúa:

Gömul hverfi oftast heimsótt af sjúkrabílum

HEILBRIGÐISMÁL Tíðni neyðarútkalla í mismunandi hverfi höfuðborgarsvæðisins fer eftir meðalaldri íbúa þeirra. Sjúkrabílar sinna oftast neyðarútköllum í þau hverfi sem eru með hæstan meðalaldur íbúa, en fara sjaldnast í þau þar sem meðalaldurinn er lægstur.

Árið 2005 sinntu sjúkraliðar oftast neyðarútköllum í póstnúmeri 103 miðað við íbúafjölda, eða um áttatíu sinnum á hverja þúsund íbúa. Póstnúmer 103 nær yfir Kringluna og nágrenni og er með hæsta meðalaldur höfuðborgarsvæðisins, 50,3 ár. Þetta kemur fram í skýrslu sem gerð var fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

TÍÐNI NEYÐARÚTKALLA

Fjöldi heimsókna sjúkrabíreiða á hverja þúsund íbúa, eftir póstnúmerum

103	82
101	74
104	61
105	56
210	23
170	22
225	21
221	15

Sjaldnast var farið í neyðarútköll í póstnúmer 221, sem nær yfir Ásland og Setberg í Hafnarfirði, eða fimmtán sinnum á hverja þúsund íbúa. Þar var meðalaldurinn lægstur, eða 28,8 ár. Aldursmun-



ÚTKALL Oftast er kallað eftir sjúkrabíl í hverfi 103 en sjaldnast í póstnúmer 221, sé miðað við íbúafjölda.

urinn er meðal annars vegna þess að ungt fjölskyldufólk flytur oft í ný hverfi á borð við Áslands- og Setbergshverfið í Hafnarfirði.

Meðalaldur hverfa hefur einnig

áhrif á tegundir neyðarútkalla. Hjartatengd útköll voru mun fleiri í eldra hverfinu, en á móti voru útköll vegna áverka mun fleiri í yngra hverfinu.

- sfs



FLUGFÉLAG ÍSLANDS Miklu oftast flögð til Grænlands en fyrr.

Flugfélag Íslands:

19 flug á viku til Grænlands

SAMGÖNGUMÁL Flugfélag Íslands mun í sumar fljúga nítján sinnum í viku milli Íslands og Grænlands.

Flugfélagið fékk tímabundinn styrk frá samgönguráðuneytinu vegna flugs til Narsarsuaq. Fyrsta ferðin var farin síðastliðinn þriðjudag og voru Kristján L. Möller samgönguráðherra og Róbert Marshall, aðstoðarmaður hans, farþegar í fluginu.

Flugið verður til Narsarsuaq tvisvar í viku fram í ágúst.

Flugfélagið flýgur einnig milli Keflavíkur og Nuuk þrisvar í viku og á milli Reykjavíkur og Kulusuk fjórtán sinnum í viku.

- þeb



ÞORSKELDI Í ÁLFATIRÐI Þorskeldi hefur verið stundað af um tíu fyrirtækjum hér á landi og hefur Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. á Ísafirði verið hvað afkastamest á því sviði. Félagið er með þorskeldi á Seyðisfirði og í Álfafirði í Ísafjarðardjúpi þar sem þessi mynd var tekin af bátum Val ÍS 20. Valur er nýttur til fjölbreyttra verkefna, bæði veiða á smáþorski til áframeldis og til að flytja þorsk á milli kvía.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dagbækurnar koma út í dag:

Blair ætlaði að segja af sér

LONDON, AP Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Englands, var búinn að ákveða að segja af sér nokkrum mánuðum áður en Íraksstríðið hófst í mars árið 2003. Þetta segir

Alastair Campbell, fyrrverandi fjölmiðlafulltrúi forsætisráðherra, í dagbókum sínum „The Blair Years“ sem verða gefnar út í dag.

Að sögn Campbells ætlaði Blair að tilkynna afsögn sína á flokksþingi Verkamannaflokksins í september árið 2002; hugmynd hans var að láta af embætti fyrir næstu kosningar í landinu sem haldnar voru árið 2005.

- ifv



BLAIR OG CAMPBELL Fyrrverandi fjölmiðlafulltrúi forsætisráðherra segir að Blair hafi ætlað að segja af sér árið 2002.

TAKTU OKKUR MEÐ Í FRÍIÐ!

Þegar þú kaupir gjaldeyri fyrir meira en 20 þúsund krónur eða færð þér MasterCard kreditkort færðu stórt og fallegt **Latabæjarhandklæði** í kaupbæti. Þú getur líka valið að fá þægilegt **kælibox** til að hafa með á ströndina.

Farðu í fríið með fjármálin á þurru:

KREDITKORT

- þægilegasti og öruggasti greiðslumátinn í útlöndum

NETBANKINN

- yfirsýn og helstu bankaaðgerðir hvar sem er í heiminum

REGLULEGUR SPARNADUR

- leggðu drög að næsta fríi

GREIÐSLUÞJÓNUSTA

- láttu okkur um að borga reikningana

GLITNIR



Safnagestum fjölga milli ára:

Aðeins fleiri í bíó en á söfn

MENNING 1,3 milljónir manna sóttu söfn á Íslandi árið 2005 samkvæmt tölum sem Hagstofa Íslands tók saman í tilefni af íslenska safnageginum á sunnudag.

Þetta eru litlu færri gestir en sóttu kvikmyndahúsin sama ár en þeir voru 1,4 milljónir.

Árið 1995 sóttu tæplega 95 þúsund manns þau 35 söguminjasöfn, önnur en byggðasöfn, sem í boði voru. Árið 2005 voru söfnin orðin 62 og gestirnir ríflega 400 þúsund.

Á sama tímabili hefur listasöfnunum fjölgað úr þrettán í 62 og gestum fjölgað úr 340 þúsund í 380 þúsund.

- avf

Egyptiskir vísindamenn báru kennsl á múmíu:

Dularfyllsti kven-faraóinn

EGYPTALAND, AP Með greiningu á erfðaefni og aldagamalli tönn tókst yfirvöldum í Egyptalandi að bera kennsl á múmíu sem fannst fyrir hundrað árum og reyndist vera líkamsleifar Hatshepsut drottningar. Hatshepsut var ein fárra kvenna sem ríktu yfir Egyptalandi og ein sú dularfyllsta.

Múmían fannst árið 1903 í Dal konunganna í Egyptalandi en lá þar óhreyfð áratugum saman. Það var svo fyrir tveim mánuðum sem hún var flutt á safn í Kaíró til rannsóknar og vísindamönnum þar tókst að bera kennsl á múmíuna með samanburði á

erfðaefni. Þar léku lykilhlutverk tönn og smurð líffæri Hatshepsut sem höfðu fundist í skríni.

Hatshepsut ríkti yfir Egyptalandi á 15. öld fyrir Krist. Hatshepsut, sem klæddist karlmannsfötum og gekk með gerviskegg, lét kalla sig faraó og var valdameiri en tvær aðrar þekktar egyptskar drottningar: Kleópatra og Nefertiti.

Talið er að Hatshepsut hafi rænt völdum af stjúpsyni sínum. Valdatíð hennar náði yfir 21 ár og er sú lengsta meðal hinna fornu egyptsku drottninga. En þegar valdatíma hennar lauk hurfu öll ummerki um hana á dularfullan



HATSHEPSUT Múmían var akfeit kona, líklega með sykursýki og krabbamein í lífur, sem lést á fimmtugsaldri.

NORDICPHOTOS/AFP

hátt, þar á meðal múmía hennar. Talið er að þar hafi verið um hefnd stjúpsonar hennar að ræða.

- sdg



PETE DOMENICI Vill að Bandaríkjaþjórn stefni sendi bandaríska herliðið í Irak heim fyrir næsta vor.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gagnrýnir Íraksstríðið:

Vill bandaríska herinn heim

WASHINGTON, AP Bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn og repúblikaninn Pete Domenici vill að Bandaríkjaþjórn hætti stríðsrekstri í Irak og sendi herlið sitt aftur heim fyrir næsta vor. Domenici sagði þetta á blaðamannafundi í Nýju-Mexíkó á fimmtudaginn.

Hann er einn af nokkrum repúblikönnum og fyrrum stuðningsmönnum Íraksstríðsins sem á síðustu tíu dögum hafa snúið baki við stefnu Bush Bandaríkjaforseta í Irak. Í síðustu viku sögðu tveir öldunga-deildarþingmenn Repúblikanaflokksins, þeir Richard Lugar og George Voinovich, að Bandaríkjaþjórn ætti að fækka hermönnum sínum í Irak.

- ifv

Efnahagsumbætur Merkel:

Skattar á fyrirtæki lækkaðir

BERLÍN, AP Efri deild þýska þingsins hefur samþykkt lagafrumvarp Angelu Merkel, kanslara

Þýskalands, sem felur í sér að skattar á fyrirtæki verða lækkaðir úr 38,5 prósentum niður í tæp 30. Frumvarpið verður að lögum 1. janúar 2008.



ANGELA MERKEL

Markmiðin með lagafrumvarpinu eru meðal annars að auka samkeppnishæfi þýskra fyrirtækja, tryggja að þau greiði skatta til þýska ríkisins og gera landið að vænlegri kosti fyrir fjárfesta.

Þýska fjármálaráðuneytið telur að með samþykkt frumvarpsins muni skattbyrði fyrirtækja í landinu minnka um tæpa 418 milljarða íslenskra króna á ári.

- ifv

LÖGREGLUFRÉTTIR

Skemmdu bíl í skjóli nætur

Fjórir karlmenn um tvítugt voru handteknir um hálfjögur aðfaranótt föstudags fyrir skemmdarverk á bíl. Mennirnir þekkja eiganda bílsins og er talið að um sé að ræða gamalt deilumál sem tengist þó ekki fikniefnum. Þeir brutu einnig glugga í húsi eiganda bílsins.

Nú þegar allir eru að grilla fer Grillið í frí



PIPAR • SÍMA • TÍÐAR

Sumarkveðja,

Björn Gunnar Kristjánsson

Nú er hásumar og þá notum við tækifærið og förum í sumarfrí. Á meðan hlöðum við batterið og komum aftur með nýjan og spennandi matseðil þegar við opnum í ágúst.

Grillið verður lokað frá 10. júlí til 10. ágúst.

Nýr matseðill í ágúst. Borðapantanir í síma 525 9960.

Grillið

Grillið / Radisson SAS Hótel Saga / sími: 525 9960 / www.grillid.is

„ORÐRÉTT“

Mýrin verðlaunuð

„Maður verður að sýna þá virðingu að taka á móti þessu.“

BALTASAR KORMÁKUR KVÍKMYNDALEIKSTJÓRI UM AÐALVERÐLAUN KARLOVY VARY KVÍKMYNDAHÁTIÐ-ARINNAR Í TÉKKLANDI SEM HONUM VÖRU VEITT Á LAUGARDAG FYRIR KVÍKMYNDINA MÝRINA.

Fréttablaðið 8. júlí

Fjögur giftu sig af níu

„Eitt af þessum þörum ákvað að flýta brúðkaupinu, annað þar ákvað að seinka því, það þriðja hætti að vera þar og síðan voru dæmi um að fólk fengi ekki sal...“

HJÁLMAR JÓNSSON DÓMKIRKJUPRESTUR SEGIST EKKI TELJA AÐ FLEIRI HAFI GIFT SIG Á BRÚÐKAUPSDEGINUM MIKLA 07.07.07 EN Á ÖÐRUM LAUGARDÖGUM Í SUMAR. FJÖGUR ÞÖR AF ÞEIM NÍU SEM HÖFÐU BÓKAÐ HIÓNAVÍGSLU Í DÓMKIRKJUNNI GIFTU SIG Á LAUGARDAG.

tilveran nær og fjær

HVAD ER AÐ FRÉTTA? BÓAS HALLGRÍMSSON SÖNGVARI Í REYKJAVÍK!

Ekki munaður að vera í rokkhljómsveit

„Það sem er helst að fréttar er að fyrirtækið okkar í hljómsveitinni Reykjavík, sem heitir Engin miskunn ehf., var ásamt öðrum að stofna tónlistarþróunarmiðstöð á Laugavegi,“ segir Bóas Hallgrímsson, söngvari í hljómsveitinni Reykjavík! „Þarna verða ásamt okkur tónlistarmaðurinn Bjóssi Borko og allar hljómsveitir hans Árna í Hairdoctor líka. Þannig að þarna verða Borko, Reykjavík, FM Belfast, Hairdoctor, Motion Boys og fleiri. Þetta er æfingahúsnæði með öllu sem þarf til að gera skemmtilega hluti. Svo ætlum við að bjóða myndlistarvinum okkar að koma ef þá vantar aðstöðu. Þetta á bara að vera lífandi miðstöð fyrir okkur og vini okkar. Við erum að koma okkur

fyrir í húsnæðinu núna og koma okkur í girinn áður en við höldum í viking erlendis. Þar ætlum við að reyna að sigr lönd eins og Þýskaland, Holland, Eistland og Finnland. Við komum bæði fram á minni tónleikum og á tónleikahátíðum. Við erum samt allir að verða svo miklir fjölskyldumenn að þetta er alltaf í stutta stund í einu. Þetta er svo barnvæn hljómsveit. Annað að fréttar er að börnin mín hafa það gott, við erum búin að komast aðeins út á land með þau. Það er þó bara yfir helgar því það er enginn munaðarlífnaður sem fylgir því að vera í rokkhljómsveit, ekkert sumarfrí eða neitt slíkt.“



SÁPUKÚLUR EINFALDUR GLEÐIGJAFI

■ Sápukúlur eru gerðar úr þunnu lagi af sápuvatni sem myndar kúlu með litríku yfirborði. Kúlurnar eru vinsælar meðal barna, en einnig listamanna vegna fegurðar þeirra. Flæmsk málverk frá 17. öld sýna börn að blása sápukúlur, sem sannar að athæfið er að minnsta kosti 400 ára gamalt. Fjöldaframleiðsla á sápuvatni hófst í Bandaríkjunum á fimmta áratugnum.



SJÓNARHÓLL SÝKNUÐÓMUR Í NAUÐGUNARMÁLI

Ég er ósátt við þennan dóm

„Þessi dómur er alveg ótrúlegur. Það er með ólíkindum að dómurinn skuli ekki skilgreina að það sé ofbeldi að ýta einhverjum inn á klósett og girða niður um hann,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR borgarfulltrúi

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi. „Þó er ljóst að harkan var töluverð enda staðfestir læknir djúpar sprungur og sár á kynfærum stúlkunnar. Að lokum er dómurinn mjög upptekinn af ölvunarástandi stúlkunnar en minna af því að málsaðilar þekktust ekkert. Slíkt gefur þau skilaboð að hægt sé að komast upp með nauðgun ef fórnarlambið er nægilega drukkið. Dómurinn segir frásögn stúlkunnar trúverðuga og standist skoðun. Samt er maðurinn sýknaður af ákærunni. Ég er ósátt við þennan dóm.“



VÉLFIS Áþekkt venjulegri flugvél. Stjórnað með hæðar-, hliðar- og hallastýri. MYND/HANS ÓLI

Fastir í óveðri á Bretlandseyjum

Hópur ítalskra ævintýranna hugðist fljúga á mótorknúnum fisvélum frá Mið-Ítalíu til Íslands. Slæmt veður á Bretlandseyjum og óhagstæðir vindar á flugleiðinni til Íslands gerðu það að verkum að hópurinn sneri við og ætlar að reyna aftur síðar.

„Við biðum í nokkra daga í Englandi en það voru flóð og stormar allsstaðar og því ljóst að við færum

ekki til Íslands á næstu dögum,“ segir Sebastiano Caristia fisflugmaður frá Ítalíu.

Sebastiano er einn sex fisflugmanna sem hugðust fljúga frá Mið-Ítalíu til Íslands á litlum mótorknúnum fisflugvélum. Hópurinn hafði eytt nokkrum mánuðum í undirbúning en varð frá að hverfa á Bretlandseyjum vegna óhagstæðs veðurs.

„Við erum nokkrir félagar sem höfum gaman af ævintýrum og áskorunum,“ segir Sebastiano. Fyrir utan slæmt veður í Bretlandi hefur verið nánast viðvarandi norðanátt á leiðinni til Íslands og sá ekki fyrir endann á henni. Að þeim sökum ákváðu félagarnir að fljúga til suðurs og nota síðustu frídagana í að sóla sig á eyjunni Minorca, næstu eyju við Mallorca sem er Íslendingum vel kunn.

„Við vissum að við þyrftum að treysta á veðrið og því gæti tilraunin mistekist,“ sagði Sebastiano en tók fram að þeir væru ekki búnir að gefast upp. „Við reynum bara aftur síðar,“ sagði hann.

andriv@frettabladid.is

Flugleið Ítalanna



MÓTORDREKI Skrúfan er aftan á og vélinni er stjórnað með þyngdartilfærslu. MYND/HANS ÓLI

FISFLUG

Fis er samheiti yfir loftfar sem hefur ekki fleiri en tvö sæti og heildarþyngd í flugtaki má ekki fara yfir 450 kíló. Fisn skiptast niður í undirflokkar eftir gerð: svifdrekar, véldrekar, svifvængir og vélknúin fis. Munurinn á vélknúnu fisi og venjulegri flugvél liggur í þyngd vélanna og stollhraða (lágmarkshraða). Til að teljast fis má

heildarþyngd ekki fara yfir 300 kíló fyrir utan öryggisbúnað. Stollhraði (eða sá hraði sem flugvélin þarf til að halda flugi) má að hámarki vera 65 kílómetrar á klukkustund. Til að öðlast flugréttindi á vélknúin fis þarf að taka námskeið sem er 35 klukkustunda bóklegt nám og tólf klukkustunda verklegt nám.

Auglýsingasími

512
550
550



Mest lesið

Mannúðin höfð að leiðarljósi

Mæðgurnar Arndís Harpa Einarsdóttir og Ásdís Ósk Einarsdóttir opnuðu nýverið fyrstu íslensku Fair Trade verslunina.

„Hér eru allt saman vörur, sem hafa fengið sérstaka vottun frá alþjóðlegu Fair Trade samtökunum, IFAT, og eru seldar undir merkjum þeirra,“ segir Ásdís. „Vörurnar þurfa að vera vistvænar og framleiddar við viðunandi vinnuskilyrði, svo sem ekki á stöðum þar sem vitað er um misrétti á borð við barnaþrælkun.“

Að sögn Ásdísar er markmið verslunarinnar að opna íslenskan markað fyrir framleiðslufyrirtæki sem eru velflest staðsett í þróunarlöndum. Á stefnuskránni sé að eiga viðskipti við dönsku Fair Trade samtökin þar til hægt sé að sér beint til framleiðenda á Indlandi og í Bangladesh.

„Með því að stunda milliliðalaus viðskipti við framleiðendur er hægt að borga sanngjarna upphæð fyrir vöruna, hráefnið og

vinnuna,“ segir Ásdís. „Ólíkt því þegar þeir þurfa að vinna frítt, til þess eins að geta selt vöruna sína. Þannig er heitið Fair Trade einmitt til komið.“

Ásdís segir vöruverð ekki hækka við að greiða framleiðendum sanngjarna upphæð. Vörurnar séu þvert á móti seldar á góðu verði, einmitt meðal annars vegna þess að milliliðum hefur verið fækkað.

Eins og fyrr sagði er Fair Trade verslunin sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi, en til þessa hafa einstakir vöruflokkar verið seldir undir merkjum samtakanna hérlandis.

„Fair Trade matvara hefur verið seld í verslunum í gegnum Hjálparstarf kirkjunnar,“ bendir Ásdís á. „Við bjóðum hins vegar upp á fleiri vöruflokkar svo sem búáhöld, skartgrip, leik- og ritföng og gjafavörur. Allt saman á fínu verði enda látum við ekki arðsemina heldur hugsjónina ráða ferð.“

- rve



VERSLUNIN Á LAUGAVEGI Frá vinstri Ásdís Ósk Einarsdóttir, Ragnhildur Helga Hannesdóttir og Arndís Harpa Einarsdóttir fyrir framan fyrstu Fair Trade verslunina á Íslandi, sem er til húsa á Laugavegi 20b.

Electrolux

- ✓ 1400 eða 1600 snúninga þvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni
- ✓ Tekur allt að 6 kg af tauti
- ✓ Hraðval á algengum þvottakerfum og stillanleg tímalengd
- ✓ Framstillt gangsetning
- ✓ Handþvottur og tímaskjár
- ✓ Stórt hurðarop
- ✓ Verð áður kr. 79.900 & 84.900



AA
ORKA ÞVOTTUR

ÞÚ SPARAR
15.000

1400 SN.
Verð nú
64.900

1600 SN.
Verð nú
69.900

STÁL

Verð nú
39.900

AFSLÁTTUR
27%

appliance

Verð nú
34.900

AFSLÁTTUR
30%

Snerti-
takkar

appliance

- ✓ Keramik helluborð með snertitökkum á öllum hellum
- ✓ High Light hraðhellur
- ✓ Verð áður kr. 64.900

25

gerðir af víftum og háfum með allt að **70% afsl.**

Verð nú
19.900

AFSLÁTTUR
34%

appliance

- ✓ Fallegur vegggháfur í burstuðu stáli og glerskyggni, halogen og snertitökkum
- ✓ Þvoanlegar fitusíur
- ✓ Verð áður kr. 29.900

Electrolux

- ✓ Rúmmál kælis 291 lítrar og 109 lítra frystir
- ✓ Orkunýtni A+
- ✓ MAXI frystiskúffur með betri nýtingu og nægu rými
- ✓ 2 kælivélar
- ✓ Stafræn hitastýring
- ✓ Flöskurekki
- ✓ Glerhillur með kanti
- ✓ Grænmetisskúffa á brautum
- ✓ Sjálfvirk afþiðing í kæli
- ✓ Hljóðlátur
- ✓ HxBxD: 200x59,5x62 cm
- ✓ Verð áður kr. 99.900

200 CM



ÞÚ SPARAR
20.000
Verð nú
79.900



Verð nú
54.900

AFSLÁTTUR
22%

Electrolux

- ✓ Mjög hljóðlát uppþvottavél 47 dB(A)
- ✓ 5 þvottakerfi og 4 hitastig
- ✓ Snertitakkar og skjár með tímalengd
- ✓ Breytanleg innrétting
- ✓ Framstillt gangsetning 0-19 klst.
- ✓ Stærð HxBxD 82-88 x 59,5 x 60 cm
- ✓ Verð áður kr. 69.900

STÁL

Verð nú
49.900

ÞÚ SPARAR
20.000

AA
ORKA ÞVOTTUR

ZANUSSI

- ✓ Vönduð uppþvottavél með 5 þvottakerfum þ.á.m. sjálfvirk kerfi, hraðkerfi og erfiðskerfi
- ✓ Val um 4 mism. hitastig
- ✓ Hægt að þvo 1/2 vél
- ✓ HxBxD: 82-91 x 59,5 x 60 cm
- ✓ Verð áður kr. 69.900

UTSALA!

SUMAR

AÐEINS BROT AF ÞVÍ BESTA!

Sparaðu
allt að
70%



Brauðrist silfurlituo
Verð áður kr. 1.990



Verð nú
1.290



Kaffivél tveggja bolla
Verð áður kr. 1.990



Hraðsuðukanna 1 ltr
Verð áður kr. 1.990



Mínútagrill 1200W
Áður kr. 6.990

Verð nú
3.990

Eldhúsvog digital með skál
Áður kr. 2.990



Verð nú
999

AFSLÁTTUR
67%

VERÐDÆMI:

Brauðristar.....	1.290	Mínútagrill.....	3.990	Töfrasprotar.....	1.290	Gufustraujám.....	1.290	Háfar.....	12.900
Kaffivélar.....	1.290	Heilsugrill.....	4.990	Hrisgrjónapottar...	2.490	Ryksugur.....	2.990	Þurrkarar.....	29.900
Hraðsuðukönnur...	1.290	Raclettegrill.....	2.490	Litlar hrærivélar...	1.990	Handryksugur....	2.990	Uppþvottavélar...	42.900
Eldhúsvogir digital.....	999	Djúpst.pottar.....	3.990	Matvinnslutæki....	2.490	Rakataeki.....	4.990	Kæliskápar.....	19.900
Sítuspressur.....	1.290	Fonduepottar.....	2.990	Kaffikvamir.....	1.990	Hárblásarar.....	790	Frystiskápar.....	24.900
Safapressurstál....	5.990	Grillofnar.....	3.990	Vöflujám.....	2.990	Hárklippisett.....	990	Ofnar.....	17.900
Handþeytarar.....	1.490	Kleinhúringjajám...	3.490	Súkkulaðipottur...	2.490	Nefháraklippur....	490	Keram. hellub....	34.900
Samlokugrill.....	1.490	Eggjasjóðarar....	1.490	Oliufylltir rafm.ofn...	3.490	Naglasnyrtitæki....	790	Eldavélar.....	29.900
		Rafmagnshnífar.	1.690	Loftviftur stál.....	5.990	Krulluburstasett....	990	Örbylgjuofnar.....	6.990
		Ísgerðarvélar.....	3.990	Nuddtæki.....	1.490	Hitablásarar.....	1.490		
		Brauðvélar.....	7.990	Andlitsgufubað....	1.990	Kælitaska 12V.....	2.990		
		Dósaopnarar.....	1.490	Hitateppi.....	1.990	Handklæðaofn....	3.990		
		Rafmagnshellur...	2.990	Fótanuddtæki.....	3.490	Geislahitari.....	2.990		
		Rafm. pönnur.....	2.990	Dekur & SPAsett...	6.990				

Verð nú
2.990

AFSLÁTTUR
50%



TRISTAR

- ✓ Lítil og nett 1400W ryksuga
- ✓ Fæst bæði rauðanseruo eða hvít
- ✓ Verð áður kr. 5.990

Rafha

Opíð
Virka daga 9-18
Laugardaga 10-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Framlög Íslands til þróunarmála:

Tökum okkur tak

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Sú áherzla á efld tengsl Íslands við Afríku, sem kom fram í nýafstaðinni Afríkuferð utanríkisráðherra, er rétt og æskileg. Í Afríku eru mörg af fátækustu og vanþróuðustu löndum heims, sem þurfa mest á því að halda að hinar aflögufærari þjóðir heims leggi þeim lið í að komast á framfarabraut. En það er líka útbreiddur misskilningur, að eynd og volæði sé ríkjandi alls staðar í þessari stóru álfu. Það er mikill munur á þróunarstigi, öryggisástandi og velmegun milli landa innan álfunnar.

Ísland hefur stærðar sinnar vegna, skiljanlega takmarkaða getu til að leggja eitthvað áþreifanlegt af mörkum til þróunaraðstoðar. En sem ein ríkasta þjóð heims ber Íslendingum jafnframt siðferðisleg skylda til að gera það.

Ríkisstjórnin hefur sett sér það markmið að koma þróunaraðstoð Íslendinga upp í 0,35 prósent af þjóðartekjum árið 2009, en það er aðeins helmingur af því marki sem Sameinuðu þjóðirnar hafa lengi hvatt hinar ríku þjóðir heims til að leggja af mörkum. Frændþjóðir okkar á hinum Norðurlöndunum hafa staðið sig þjóða bezt í að ná þessu markmiði. Svíþjóð, Noregur og Danmörk ætla sér öll að leggja 0,8 prósent þjóðartekjum til þróunaraðstoðar. Á þessu var vakin athygli í liðinni viku, er kynnt var áfangaskýrsla um svokölluð Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sem leiðtogar samtakanna settu sér árið 2000 að ná fyrir árið 2015.

Sú endurskoðun sem er í gangi á lögum um Þróunarsamvinnustofnun er liður í því að efla framlag Íslands til þróunarmála. En þar sem þjóðartekjurnar hafa vaxið hratt á undanförunum árum hafa framlögin til þróunarmála átt af þeim völdum erfitt með að vaxa í takt við þær.

Utanríkisráðherra er vandi á höndum. Fyrir liggur að útgjöld til varnarmála munu stórukast er Ísland yfirtekur reksturinn á ratsjárstöðvunum („Íslenska loftvarnakerfinu“) nú í ágúst, og boðað hefur verið að útgjöld til varnarmála birtist í fyrsta sinn sem sérstakur útgjaldaliður á fjárlögum í haust. Bara rekstur ratsjárkerfisins gæti kostað um 800 milljónir á ári.

Þar fyrir utan hefur utanríkisþjónustan sætt gagnrýni fyrir það hve dýr hún er í rekstri.

Nú bæstist það við, að hækka umtalsvert framlögin til þróunarmála. Stór hluti þess kostnaðar sem nú er talinn fram sem framlag Íslands til þróunarmála er rekstrarkostnaður Íslenzku friðargæslunnar. Ætla mátti að sá kostnaður ætti eins vel heima undir hinum nýja fjárlagalið varnarmála. En yrði hann fluttur þannig milli málaflokka skapaðist enn stærra gat í framlögin til þróunarmála.

Það hníga því mörg rök að því að framlög Íslands til þróunarmála vaxi til muna á komandi árum. En hafa ber í huga, að til að það fé sem lagt er til slíkra mála skili áþreifanlegum árangri þarf að velja verkefni vel sem féð rennur til. Það er því heldur engin ástæða til að rasa um ráð fram. Á undanförunum árum hefur Þróunarsamvinnustofnun safnað dýrmætri reynslu af þróunarstarfi í nokkrum ríkjum í sunnanverðri Afríku. Það er rétt að byggja á þeirri reynslu og bera sig jafnframt eftir því að nýta krafta annarra Íslendinga sem aflað hafa sér menntunar og reynslu á þessu sviði – sem og annarra þjóða sem við getum átt í samstarfi við um einstök þróunarsamvinnuverkefni.

Tækifærin eru mörg, það þarf bara að vinna rétt úr þeim til að framlag Íslands skili sér í áþreifanlegum framförum þar sem þeirra er brýnst þörf. Neyð hinna þurfandi kallar á að Íslendingar taki sér verulegt tak í þessum efnunum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

TIL SÖLU

BENZ 815 L árgerð 2005 m. lyftu



Verð 3,9millj.

Aðeins ekinn 22.000 km. Kassi er 36 rúmmetrar (plywood með LBW). Burðargeta 2.2 tonn. Hestöfl 149. Dieselvél 4249 cc.

Uppl. veita Kristján (8992541) eða Andrés (8960599). Til sýnis í Suðurhrauni 12C.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Íslenski kuldinn

Davíð Oddsson sagði eitt sinn frá því að Guðni Ágústsson hefði flogið heim til Íslands eftir að hafa verið í sói og miklum hita í Norður-Ameríku. Á móti Guðna tók íslensk veðráttu í öllu sínu veldi; kuldi, rok og rigning. Davíð sagði Guðna hafa lofað íslenska veðráttu og sagt íslenska kuldann auðlind Íslands. Kannski skildu fair þau orð ráðherrans á þeim tíma. Í dag stendur til að setja upp netþjónabú á Íslandi sem krefst mikillar orku, aðallega til að kæla búnaðinn. Samt ekki eins mikillar og erlendis. Íslenski kuldinn gerir gæfumuninn. Guðni hafði því rétt fyrir sér í þeim skilningi.



Sívinsæll

Glatt var á hjalla á goslokahtíð í Vestmannaeyjum um helgina. Fjöldi fólks lagði leið sína til eyjunnar og var fjölbreytt dagskrá í boði fyrir alla aldurshópa. Gestir og heimamenn fjölmenntu svo í Skvísusundið á laugardagskvöldið og gerðu sér glaðan dag. Fjöldi hljómsveita tróð upp í svokölluðum króum. Auðvitað var Árni Johnsen mættur og greinilegt að vinsældir hans fara síst dvinandi á samkomum sem þessari í Eyjum. Tóku allir vel undir í söng og nægðu sextán lög varla til að metta viðstadda goslokagesti.

Reglugerðagleði

Það sem er nógu gott fyrir Bandaríkjamenn hlýtur að vera nógu gott fyrir Evrópubúa. Þess vegna er svoltið skritið að ekki megi nota rafkerfi hersins á Keflavíkurlflugvelli þar sem það er ekki vottað af Evrópusambandinu. Að breyta þessu kerfi og henda út öllum raftækjum hefði líklega riðið Keili, sem þarna mun leigja stúdentum íbúðir, að fullu. Runólfur Ágústsson, framkvæmdastjóri Keilis, hefur í gegnum tíðina lofsungið margt sem viðkemur téðu Evrópusambandi. Ætli skoðun hans sé óbreytt eftir að Evrópustaðlarnir gerðu honum erfitt fyrir?

Öld hreyfanleikans

Það er kunnara en frá þurfi að segja að við lifum á tímum hnattvæðingar. Færri átta sig hins vegar á því hve hnattvæðingin er margslungin. Við erum nú á öðru stigi hnattvæðingarferlisins sem kenna má við tíma hreyfanleika.

Á fyrsta stigi hnattvæðingar nutu þróuð ríki og helstu viðskiptavinir þeirra, til dæmis Kína og Indland, ávaxtanna af því að losað var um hömlur á flutningi fjármagns og þjónustu. Þegar við fær-umst yfir á nýtt stig hreyfanleika mun fólk í sífellt vaxandi mæli og sífellt oftar flytjast yfir landamæri. Ójöfnuður einkennir okkar tíma en fólk á faraldsfæti í leit að tækifærum og betra lífi hefur möguleika á því að minnka bilið og hraða framþróun í þróunarríkjum.

Tökum eitt dæmi: alþjóðlegt farandstarfsfólk sendi andvirði sautján þúsund milljarða (264 milljarða Bandaríkjadala) til heimahaganna árið 2006 eða þrefalda alla samanlagða alþjóðlega þróunaraðstoð. Í sumum ríkjum duga þessar peningasendingar til að bægra fátækt frá þriðju hverri fjölskyldu. Peningasendingar farandstarfsfólks að utan nema 30 prósentum af þjóðartekjum Moldavíu og 21 prósentu af þjóðartekjum Haítí. Andvirði 432 milljarða (12 milljarða Bandaríkjadala) er sent til Filippseyja á ári hverju sem er fjórföld öll erlend fjárfesting. Um allan þróunarheiminn standa vinnulaun farandverkamannanna undir heilsugæslu, menntun og nýrri atvinnustarfsemi.

Hjúkrunarkonur frá Gana

Frjáls flutningur fólks er vatn á myllu alþjóðlegs efnahags. Þegar starfsfólk vantar á sjúkrahús í Lundúnum eru kallaðar til hjúkrunarkonur frá Gana og Sierra Leone. Þegar Google leitar að hugbúnaðarhönnuðum er oft leitað til Indlands. Barnfóstrur úr hópi innflytjenda gera foreldrum víða kleift að klifra metorðastigann. Hingað til hafa slíkir fólksflut-



BAN KI-MOON

Í DAG | Hnattvæðing

ingar aðallega verið ríku löndun-um í hag og atgerfisflóttinn hefur valdið fátækum ríkjum áhyggjum. En þekking er að aukast á því hvernig hægt er að láta fólksflutningadæmið ganga upp fyrir alla.

Samt sem áður hefur ríkisstjórnunum gengið hægt að aðlagða stefnumörkun sína með það fyrir augum að hámarka ágóðann af fólksflutningum. Það nægir að benda á þræfilið um innflytjendalöggjöf í Bandaríkjunum eða vandraði Evrópubúa við að aðlagða meira að segja börn innflytjenda. Árangurinn er stórukastinn ólöglegur innflutningur fólks, félagsleg spennu, mismunum, álitshnekkir stjórnvalda og uppgangur alþjóðlegra glæpasamtaka.

191 milljón á faraldsfæti

Vissulega hefur fólk áður flutt búferlum milli landa í stórum stíl. Þegar tuttugasta öldin gekk í garð voru um það bil þrjú prósent jarðarbúa á faraldsfæti. Hundrað árum síðar telst Sameinuðu þjóðunum til að gróft reiknað fylli álika stórt hlutfall þennan flokk nú í dag eða 191 milljón manna. Þessi fjöldi fer vaxandi. Í nýrri skýrslu OECD segir að fjöldi innflytjenda í þróuðum ríkjum hafi verið tíu prósent árið 2005 á ársgrundvelli.

Nú í dag flyst fólk á milli landa hratt og auðveldlega þökk sé ódýrum samgöngum. Fólk er í stöðugum tengslum við heimahagana í gegnum internetið, greiðan aðgang að síma og gervihnattasjónvarpi. Bankar senda afrakst-

ur stritsins á augabragði til fjölskyldnanna heima fyrir. Vinnu- markaðir okkar hafa ekki síður gerbreyst vegna hnattvæðingar. Vaxandi efnahagslegur ójöfnuður ásamt náttúrulegum áföllum og öðrum af mannavöldum ýta svo undir að fólk færi sig um set. Það er þessi sveigjanleiki sem veldur því að sérfræðingar kalla okkar tíma öld hreyfanleikans.

Þessar nýjungar undirstrika möguleika innflytjenda á að ýta undir þróun. Sameinuðu þjóðirnar héldu í fyrsta skipti í sögu sinni leiðtogafund um fólksflutninga í september 2006. Reynslan af fundinum var svo jákvæð að ríkin samþykktu tillögu forvera míns í embætti um að stofna Hnattræn- an vettvang um fólksflutninga og þróun. Opnunarfundur vettvangsins er í dag 9. júlí í Brussel en þar er saman komnir 800 fulltrúar frá 135 ríkjum.

Þingaði í Brussel

Hnattræni vettvangurinn er mikilvægt fyrsta skref í að virkja kraft innflytjenda til að efla þróun. Við munum til dæmis fræðast um frumkvæði IntEnt í Hollandi sem hefur veitt liðsinni við að stofna 200 fyrirtæki í heimalöndum innflytjenda. Við munum heyra um örlánastarfsemi banka í Mexíkó sem gera afskekktum samfélögum kleift að hagnýta sér greiðslu- ur farandstarfsmanna til fjárfestinga í menntun, heilsugæslu og fyrirtækjum. Fólksflutningar geta verið af hinu góða. Margir hafa beðið í ofvæni eftir þriðja stigi hnattvæðingarinnar, þegar fleira fólk en nokkur sinni fyrr fær sinn skerf af velmegun heimans. Við getum greitt fyrir því með því að hefja skynsamlegar, framsækna- ar umræður byggðar á staðreyndum um hvernig stýra má betur sameiginlegum hag okkar af fólksflutningum.

Höfundur er framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna.

Samfylking og Evrópuvextir

UMRÆÐAN

Íbúðalánasjóður

Sannast sagna kom mér á óvart sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að lækka lánsflutfall lána Íbúðalánasjóðs úr 90% í 80%. Eins og margir vita eru aðrar sperrur fyrir lántöku úr sjóðnum en lánsflutfallið eitt, einnig brunabótamat að viðbættu lóðarverði. Lánið má ekki vera nemur.

Hátt fasteignaverð og einnig þessi skilyrði valda því að fáir eiga kost á hámarkslánunum úr Íbúðalánasjóði. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar nú veldur því hins vegar að þeir sem eru að reyna að festa kaup á ódýrum íbúðum verða fyrir verulegri skerðingu. Kaupandi sem fengið hefur 90% lán frá Íbúðalánasjóði til kaupa á 15 milljón króna íbúð hefur átt rétt á 13,5 milljón króna láni en fær eftir breytinguna 12 milljónir króna. Skerðingin nemur 1,5 milljónum króna! Félagsmálaráðherra segir að með þessum ráðstöfunum sé verið að senda skilaboð



ÖGMUNDUR JÓNASSON

út í þjóðfélagið og að bönkunum beri að taka þau skilaboð alvarlega. Það ætla bankarnir að gera.

Sama dag og félagsmálaráðherra sendi skilaboð sín út í þjóðfélagið var bankastjóri nokkur mættur í sjónvarp að fagna ákvörðun ríkisstjórnarinnar og lýsa því jafnframt yfir að bankinn myndi hækka vexti sína fljótlega. Ríkisstjórnin er með þessari aðgerð sinni að takmarka aðgang að því lánsfé sem ber lægstu vextina og jafnframt knýja fram hærri vexti. Þetta er eflaust skýrt með því að lánsfé á hagstæðum kjörum þrýsti íbúðaverði upp. Það er hins vegar mikil einföldun. Á forsiðu Fréttablaðsins sl. föstudag sagði að húsnæðisverð færi nú snarhækkandi í „álbæjum“. Hvers vegna hækka íbúðaverð meira þar en á Suðureyri og Raufarhöfn? Lánskjörin eru þau sömu á öllum stöðum. Skýringin er þensla og væntingar á markaði, ekki lágir vextir enda eru lægstu vextir á Íslandi okurvextir og ekki á bætandi því fólk er að kíkna undan því sem fyrir er. En hvað með lágu „Evrópuvextina“ sem Samfylkingunni hefur orði svo tíðrætt um? Eru þeir þá ekki stórhættulegir fyrst skilaboðin eru á þann veg að herða beri á okrinu?

Höfundur er alþingismaður.

AUKASENDING DUX Original



SUMARTILBOÐ

DUX 1001 Original 90x200cm með Xtandard yfirdýnu án fóta, (Verð áður kr 158.000)

NÝTT! DUX 1001 105x200cm með Xtandard yfirdýnu (Verð áður kr 186.000)

2 stk DUX 1001 90x200cm og heil Xtandard yfirdýna 180x200cm (Verð áður kr 316.000)

TAKMARKAÐ MAGN

Kr. 112.000

Kr. 123.000

Kr. 224.000

DUXIANA®
ADVANCED TECHNOLOGY IN SLEEPING

Ármúla 10 • Sími: 5689950

DEAN RAY KOONTZ FÆDDIST
PENNAN DAG ÁRIÐ 1945

„Bækur voru frábær flóttaleið fyrir mig þegar ég var lítil. Maður opnaði bók og hvarf inn í hana en það var eina flóttaleiðin út úr húsinu þegar ég var barn.“

Dean Koontz er bandarískur spennusagnhöfundur sem nýtur mikilla vinsælda víða um heim.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 9 JÚLÍ 1982

Hörmungar í New Orleans

Þann niunda júlí árið 1982 átti sér stað hrikalegt slys á alþjóðlega flugvælinum í Louisiana sem varð til þess að 153 manns létu lífið.

Slysið varð þegar flug númer 759, (Boeing farþegaþota 727-235 á vegum Pan American), hóf flugtak sitt frá New Orleans á leið til Las Vegas klukkan fjögur síðdegis. Innanborðs voru sjö áhafnar meðlimir og 138 farþegar, alls 145 manns.

Veðurskilyrði voru með versta móti; þrumur og eldingar og harðir hvírfilvindar. Farþegavélin tókst á loft og náði um 95-150 feta hæð (29 til 46 metrar) en byrjaði þá að síga. Þegar hún var komin um 725 metra út fyrir flugbrautina byrjaði hún að rekast utan í hús og tré og hélt á sama tíma um 15 metra lofthæð. Ferðin hélt áfram tæpa 700 metra þar til vélin stöðvaðist inni í miðju



íbúðahverfi, um einum og hálfum kílómetra frá enda flugbrautarinnar. Farþegaþotan geryðilagðist við slysið vegna sprenginga og elda. Heildarfjöldi látinna varð 153, allir sem voru um borð auk átta manns sem urðu á vegi vélarinnar. Sex hús voru geryðilögð og fimm urðu fyrir umtalsverðum skemmdum.

Við rannsókn á slysinu var talið að vindsveipur hefði þrýst vélinni niður og svo hafi harður hlíðarvindur tekið við. Flugmennirnir átta erfitt með að átta sig á aðstæðunum og náðu ekki að afstýra hörmungunum eftir að komið var út fyrir flugbrautina.

Síðan þessi atburður átti sér stað hafa miklar tækiframfarir orðið í veðurgreiningum tengdum flugi og því ólíklegt að sambærileg sorgarsaga endurtaki sig.

MERKISATBURÐIR

- 1540 Henry VIII Englandskonungur hættir við að giftast fjórðu eiginkonu sinni, Önnu frá Cleves, á þeim forsendum að honum hafi þótt hún of óaðlaðandi.
- 1816 Argentína öðlast sjálfstæði frá Spáni.
- 1916 Vopnaður enskur togari tekur farþegaþotið Flóru sem var á leið frá Reykjavík til Siglufjarðar með rúmlega eitt hundrad farþega. Flóru var skipað að sigla til Englands en farþegarnir voru sendir heim með öðru skipi síðar í mánuðinum. Heimsstyrjöldin fyrri stóð sem hæst um þær mundir.
- 1976 Mesti hiti í Reykjavík mældist þennan dag, alls 24,3°C.



Ástkær móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Svanlaug Þorsteinsdóttir

Hlaðhömrum 2 Mosfellsbæ,

sem lést 29. júní sl., verður jarðsöngin frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 10. júlí kl. 13.00.

Guðrún Aðalsteinsdóttir Sverrir Guðmundsson
Þorgerður Aðalsteinsdóttir Jón Björnsson
Ísfold Aðalsteinsdóttir
Þorsteinn Aðalsteinnsson Kristín Egilsdóttir
Helga Aðalsteinsdóttir
Aðalsteinn Aðalsteinnsson Unn Krogen
Birgir Aðalsteinnsson Ásthildur Skjaldardóttir
Svanlaug Aðalsteinsdóttir Brynjar Viggósson
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.



Ástkær sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,

Steingrímur Þorsteinsson

Erluás 68, Hafnarfirði,

sem andaðist sunnudaginn 1. júlí, verður jarðsöngin frá Áskirkju þriðjudaginn 10. júlí klukkan 15.00.

Inga Lilly Bjarnadóttir Guðrún Björt Yngvadóttir
Jón Bjarni Þorsteinsson Ingibjörg Eiríksdóttir
Sigurður Þorsteinsson Sigríður Hauksdóttir
Anton Pjetur Þorsteinsson Sigríður Hauksdóttir
börn og barnabörn aðstandenda.



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sesselja Kristinsdóttir

Glaðheimum 22,

sem lést laugardaginn 30. júní, verður jarðsöngin frá Langholtskirkju miðvikudaginn 11. júlí kl. 15.00.

Þorgeir Guðmundsson Heimir Sigtryggsson
Herborg Þorgeirsdóttir Jóhannes Árnason
Ragnhildur Þorgeirsdóttir Einar F. Hjartarson
Kristín Þorgeirsdóttir Bodil W. Vestergaard
Óli Vilhjálmur Þorgeirsson
barnabörn og barnabarnabarn.



Ástkær eiginkona og móðir mín,

Sigríður Guðlaugsdóttir

frá Guðnastöðum, Austur-Landeyjum, til heimilis að Mjóuhlíð 14, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotsspítala miðvikudaginn 4. júlí.

Ingólfur Majasson
Júlía Guðrún Ingólfssdóttir



ÞAU STANDA VÖRÐ UM EINKALÍF LANDSMANNA: Sigrún Jóhannesdóttir, Ingvi Snær Einarsson, Anna Pála Sverrisdóttir, Þórður Sveinsson, Arnhildur Guðmundsdóttir og Rakel Jensdóttir.

PERSÓNUVERND: GRÍÐARLEGAR BREYTINGAR Á LIÐNUM ALDARFJÓRÐUNGI

Verndarar einkalífsins í 25 ár

Fyrir tuttugu og fimm árum voru lög um persónuvernd tekin í gildi og hefur starfsemi í kringum þau farið vaxandi æ síðan. Í dag starfa hjá Persónuvernd átta manns, ásamt fimm manna nefnd og aldrei skortir verkefni.

Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, segir breytingarnar á starfsemi stofnunarinnar hafa verið gríðarlegar á þessum aldarfjórðungi, enda tækiframfarir miklar, sem og þjóðfélagsbreytingar:

„Með tilkomu ýmiss konar vöktunarbúnaðar hefur til dæmis orðið hálfgerð sprenging á síðustu árum. Slíkur búnaður er orðinn ódýr og aðgengilegur, bæði fyrir einkaaðila og

stofnanir, og því eru menn jafnvel farnir að nota slíkan búnað í stað þess að ráða eftirlitsaðila. Þetta hefur leitt til ýmissa vandamála sem tengjast bæði einkalífi og kjaramálum, sér í lagi þegar fólk nýtir sér þessar skrár í tilgangi sem er allur annar en sá upprunalegi. „Áður en lög um persónuvernd gengu í gildi í ársbyrjun 1982, höfðu þingmenn lagt fram þingsályktunartillögur þess efnis að það væri orðið tímabært að búa til löggjöf sem verndaði réttindi landsmanna til einkalífs og skoðana. Eða eins og stóð í tillögunni – það þarf að verja rétt manna til að haga lífi sínu og skoðunum að vild án þess að eiga

háttu íhlutun eða afskipti ríkisins,“ segir Sigrún og bætir við að fyrstu áratugin hafi starfsemin aðallega tengst málum sem komu upp í samskiptum manna á milli, fremur en afskiptum ríkisvaldsins.

„En allra síðustu ár, og einkum eftir hryðjuverkaárásirnar árið 2001, hefur þó meira borið á málefnum sem tengjast íhlutun af hálfu opinberra aðila og þá sér í lagi af hálfu lögreglu og dómsmálayfirvalda. Til dæmis í sambandi við stofnun greiningardeildar lögreglu, hlerunarheimildir án dómsúrskurðar og upplýsingar lögreglu um netumferð.“

mhg@frettabladid.is

AFMÆLI



Tom Hanks er 51 árs í dag.



Bryndís Schram er 69 ára í dag.



Marc Almond er 51 árs í dag.



Courtney Love er 43 ára í dag.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þorvaldur Þorvaldsson,

bilstjóri, Núpaland 2, Kópavogi,

verður jarðsöngin frá Digraneskirkju þriðjudaginn 10. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á nýstofnaðan Minningarjóð Lindakirkju, 0322-18-935502, kt.55.03.02-2920.

Þorvaldur Þorvaldsson Jón Helgason
Þorgerður Þorvaldsdóttir Hanna Margrét Geirsdóttir
Arnbergur Þorvaldsson Ingólfur Garðarsson
Gróa María Þorvaldsdóttir
barnabörn og langafabörn.

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is



Rúnar Geirmundsson



Sigrður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta


Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Stafræn tónlist hefur aukist í sölu um 60 prósent fyrstu sex mánuði ársins í Bandaríkjunum. Hins vegar mætir það ekki því sölutapi sem orðið hefur á geisladiskum síðustu ár, vegna niðurrhalls á internetinu. Um 70 prósent af stafrænni tónlist sem seld er á netinu eru keypt í iTunes, netverslun Apple.



Robocup er alþjóðleg keppni vélmenna. Í ár er hún haldin í Atlanta í Bandaríkjunum og koma 300 keppnislið frá 37 löndum. Keppt er í ýmsu eins og björgunaraðgerðum og fótbolta. Aðalmarkmið Robocup er að þróa lið með sjálfstýrðum vélmennum sem muni vinna heimsmeistaralið mannkynsins í fótbolta fyrir árið 2050.



Nítján milljón dala klósett hefur verið sett upp í alþjóðlegu geimstöðinni. Þetta hátækniklósett býður ekki aðeins upp á meira næði fyrir notendur þess heldur endurvinnur það þvagið í neysluvatn. Bandaríkjamennirnir á geimstöðinni eru þó einir um að fá að njóta þessarar tækni því vinir þeirra Rússarnir fá ekki að nota fína klósettið. Hefur þetta valdið miklum deilum.

allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

Heilsaðu iPhone.



Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Miðbær, miðbær

Til leigu stórt og rúmgott herb. á frábærum stað í bænum. Sam. eldhúsi og WC, afnot af þvottav. Aðeins reglus. einst. kemur til greina. S. 846 0408 & 863 3328.

Húsnæði óskast

Reykl. og reglus. kk. óskar eftir íb. á allt að 50 þ./mán. Til greina kemur að leigja með öðrum. S. 869 6306.

Mæðgin óska eftir 3 herb. íbúð á höfuðborgarsv. Reglusemi og skilvísnum greiðslum heitið. S. 691 4091, Dís, e. kl. 12.30.

Ungt par frá Póllandi óskar eftir að leigja studióíbúð eða svipad í eitt ár eða meira. Örugnum greiðslum heitið. Íslenskur vinur í síma 662 8888.

Óska eftir sem first 3-4 herb.íbúð eða stærri í Hafnarfirði, aðrir staðir koma til greina. Uppl. í s. 848 4301.

Sumarbústaðir

Góð afslöppun á Norðurlandi.

Gott sumarhús til leigu á Norðurlandi. Öll þjónusta og afþreying í næsta nágrenni svo sem veiði, frítt í golf á glæsilegum golfvelli og margt fleira. Upplýsingar í síma 517 6200.

Tvær lóðir, samliggjandi, í Miðengi v. Keríð Grímsnesi, 1,08 og 1,17 hektarar til sölu, hvor fyrir sig eða saman. Stærri lóðin liggur að skógrættarlandi. Seljandi getur smíðað hús á lóðunum. Skipti á íbúð koma til greina. Uppl. í s. 824 6703.

Geymsluhúsnæði

Þú geymir í gám við geymum gáminn

Geymsla í skemmi eða lengri tímal
Gámanir eru staðsettir á lokuðu svæði Hafnarbakka.

HAFNARBAKKI
Séðuáhræni hafnarbakki
Sími 555-2733 - www.hafnarbakki.is

Til leigu sér geymslubíl 7, 10 og 17 m². Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktad. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Bílskúr

vantar bílskúr á leigu á höfuðborgarsvæðinu, helst 104-108 annars skoða allt. s.6610344

ATVINNA

Atvinna í boði

Employment agency seeks:

Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plumbers, masons, heavy duty drivers, painters and more for the construction area.

- Proventus -

Call Joao, tlf. 864-9873

Borgargrill

Óskar eftir fólki í vinnu. Mikil vinna fyrir duglega einstaklinga. Kvöld og helgarvinna. Íslenskukunnátta og 18 ára aldurstakmark.

Upplýsingar í síma 695 6869, Víðir, Borgargrill við Miklubraut.

Á grensásvideó er gert við allar gerðir geisladiska.



CD - DVD - Playstation 2 - Nintendo - Dreamcast XBOX - Sony PSX og alla tölvudiska

Aðeins 650 kr. pr. disk

Grensásvideó - www.grensasvideo.is
Grensásvegi 24
108 Reykjavík
5686635

Kaffihús, Bakari
Bakarameistarinn Mjódd, Smáratorgi, Suðurverri, Austurvegi, Glæsibæ & Húsgagnahöll óska eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 & 13-19, 07-13 & 08-16 Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði. Öll störf laus frá 1. ágúst. Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00. Einnig umsókarýðublöð www.bakarameistarinn.is



Bifreiðastjórar
Vegna aukinna verkefna vantar okkur nokkra bifreiðastjóra til starfa sem fyrst. Um er að ræða bæði 100% störf og hlutastörf sem henta bæði konum og körlum.
Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma 515-2700 á skrifstofutíma.



Bifvélavirkjar/Vélvirkjar
Vegna aukinna verkefna vantar okkur nokkra Bifvélavirkja/Vélvirkja / Verkstæðismenn til starfa sem fyrst.
Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma 515-2700 á skrifstofutíma.

Cafe Conditori Copenhagen
Við óskum eftir hressu og góðu fólki í fullt starf á kaffihús okkar. Unnið er á vöktum og fá allir starfsmenn kennslu í kaffigerð.
Nánari upplýsingar veitir Silvía í síma 699 8827.

Íspólska ráðningarþjónustan útvegar pólskt starfsfólk. Við erum í Póllandi og veitum aðstoð við önnur viðskipti. S. 0048 669587238 eða ispolska@ispolska.com

Ert þú sjálfstæður og öflugur sölumaður?

Timaritaútgáfan Birtingur auglýsir eftir duglegu og kraftmiklu fólki í sölustarf á kvöldin. Frábærir tekjumöguleikar, vinnutími frá kl 18-22, 2-4 kvöld í viku. Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti ingahuld@birtingur.is

Borgarafi ehf óskar eftir góðum krana-manni á 40 tonna bílkrana. Upplýsingar í síma 660-1701 og 660-1704 eða mail Freyr@borgarafi.is

Vantar duglegan starfskraft í fullt starf á Þorrasel dagdeild aldraðra Þorragötu 3, frá 23. júlí til ágústloka eða eftir nánara samkomulagi. Vinnutími 8.00 til 16.00 virka daga. Nánari upplýsingar gefur Droplaug Guðnadóttir 411 2700 droplaug.gudnadottir@reykjavik.is og Guðbjörg Ögmundsdóttir 561 2828 gudbjorg.ogmundsdottir@reykjavik.is

Starfsmaður 30 ára og eldri óskast í dagvinnu, uppl. í s. 660 1770 Ísbúðin Smáralind.

Hótel Búðir óskar eftir næturverði. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og unnið út September. Vinsamlegast hafið samband í síma 435 6700 eða sendið email á burdir@burdir.is

Atvinna óskast

Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal í eftirtalin störf: Smíði, Múrara, Pipara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbilstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.
SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins. Erum einungis með taglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu. Veitum trausta og góða þjónustu. Verð 39.000,- m/vsk

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888



Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarbylur 7 - 110 Reykjavík

Stílisti og fórunarf. reynsla, markaðs sölu og kynningarstarf. Framtíðarstarf óskast. Sími 663 5161.

Starfsfólk frá Lettlandi: smidir, verkamenn, pipulagningamenn, ræstingafólk o.fl. S. 845 7158.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Uppskriftir

matseld.is
Matseld.is

Télylthailandi á Íslandi Rauðikrossinn. Ef einhver vantar að losna við allt ýmistlegt td. frá fótum til bíla eða bara til aðstoða þá með vinnu eða peningum endilega hafið samband í síma 893 8886 eða Engihjalli 8. Einnig er ýmislegt til sölu þar frá hernum td.

Einkamáll

FRÉTTI AF ÖÐRU SAMBANDI

TANTRA
EROTISK VERSLUN

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA

OPID MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD, 12:00 - 18:00

FÁKAFENI 11
HLÍDASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

18plús.is

XXX samfélag Íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plus.is.


Celebrity.is

Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

Auglýsingasími

512
50
50

Mest lesið



HVER VERÐUR NÆSTA DANSSTJARNAN?
SO YOU THINK YOU CAN DANCE
ALLA FIMMTUDAGA KL. 20:40 OG FÖSTUDAGA KL. 20:30





Ég ætla ekkert að hætta að vinna þótt hann sé á leiðinni.

HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST

VERÐ FRÁ
2.368 KR.

SYN2
enski boltinn

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

GOTT FÓLK

Gaf 30 milljónir króna

Bent Scheving Thorsteinsson hefur fært Landspítala - háskólasjúkrahúsi 30 milljónir króna að gjöf sem stofnfé í styrktar- og verðlaunasjóð sem stofnaður hefur verið í hans nafni. Sjóðnum er ætlað að veita styrki og verðlaun fyrir vísindaleg afrek, rannsóknir, ritgerðir og skylda starfsemi á sviði hjartalækninga og hjarta- og lungnaskurðlækninga.

„Ég hef gengist undir erfiða hjartaðagerð sem þetta frábæra fólk á Landspítalanum hjálpaði mér í gegnum. Með þessu vil ég þakka fyrir mig,“ segir Bent sem hefur áður stofnað þrjá sjóði við Háskóla Íslands til styrktar góðum málefnum og rannsóknum. Það eru verðlaunasjóður

Óskars Þórðarsonar barnalæknis, Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Scheving Thorsteinssonar lyfsala og styrktarsjóður Margaret og Bents Scheving Thorsteinssonar sem styður við rannsóknir á sviði eineltis.

Magnús Pétursson, forstjóri Landspítala - háskólasjúkrahúss, tók við gjöfinni við hátíðlega afhöfn í gær og þakkaði Bent fyrir rausnarlegt framlag. - þo

SJÓÐURINN STOFNAÐUR Sjóðurinn mun meðal annars styðja við rannsóknir á sviði hjarta- og lungnaskurðlækninga.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



SUNDABRAUT Gögnum um Sundabraut hefur verið safnað saman á einn stað.

Ný vefsíða um Sundabraut

Á heimsíðu Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar hefur nú verið sett upp ný vefsíða um Sundabraut. Safnað hefur verið saman gögnum sem tengjast þessu viðamikla verkefni: Skýringarmyndum, skýrslum, kynningargögnum og eldri fréttum.

Síðan á að auðvelda jafnt almenningi, hagsmunaaðilum og fjölmiðlum að nálgast gögn málsins, fá yfirsýn yfir þá valkosti sem eru til skoðunar og hvernig matsferlið gengur fyrir sig.

Sundabrautarverkefninu er skipt í tvo áfanga. Fyrsti áfangi er veltenging yfir Elliðaárvog en annar áfangi liggur frá Gufunesi upp á Kjalarnes.

Tilgangurinn með lagningu Sundabrautar er að bæta samgöngur á norðurhluta höfuðborgarsvæðisins, bæta tengingu Vestur- og Norðurlands við höfuðborgarsvæðið, auka öryggi í samgöngum, létta á umferðarþunga á öðrum vegum, auka hagæði í samgöngum og atvinnustarfsemi og opna fyrir þróun byggðar á höfuðborgarsvæðinu til norðurs og norðausturs.

Ný gögn verða sett inn á síðuna jafnóðum og þau koma fram. <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2441>



ATLANTSOLÍA Nýjar stöðvar rísa við Selfoss og í Hveragerði.

Nýjar stöðvar á Suðurlandi

Atlantsolía stendur í útrás. Framkvæmdir eru hafnar við uppbyggingu bensínstöðvar fyrirtækisins í Fossnesi við bæjarmörk Selfoss. Stefnt er að því að framkvæmdum ljúki í byrjun hausts en stöðin verður sjálfsafgreiðslustöð með átta dælum. Á svipuðum tíma hefjast framkvæmdir sams konar stöðvar í Hveragerði.

Af vef www.sudurland.is.

FRÁBÆR KAUP!

Sjö manna Kia Carens CRDI dísil, sjálfskiptur, 2,0 l., 140 hö.



2.850.000 kr.

DVD bílabíó og dráttarbeiðslu innifalið í verði

KIA CARENS

Nýi sjö manna fjölnotabíllinn frá Kia er kominn og sameinar glæsilegt útlit, sveigjanlegt rými og frábæra aksturseginnleika.

Ríkulegur staðalbúnaður:

- ABS og EBD hemlakerfi
- ESP stöðugleikastýring
- Álfelgur
- Bakkskynjari
- Loftkæling
- 3ja punkta öryggisbelti fyrir sjö farþega
- Hraðastillir
- Aksturstölva
- Ræsitengd þjófavörn
- ... og margt fleira



BÍLABÍÓ

Nú bjóðum við KIA Carens með DVD bílabíó og þráðlausum heyrnartólum, ásamt 5 frábærum DVD diskum frá Senu.

HEKLA KIA umboðið á Íslandi er í eigu HEKLU.

KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

KIA
KIA MOTORS
The Power to Surprise™



Vantar þig auka-pening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og óflugt dreifingarvirkir tæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjö hundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.



STUÐ MILLI STRÍÐA Hvar er álskólinn?

ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR SKILUR EKKI HVERS VEGNA VIÐ ÞURFUM ÖLL ÞESSI ÁLVER OG ALLA ÞESSA HÁSKÓLA



Það er ekki svo langt síðan þekktu mátti öll almennileg bæjarfélög á tvennu: Þar var frystihús og þar var félagsheimili. Í dag hefur frystihúsunum verið lokað og félagsheimilin standa auð. Í staðinn koma nýjar kröfur því nú kemst ekkert krummaskuð almennilega á kortið nema þar sé annaðhvort háskóli eða álver og helst hvort tveggja.

Álversslagurinn er orðinn svo þreytandi að maður má hafa sig allan viðætli maður að átta sig á því hvar næsta álver mun rísa. Rætt er um álver á Keilisnesi, í Helgúvík,

í Þorlákshöfn og á Húsavík. Allir vilja álver og þar sem engar reykspúandi álverksmiðjur eru uppi á teikniborðinu fyllast menn vonleysi og biðla til ríkisins um að fá að minnsta kosti einn háskóla svo allt fari nú ekki til fjandans.

Ég hef ekki tölu á öllum þeim háskólum sem sprottið hafa upp úti um allar koppagrundir undanfarið. Frá áramótum hefur verið stofnaður: háskóli í gömlu herstöðinni á Keflavíkurlugvelli, orkuháskóli á Akureyri og útibú á Ísafirði frá Háskólanum á Bifröst. Ef fram fer sem horfir mun fjöldi íslenskra háskóla tvöfaldað áður en árið er úti. Gott ef ég heyrði ekki einhvern ávæning af því að stofna ætti þjóðlagaháskóla á Siglufirði.

Ég þrifa mig sæla að vera ekki nýútskrifuð úr menntaskóla. Valkvíði nýstúdentanna hlýtur að vera óbærilegur.

Fyrir hundrað árum síðan áttu Íslendingar engan háskóla. Nú erum við að safna þeim.

Ég furða mig á því að engum skuli hafa dottið í hug að sameina þessi tvö helstu kappsmál Íslendinga með því að setja á fót álskóla. Sveitarfélögin gætu slegist um staðsetningu hans og eflaust myndi hann bjarga einhverju sjávarplássi frá því að þurrkast út af Íslandskortinu. Þar yrði boðið upp á nám í öllu því sem viðkemur álverum og álæði. Og að sjálfsögðu á háskólastigi því allt annað er rugl.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



FÓLK RÁKVAÐ TÉTTANN

Blaða-maður KK • starfsmaður blaðs, sá sem hefur atvinnu af að skrifa í blöð - *Íslensk orðabók*

„Ég heiti Valur Grettisson.

Ég er blaðamaður á DV af því að ég vil segja sögur af raunverulegu fólki í raunverulegum aðstæðum. Ég vil miðla þessum sögum, því þær geta haft mikil áhrif og eru nauðsynlegt innlegg í þjóðfélags-umræðuna. **Ég tala þínu máli.**”



Talar þínu máli

Tónleikar í Sigurjónssafni



Kl. 13 í dag hefst nýtt sakamála-leikrit á Gufunni kl. 13. Sá yðar sem syndlaus er eftir Ævar Örn Jósefsson í leikstjórn Ágúst Guðmundssonar. Stór hópur leikara kemur fram í fimmtán þáttum. Tónlist semur Hallur Ingólfsson en hljóðvimsla er í höndum Einaris Sigurðssonar.

Árlegir sumartónleikar Listasafns Sigurjóns hófu göngu sína sumarið 1989. Tónleikaröðin þótti kærkomin viðbót við menningarlífið í borginni því framan af voru þetta einu reglulegu tónlistarviðburðir á sumrin í Reykjavík. Fyrir utan vandaða tónlist og flutning einkennir það tónleikana að vera fremur stuttir. Þeir hefjast klukkan 20.30 og standa í um klukkustund sem hentar flestum á löngum sumarkvöldum. Eftir tónleika þykir flytjendum og gestum afar notalegt að njóta veitinga í kaffistofu safnsins fyrir opnu hafinu og síðbúnu sólarlaginu á sundunum.

Ásókn er mikil meðal tónlistarfólks að fá að leika á tónleikunum og í lok umsóknarfrests, um miðjan febrúar síðastliðinn, höfðu um helmingi fleiri sótt um en hægt var að sinna. Fyrstu tónleikar sumarsins verða á þriðjudagskvöldið kl. 20.30: Söngtríóíð Live from New York er skipað söngvurum úr kór Metropolitan óperunnar í New York, Constance Green sópran, Ellen



Lang mezzosópran og Irwin Reese tenór, ásamt píanóleikaranum Robert Rogers. Þau flytja ameríska söngleikja- og óperutónlist ásamt afrísk-amerískum þjóðlögum.

Upplýsingar um tónleikaröðina má finna á netsíðum safnsins (www.lso.is) og þar má nálgast efnisskrár tónleikanna þegar þær eru tilbúnar.

- pbb

> Ekki missa af ...

Tónleikum Símfóníuhljóm-sveitar unga fólksins í kvöld kl. 20.00 í Neskirkju í Reykjavík. Þar eru tveir þættir úr Péturs Gauts-svítu Grieg á dag-skrá auk flutnings á konsert fyrir píanó eftir John Sarkissina. Einleikari er Armen Babakhanian.

menning

menning@frettabladid.is

NÝJAR BÆKUR

Glæpur - 12 nýjar íslenskar glæpasögur eru komnar út á forlagi Birtings og eru allar í smásagnakeppninni Gaddakylfunni sem Mannlíf og Hið íslenska Glæpafélag standa að. Höfundarnir eru á ýmsum aldri og koma úr öllum aldurshópum. Bókin er 103 síður í kiljubroti og mun fylgja tímaritinu Mannlífi.




Leýnda kvöldmáltíðin eftir Javier Sierra er komin út hjá Máli og menningu í þýðingu Tómasar Einarssonar. Leonardo

da Vinci er að klára málverk sitt af síðustu kvöldmáltíðinni og sögur eru í gangi um að við hirð hertogans í í Milánó. Páfagarður sendir sinn mann á vettvang. Þessi sögulegi

krimmi er 358 síður í kilju.

The Mountain, stór og ríkulega myndskreytt bók um feril og verk Georgs Guðna, er komin út. Textinn eftir þá Hannes Sigurðsson og Aðalstein Ingólfsson er bæði á ensku og íslensku, en bókin kemur út samtímis stórrí sýningu á verkum Georgs Guðna í Listasafni Akureyrar. Bókin er í mjúku bandi og stóru broti, 176 síður og er prentuð í Prentsmiðju Odda, Art.is.



BYGGINGARLIST Skálinn eftir Ólaf og Ketil að utan. Hann vindur upp á sig eins og sjá má á myndinni.

LIÓSMYND: SERPENTINE GALLERY MED GÓÐFÚSLEGU LEYFI

Hrófatildur í Hyde Park

Breska blaðið Observer greindi frá því í fyrri viku að fyrirhugaður skáli Ólafs Elíassonar og norska arkitektsins Ketils Thorsen við Serpentine-galleríð í London yrði ekki reistur sökum þess að þeir hefðu ekki staðist skilafrest á teikningum. Í þeirra stað hefði íranski arkitektinn Zaha Hadid tekið að sér verkefnið og myndi skila því þann 11. júlí. „Við skulum kalla þessa frétt leiðinlegan misskilning,“ sagði Tom Coupe á kynningardeild safnsins sem stendur við samnefnda tjörn í Hyde Park. „Allar áætlanir standast og skálinn verður tilbúinn fyrir samkomu helstu fjárfesta okkar.“

Ólafur og Ketill teiknuðu stóran skála við galleríð sem er skammt frá Royal Albert Hall og skyldi hann standa uppi tímabundið. Átti húsið að vera risið í ágústbyrjun og standa til loka nóvember. Er hugmynd þeirra sú að þar verði vinnustofa arkitekta og vísindamanna opin hvern föstudag. Atburðaskráin í skálanum endar á maraþonráðstefnu í tvo sólarhringa með hléum þar sem krufin yrði arkitektúr skynfæranna.

Ólafur er sem kunnugt er hönnuður á ytra byrði tónlistarhúss sem nú ris í Reykjavík. Hann er einnig í samvinnu við Hirshhorn-safnið í Washington um endurbætur á safninu til að auka þar aðsókn og vann hugmyndasamkeppni um viðbyggingu á ArOs-listasafninu glæsilega í Árósum.

Ketill vinnur á hinni heimskunnu arkitektastofu Snjóhettu og er aðalhöfundur nýja bókasafnsins í Alexandríu. Hann hefur unnið áður með Ólafi að hluta nýja óperuhússins í Osló sem nú er í byggingu.

Það er Íslandsvinurinn og

sýningarstjórinn Hans Ulrich Obrist sem hefur umbýlt nokkuð stefnu Serpentine. Hans er einn af sýningarstjórum þar og hefur

listamiðstöðinni á liðnu ári. Hans hefur átt í samstarfi við Eiðasetur og Ara Alexander kvikmyndahöfund, kom meðal



BYGGINGARLIST Myndverk eftir Hadid sem Serpentine pantaði frá henni og verður sett upp núna um helgina fyrir fjárflyunarhóf við galleríð þann 11. júlí.

MYND: SERPENTINE GALLERY

getið sér gott orð sem slíkur víðar: hann skipulagði stóra sýningu bandarískra listamanna sem hér var fyrir í vetur og átti einnig hlut að stóru Kína-sýningunni – fyrsta hluta – sem var í Battersea-

annars að kvikmynd hans um Magnús Blöndal Jóhannsson.

Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum er skálinn óvenjuleg smíð og geta lesendur Fréttablaðsins lagt leið sína út í Hyde Park og

litið á bygginguna fram eftir hausti. Þar verður sýning Hreins Friðfinnssonar frá 18. júlí og þegar henni lýkur tekur þar við sýning á verkum Matthews Barney.

Misskilningur blaðamanns Observer kann að skapast af því að annað tímabundið mannvirki verður reist í Serpentine undir fjárflyunarhóf fyrir ríka fólkið sem gefur fé til rekstrar gallerísins þar sem það kemur saman og drekkur kampavín í sínu finasta þússi. Það er einhvers konar myndverk – innsætning er það kallað – eftir íranska arkitektinn og samstarfsmenn hennar. Hadid er mikil uppreisnarkona í heimi byggingarlista vesturálfu. Hún er fædd 1950 og hefur á liðnum árum hannað fjölda bygginga sem margar hafa ekki risið. Meðal þekktari verkefna hennar eru Vitra-slökkvistöðin í Sviss, Phaenovísindamiðstöðin í Wolfsburg fyrir Wolkswagen, og Rosenthal-listamiðstöðin í Cincinnati. Hún er nú að hanna sundlaugahöll fyrir Ólympíuleikana í London 2012.

pbb@frettabladid.is



BYGGINGARLIST Skálinn að innan: Hér verður fundað um ýmis álitamál í skynjun og sköpun rýmis sem er sérstakt áhugamál höfundanna.

Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á gírhúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur

TUCSON SPORT

Frá kr. 27.700 á mánuði*



Bíll á mynd: Hyundai Tucson Sport 2.0 diesel, bsk, 17" álfelgur, vindskeið

Bilasamningur m.v. 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

 **HYUNDAI** www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Hefur gæðin

Paris og Lindsay grafa stríðsöxina

Paris Hilton mætti í 21 árs afmæli Lindsay Lohan á Malibu-ströndinni um helgina. Breska blaðið The Sun greindi frá þessu í gær. Þetta þykir tíðindum sæta enda ekki langt síðan glamúrgjellurnar voru svarnir óvinir. Þær höfðu báðar verið áberandi á galeiðunni í Hollywood fyrir um ári síðan og fengið sér einn eða tvo drykki saman. En þegar Lindsay reyndi við unusta Paris sauð upp úr hjá stúlkunum og þær létu svívirðingar og fúkyrði fjúka hvor um aðra á opinberum vettvangi.

En síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Þær hafa báðar komist

í kast við lögin, farið í meðferð eftir suksamar nætur og sækja nú kirkju af miklum móð. Enda mæla fjölmiðlafulltrúar stjernanna með því fyrir umbjóðendur sína að eftir að hafa orðið á í messunni sé langbest fyrir þær að finna Guð.

Ög fyrirgefningin virðist leika þar stórt hlutverk því vel fór á með þeim í afmælinu og bíða fjölmiðlar nú spenntir eftir því að Britney Spears sláist í hópinn með þeim stöllum.



JESSICA ALBA Finnst gaman að horfa á allsbera karlmenn.

Alba vill meiri nekt

Leikkonan og þokkadísín Jessica Alba vill sjá meira af nöktum karlmönnum í tímaritum sem stíluð eru á konur. „Kartímarit hafa myndir af geirvörtum kvenna. Af hverju geta konur ekki skoðað tímarit þar sem menn sýna typpin á sér?“ spyr Alba í viðtali við GQ. „Ef það væri til slíkt tímarit þá myndi ég kaupa það. Nekt er ekkert feimnismál fyrir mig,“ segir Alba jafnframt.

Victoria í Ugly Betty

Aðstandendur bandaríska gamanspáttarins Ugly Betty hafa gengið frá samningum við kryddpiuna Victoriu Beckham um að hún leiki í tveimur þáttum í næstu seríu þáttaraðarinnar.



VICTORIA BECKHAM

Victoria mun tæplega þurfa að reyna mjög á leikræna hæfileika í þáttunum því hún mun leika sjálfa sig í litlu hlutverki. Hin 32 ára gamla Victoria fær um 10 milljónir fyrir hlutverkið en áætlað er að hefja tölur í lok mánaðarins.

Fjölskylduerjur fræga fólksins

Ástalíf Hollywoodstjarnanna einkennist oft af ekki af miklum sviptivindum. Það eru þó ekki bara ástarsamböndin sem eru brokkgeng í Hollywood, því oftast en ekki einkennir sama kergja sambönd foreldra og barna.

Britney bitur frá sér

Britney Spears bættist nýlega í hóp þessa frægðarfólks, þegar hún sagði móður sinni, Lynne Spears, að halda sig fjarri börnum sínum og Kevins Federline. Britney vill meina að móðir hennar sé háð verkjalyfjum og vill ekki sjá hana nálægt drengjunum ef hún er undir áhrifum þeirra. Slúðurpressan hermir að Britney sé fyrst og fremst að hefna sín á móður sinni. Britney segir Lynne, í samráði við umboðsmann sinn og Kevin Federline, hafa neytt sig til að leggja inn á meðferðarheimilið Promises fyrir á árinu. Söngkonan segist hins vegar aldrei hafa verið háð áfengi eða eitrylfjum, heldur þjáðst af fæðingarpunglyndi, og hafi þar með ekki átt erindi í meðferð. Lynne segist hafa fulla trú á að deilan leysist von bráðar. Britney segist hins vegar bara biðja fyrir móður sinni.

Játningar brotins hjarta

Lindsay Lohan hefur átt í lengri útistöðum en svo við föður sinn, Michael. Hann hefur verið tíður gestur á lögreglustöðvum ytra, og losnaði úr fangelsi í mars á þessu ári eftir að hafa aflánað tveggja ára dóm fyrir ölvunarakstur og tilraun til líkamsárásar. Hann og Dina Lohan, móðir og umboðsmaður Lindsay, hafa einnig átt í hatrammri skilnaðardeilu sem hefur markað sín spor. Lindsay samdi lagið Confessions of a Broken Heart um raunirnar sem faðir hennar hefur valdið henni. Þrátt fyrir að hún ítreki ást sína á föður sínum í texta lagsins hefur hún enn ekki haft samband við hann og ekki er útlit fyrir að svo verði í bráð.

Í HEFNDARHUG

Britney Spears er ekki hlýtt til móður sinnar þessa dagana og vill ekki hafa hana nálægt sonum sínum tveimur.

Óvingjarnleg Aniston

Samband Jennifer Aniston við móður sína, Nancy, var allt annað en vinalegt í mörg ár. Aniston lokaði alfarið á hana eftir að Nancy fór mikinn um dóttur sína í sjónvarpsþjálfætti árið 1996, þegar frægð Aniston var sem mest. Nancy lét það ekki á sig fá og gaf út bók um barnæsku Jennifer sem hún kallaði „Frá móður til dóttur til Vina“. Eftir níu ára aðskilnað rauf Jennifer þögnina og rétti út sáttarhönd þegar skilnaður hennar og Brad Pitt stóð sem hæst. „Ég er svo ánægð að hún er ennþá hérna,“ segir hún um sættirnar.

Angelina í sáttahug?

Samband Angelínu Jolie, sem er af mörgum talin hafa valdið ofanefndum skilnaði, við föður sinn, leikarann Jon Voight, hefur líka lengi verið stírt. Þegar Voight sagði blaðamönnum árið 2002 að Angelína væri ekki í jafnvægi rauf hún öll tengsl við hann. Voight hefur í gegnum árin gert ítrekaðar tilraunir til að ná sáttum við dóttur sína, en þær hafa engan árangur borið. Í nýlegu viðtali við breska blaðið Evening Standard kom Angelína öllum á óvart þegar hún sagði að hún og faðir hennar myndu reyna að eiga einhver samskipti. „Þegar öllu er á botninn hvolft viljum við hvort öðru aðeins það besta,“ sagði Angelína og ýjaði þar með að því að einhverra breytinga væri von.

SÆTTIR Í NÁND

Angelína Jolie hefur ekkert talað við föður sinn, Jon Voight, í mörg ár, en nú er útlit fyrir sáttir.



ÓSÁTT VIÐ MÓÐUR Jennifer Aniston var ekki sátt við móður sína þegar sú síðarnefnda lét gamminn geisa um barnæsku Aniston í sjónvarpsþætti.

BROTLEGUR FAÐIR

Michael Lohan hefur gerst brotlegur við lögin oftast en Lindsay dóttir hans, sem vill ekkert við föður sinn tala.

Þakklát Armani

Leikkonan Michelle Pfeiffer segist eiga margt að þakka hönnuðinum Giorgio Armani en hann bauðst til þess að klæða hana upp þegar hún var að leika í myndinni Scarface árið 1983. „Ég vissi ekki að fólk í kvikmyndaiðnaðinum gerði slíka hluti,“ sagði hún í viðtali við Contactmusic. „Ég man að ég hugsaði: „Af hverju ætti einhver að vilja klæða mig upp? Og hver er þessi Giorgio Armani?“ Nú er hann sálufélagi minn,“ sagði Pfeiffer. „Hann getur stundum lagað sig að klikkuðum persónuleika mínum. Ég vil ekki þurfa að hugsa um í hverju ég á að vera á stórum viðburðum. Hann bjargar mér frá því að vera á listunum yfir þær verst klæddu.“

MICHELLE PFEIFFER

Leikkonan fagra segist eiga Armani margt að þakka en hér er hún einmitt í kjölfri hönnuðinum.



Rándýr hauskúpa

Myndlistarmaðurinn Damien Hirst opnaði í byrjun júnímánaðar sýningu þar sem hann sýnir dýrasta listaverk sem hefur verið búið til. Verkið er hauskúpa í fullri stærð úr titánium alþakin demöntum. Á hauskúpunni eru 8.601 demantar sem eru samtals 1.106,18 karöt.

Ásett verð hauskúpunnar er 50 milljónir punda sem eru um 6 milljarðar íslenskra króna. Ef verkið selst á þessu verði er Hirst kominn í sama verðflokk og Picasso.

Damien Hirst varð í júnímánuði sá núlifandi listamaður sem á verðhæsta listaverkið. Verk hans Lullaby Spring, eða Vöggvísuvor, var selt á uppboði á tæpar 10 milljónir punda eða um 120 milljónir króna.

George Michael og sambýlismaður hans eru enn sem komið er þeir einu sem hafa lýst áhuga á að kaupa hauskúpuna enda ekki á færi allra að kaupa listaverk á sex milljarða.

Damien Hirst er afar umdeildur listamaður sem er þekktast-



DAMIEN HIRST Umdeildur en vinsæll.

ur fyrir að sýna sundurskornar beljur í formalhefði, rotnandi dýrshæ og fleira huggulegt. Á sömu sýningu og hauskúpan er sýnd má sjá málverk eftir Hirst af keisaraskurðsfæðingu sonar hans og krabbameinsæxlum.



DÝR HAUSKÚPA Ásett verð þessarar demantspökta hauskúpu eftir Damien Hirst er sex milljarðar króna.

Weislusetrið

Afmælisveislur
Pinnaborð
Smáréttahlaðborð
Danbrauð

Weislupjónusta
Weislusalur

Borgartúni 6
S. 699-1653 • 517-0102



Máttur kvenna

Háskólinn á Bifröst býður upp á 11 vikna rekstrarnám fyrir konur sem hafa áhuga á að bæta þekkingu sína í atvinnurekstri

Undanfarin ár hefur Háskólinn á Bifröst, í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni, boðið upp á rekstrarnám fyrir konur sem hafa áhuga á að bæta rekstrarþekkingu sína. Stefnt er að því að halda **Mátt kvenna I** í fimmta sinn vorið 2008. Auk þess verður nú í haust boðið upp á **Mátt kvenna II**, framhaldsnámskeið fyrir konur sem hafa lokið **Mætti kvenna I**. Námið fer fram í fjarnámi en það hefst og lýkur með sameiginlegri vinnuhelgi á Bifröst.

Máttur kvenna I

- Bókhald I
- Upplýsingatækni
- Markaðs- og sölumál
- Fjármál
- Áætlanagerð

Máttur kvenna II

- Bókhald II
- Enska
- Skattar
- Rekstrarhagfræði
- Samningatækni
- Starfsmannastjórnun

Markmið námsins

Markmið námsins er að gera konur í atvinnurekstri hæfari til að reka fyrirtæki sín, auka arðsemi fyrirtækjanna og efla störf á landsbyggðinni. Auk þess aðundirbúa nemendur fyrir almennan rekstur smærri fyrirtækja, er lögð áhersla á að viðhalda og efla tengslanet kvenna.

Dagsetningar

Máttur kvenna I: 18. janúar - 5. apríl 2008

Máttur kvenna II: 31. ágúst 2007 - 24. nóvember 2007

Verð

Máttur kvenna I: 60.000 kr.

Máttur kvenna II: 85.000 kr.

Innfalið í verðinu er kennsla í fjarnámi, 2 vinnuhelgar með kennurum, gisting og matur á vinnuhelgum.

Skráning og nánari upplýsingar hjá verkefnastjóra símenntunar Huldu Ingibjörgu Rafnarsdóttur, í síma 433 3000 eða hulda@bifrost.is

Sjá einnig frekari upplýsingar á heimasíðu skólans:

www.bifrost.is

311 Borgarnes | Sími 433 3000

MÁTTUR
KVENNA

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

NÝTT Í BÍÓ!

FRÁ LEIKSTJÓRA **BRUCE ALMIGHTY**

Steve **CARELL** Morgan **FREEMAN**

Evan ALMIGHTY

STÆRSTA GRÍNMYND SUMARSINS

Evan hjálpi okkur!

DIE HARD 4.0 YIPPEE KI YAY

LOOKOUT

14 LUXUS

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000	REGNBÖGINN Sími 551 9000
EVAN ALMIGHTY kl. 4-6-8-10	THE LOOKOUT kl. 5:50-8-10:10
DIE HARD 4.0 kl. 5-8-10:45	DIE HARD 4.0 kl. 5:30-8-10:40
DIE HARD 4.0 LUXUS kl. 5-8-10:45	PREMONITION kl. 5:45-8-10:15
FANTASTIC FOUR 2 kl. 3:40-5:50-8-10:10	FANTASTIC FOUR 2 kl. 6-8:20-10:30
HOSTEL 2 kl. 8-10:10	
SPIDERMAN 3 kl. 5	
	450 kr. í bíói!
HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919	ALFABAKKA Sími 462 3500
EVAN ALMIGHTY kl. 6-8-10	EVAN ALMIGHTY kl. 6-8-10
DIE HARD 4.0 kl. 5:15-8-10:45	DIE HARD 4.0 kl. 8-10:20
PREMONITION kl. 8-10	PREMONITION kl. 6
FANTASTIC FOUR 2 kl. 6	

MIDASALA á midi.is BÍÓ,IS

www.SAMbio.is 575 8900 midi.is

Evan hjálpi okkur

SHREK, Fíóna, Stígvélaði kötturinn og Asninn eru mætt aftur í skemmtilegasta ævintýri allra tíma

SHREK 3

EVAN ALMIGHTY

ALFABAKKA

EVAN ALMIGHTY kl. 4-6-8-10:10	SHREK 3 M- ISL. TAL kl. 4-6-8-10:10
EVAN ALMIGHTY VIP kl. 4-6-8-10:10	SHREK 3 M- ISL. TAL kl. 4-6
BLIND DATING kl. 4-6-8-10:10	PIRATES 3 kl. 5:30
OCEAN'S 13 kl. 8-10:30	ZODIAC kl. 9

KRINGLUNNI

SHREK 3 M- ISL. TAL DIGITAL kl. 6:15	L
SHREK 3 M- ENSKU TAL DIGITAL kl. 8:15-10:20	L
CODE NAME CLEANER kl. 6	10
PIRATES 3 DIGITAL kl. 8:40	10

AKUREYRI

SHREK 3 M- ISL. TAL kl. 6	L
SHREK 3 M- ENSKU TAL kl. 6-8	L
BLIND DATING kl. 8	10

KEFLAVÍK

EVAN ALMIGHTY kl. 8-10	L
DIE HARD 4 kl. 10	14
SHREK 3 kl. 8	L

VIP SALURINN ER BARA LUXUS ER STAÐSETTUR Í SAMBANDIÐNUNN ALFABAKKA

Nýtt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ

EVAN ALMIGHTY

BRUCE WILLIS DIE HARD 4.0

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

EVAN ALMIGHTY kl. 4, 6, 8 og 10	L
DIE HARD 4.0 kl. 7:30 og 10-POWER	14
SHREK 3 enskt tal kl. 4, 6 og 10	L
SHREK 3 íslenskt tal kl. 4, 5, 45 og 8	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

Öll sagan sögð

Á The Traveling Wilburys Collection eru báðar plötur hljómsveitarinnar, nokkur aukalög og DVD diskur með þeim fimm myndböndum sem hún gerði og heimildarmynd um tilurð og sögu sveitarinnar. Samsagt allt það sem skiptir máli í einum pakka.

Traveling Wilburys var einstök sveit í poppsögunni. Þessi mesta súpergrúpa allra tíma hafði innanborðs þá George Harrison, Bob Dylan, Roy Orbison, Tom Petty og Jeff Lynne. Hún varð til fyrir hreina tilviljun árið 1988 þegar Harrison þurfti að taka upp B-hliðarlag fyrir smáskífu. Sveitin hefði sennilega aldrei getað neitt ef einhver hefði reynt að hugsa hana upp og plana og hún virkaði svona vel af þeirri ástæðu helstri að fimmhættuþingarnir voru allir góðir vinir.

Textar og lög Traveling Wil-

burys voru samin á staðnum og tekin upp nánast samstundis. Það segir eitthvað um hæfileika þessara fimm tónlistarmanna að báðar plöturnar eru fullar af finum lagasmíðum. Annað sem maður tekur strax eftir er söngurinn. Roy Orbison (sem féll frá eftir gerð fyrri plötunnar) nýtur sín sérstaklega vel og hinir skila sínu líka vel hver með sínu nefi. Það er auðvitað mikill fengur í hljómsveit sem hefur Bob Dylan innanborðs og manni hlýnar um hjartarætur í hvert sinn sem karlinn hefur upp raust sína, enda virkar hann sérstaklega afslappaður og sáttur í þessu samstarfi.

Traveling Wilburys heyrir sögunni til þar sem bæði Roy Orbison og George Harrison eru farnir yfir móðuna miklu. Collection pakkinn sem er unninn af hinu rómaða endurútgáfufyrirtæki



TÓNLIST Collection

Traveling Wilburys

★★★★

The Traveling Wilburys Collection er flottur pakki sem inniheldur allt efni mestu súpergrúpu poppsögunnar.

Rhino Records setur punktinn aftan við feril hljómsveitarinnar. Hér er sagan öll.

Trausti Júlíusson

Treystir ljónum betur en fólki

Kevin Richardson er nýjasta stjarnan í dýralífsþáttagerð og hefur verið nefndur næsti Steve Irwin. Hann hefur einstakt lag á ljónum og getur fengið villtustu karldýrin til að leika við sig.



GÓÐUR FÉLAGI Kevin umgengst ljónin eins og venjulegt fólk umgengst kettlinga.

„Ég hef verið kallaður klikkaður, oft og mörgum sinnum. En fyrir mér er miklu hættulegra að keyra á hraðbrautinni. Það er raunveruleg klikkun,“ segir Kevin, sem hefur sérhæft sig í atferli spendýra og starfar í ljónagarði í Suður-Afríku. Hann er 32 ára gamall og hefur rannsakað líf og hegðun ljóna frá unglingsaldri. Á þeim tíma hefur hann náð að þróa einstakan hæfileika sem gerir það að verkum að hann getur, algjörlega áhyggjulaus, sofið með heilli ljónahjörð og jafnvel kysst og knúsað ljónaunga með samþykki móðurinnar. Myndbönd með Kevin er að finna á YouTube og þættir með honum hafa verið sýndir á sjónvarpsstöðvum sem sérhæfa sig í dýralífi.

„Þau sjá mig sem eitt af þeim. Þau ná að tengja mig við sig og treysta mér,“ sagði Kevin þegar hann var spurður að því hvernig hann færi að. Hann segist ekki geta útskýrt hvernig hann nálgast ljónin öðruvísi en aðrir – fyrir honum sé þetta einfaldlega meðfætt. „Því hefur verið haldið

fram að ég hafi verið ljón í fyrra lífi. Ég gef nú lítið fyrir það,“ segir Kevin, sem nefndur hefur verið næsti Steve Irwin, ástralski krókóðilfræðingurinn sem lést á síðasta ári.



GAMNISLAGUR Kevin finnst fátt skemmtilegra en að slást við ljónin sem þó gera honum aldrei mein.



KELERÍ Ljónin sækjast í kossa og faðm-lög með Kevin. Ljónin líta á Kevin sem einn af þeim.

„Þetta er ótrúlegur og einstakur hæfileiki. Ljónin elska Kevin en samt sem áður fær hann alla okkar virðingu fyrir að þora að klappa og kyssa þessi dýr. Það er með ólíkindum,“ segir Ian Melass, eigandi ljónagarðsins sem Kevin vinnur í.

Ástríða og áhugi Kevins á villtum dýrum er langt um meiri en venja er hjá dýravinum. Segist hann jafnvel bera meiri tilfinningar til ljóna en eiginkonu sinnar.

„Lykilorðin eru ást og virðing. Ljónin skynja þá skilyrðislausu ást sem ég ber til þeirra,“ segir Kevin og bætir við að hann treysti ljónum miklu betur en mannfólki. „Ég hef aldrei áhyggjur af því að ljón muni stinga mig í bakið. Það eru miklu meiri líkur á að manneskur komi mér í vandræði.“

vignir@frettabladid.is

SJÁLFSKIPTUR SWIFT

4ra þrepa alvöru sjálfskipting, 1.5 L, 101 hestafla vél, búnaður og aksturseiginleikar í sérflokk. Komdu í reynsluakstur upplifunin verður ánægjuleg.

Verð frá 1.779 þús. 19.834 á mánuði*
Kíktu á suzukibilar.is

SUZUKI ...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF. Skeifunni 17. Sími 568 5100.

*Miðað við 30% útborgun og bilasamning Gltnis til 84 mánaða, 50% ísk/50% erlend mynt.

LEIKARAR FRAMTÍÐARINNAR **Hallgrímur Ólafsson**

Nikótíntyggjóid er ómissandi

Níu leikarar útskrifuðust frá Listaháskóla Íslands fyrir skemmstu og er ábyggilega ekki langt að biða þar til andlit þeirra verða Íslendingum að góðu kunn. Á næstu dögum munu þessir nýj-ustu leikarar landsins sitja fyrir svörum hjá Fréttablaðinu, hver í sínu lagi. Í dag er það Hallgrímur Ólafsson sem situr fyrir svörum.

Aldur: 30 ára

Draumahlutverkið? Það hlýtur að vera Hamlet.

Bókin á náttborðinu? Furðulegt háttalag hunds um nótt. Skyldulesning!

Hvíta tjaldið eða leiksviðið? Bæði betra.

Hverjum er það að kenna að þú fórst í leiklist? Benna Erlings. Hann kom mér inn í skólann í gegnum klíku. Þannig virkar það.

Besta æskuminningin? Þegar ég fékk BMX-safari hjól. Felldi tár og allt.

Með eða á móti kvótakerfinu? Ef það er til eitthvað betra þá er ég á móti því.

Sáttur við nýju ríkisstjórnina? Já, ég er sáttur.

Hvar er best að vera? Uppi í rúmi með konunni.

Þú ert orðinn of seinn á frumsýningu. Það er rautt ljós en enga löngu að sjá.

Hvað gerirðu? Fer yfir á rauðu! Eða svona appelsínugulu.

Hvers getur þú síst verið án? Nikótíntyggjós.

Versta starf sem þú hefur unnið? Þegar ég vann við að raða lambalærum í kör í sláturhúsi í Borgarnesi. Það var viðbjóður, enda mætti ég oft of seint.

Ef þú værir síamstvíburi, hvern vildirðu helst hafa fastan við þig? Ég myndi ekki vilja leggja það á nokkurn mann að vera fastur við mig.

Þjóðleikhúsið eða Borgarleikhúsið? Leikfélag Akureyrar.

Hvernig týpa ertu? Bolur sem þykist vera lopi en er samt enginn ullarhattur, nema þegar það á við.

HALLGRÍMUR ÓLAFSSON
Tyggur nikótíntyggjó af
miklum móð.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



FRÉTTIR AF FÓLKI

Grammy verðlaunahafinn **Nelly Furtado** er trúlofuð hljóðtækni-
manninum **Demacio**



„Demo“ Castellon en hann vann með henni að plötunni Loose árið 2006. Í júlí 2006 hafði Furtado minnst á leynilegan kærasta og sagði: „Ég vil helst ekki tala um þetta. Hann er ekkert frægur eða neitt þannig.“ Nú hins vegar sést hún ekki án þess að skarta risastórum trúlofunarhring og því virðist kærastinn ekki lengur svo leynilegur.

Justin Timberlake

hefur að undanfögnu unnið með **Madonnu** að næstu plötu hennar en hið sama hefur hann einnig verið að gera fyrir Duran Duran. Auk þessa alls er hann ennþá á tónleikaferðalagi og kemur fram á fimm tónleikum í London á næstunni en uppselt er á þá alla.




Jennifer Aniston hefur lokað sig inni og vill

helst ekkert fara út. Vinkonur hennar koma alltaf í heimsókn til hennar en hún aldrei til þeirra. Hún er hætt að fara á ýmsa veitingastaði eins og Nobu í Malibu og Il Sole í Vestur-Hollywood. Ástæðan er sú að hún segir þar vera svokallaða „heimildarmenn“ slúðurblaða sem hringi í slúðurfréttamenn um leið og hún er farin. Grey kellingin fær engan frið.

Kate Moss mun ekki endurnýja samning sinn sem andlit undirfatafyrirtækisins Agent Provocateur en hann rennur út í ágúst. Ofurfyrirsætan hefur setið fyrir á fjölda mynda fyrir fyrirtækið og auk þess myndböndum í anda Lisu í Undralandi. Vefsíða fyrirtækisins hrundi þegar fyrstu myndböndin voru sett á netið vegna alls þess fjölda sem reyndi að skoða þau. Fyrirtækið var stofnað árið 1995 af **Serenu Rees** og eiginmanni hennar

Joe Corre. Persónulegur ágreiningur á milli þeirra hefur skemmt samstarfið en Rees er sögð hafa átt í framhjáaldi með **Paul Simonon**, bassaleikara The Clash. Eiginmaðurinn er vist góður vinur Moss og hafði fyrirsætan hóttað því að rífta samningnum vegna ástandsins. Það gekk þó ekki eftir og Moss mun starfa fyrir fyrirtækið út ágúst.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Njóttu dagsins - taktu flugið



Aðeins nokkur skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

Njóttu dagsins, taktu flugið og smeltu þér á flugfelag.is

> Blíkastúlkur unnu Fjölni

Tveir leikir fóru fram í Landsbankadeild kvenna í gærkvöldi. Breiðablik bar sigurorð af Fjölni í Kópavoginum 2-1. Margrét Magnúsdóttir kom Fjölni yfir en Guðrún Sóley Gunnarsdóttir jafnaði metin. Katherine Moss skorði svo sigurmark Breiðabliks sem er komið með tíu stig eftir sjö leiki. Þá unnu ÍR-stúlkur sinn fyrsta leik í sumar í botnslagnum gegn Þór/KA. Ana Rita Andrade Gomes kom þeim hvítklæddu yfir á 9. mínútu áður en Bryndís Jóhannsdóttir skorði úr vítaspyrnu og kom ÍR í 2-0 í fyrri hálfleik. Bryndís bæti svo við öðru marki sinu og þriðja marki ÍR í upphafi síðari hálfleiks og þar við sat. ÍR lyfti sér þar með upp í sjöunda sæti deildarinnar.

sport
sport@frettabladid.is



LEEDSARINN GYLFI EINARSSON: ER AÐ VONUM EKKI SÁTTUR MED ÓRÓLEIKANN Í KRINGUM FÉLAGIÐ SITT

Allir eru orðnir pirraðir á þessu endalausá vesení

Leeds virðist sökkva dýpra og dýpra í skuldafenið og er nú orðið svo djúpt að óvist er með þátttöku félagsins í deildakeppninni á Englandi á næsta tímabili. Leeds skuldar um 35 milljónir punda en ógreiddir skattar hafa komið félaginu í verulega klípu. Verði skuldirnar ekki þurrkaðar út fyrir tímabilið er ólíklegt að félagið fái að senda lið til keppni.

„Ég veit eiginlega ekkert hvað er í gangi, ekki frekar en neinn annar held ég. Við leikmenn erum lítið látnir vita hvað er í gangi og ég vil helst ekki tjá mig um eitthvað sem ég hef litla vitneskju á. Þetta er í einhverjum farvegi sem æðstu menn eru að vinna í. Það er vonandi að þetta leysist, það er glatað að hafa þetta svona,“ sagði Gylfi Einarsson, leikmaður Leeds, um ástandið hjá þessum sögufæga klúbbi.

Forráðamenn Leeds lýstu því yfir að félagið væri til sölu á föstudaginn. Þegar hafa nokkrir lýst yfir áhuga sínum á því að kaupa félagið sem með óskynsamlegum

kaupum á leikmönnum steypti sér í miklar skuldir. Liðið féll á endanum úr ensku úrvalsdeildinni og fór svo úr vondu í verra þegar liðið féll niður í 2. deildina. Aðeins sex ár eru síðan félagið spilaði í undanúrslitum Meistaradeildarinnar. Frestur til að senda formlegt boð í félagið rennur út í dag en fastlega er gert ráð fyrir því að tilboð muni berast.

„Ég neita að trúa að þetta verði svona mikið lengur. Þetta er vandamál sem yfirmennirnir verða að leysa. Þeir þurfa að vinna sína vinnu á meðan við vinnum okkar,“ sagði Gylfi. Hann segir þó að hann sé ekkert að ihuga sína framtíð hjá Leeds.

„Auðvitað eru leikmenn orðnir pirraðir á þessu endalausá vesení sem ríkir í kringum klúbbinn. Þetta er þó ekki komið á það stig að ég sé að skoða mín mál neitt sérstaklega,“ sagði Gylfi sem meiddist á æfingu nýverið og verður frá í nokkrar vikur.



LANDSLIÐSMAÐURINN Fer frá Englandi til Noregs í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Emil Hallfreðsson:

Skrifar undir hjá Lyn á morgun

FÓTBOLTI Landsliðsmaðurinn Emil Hallfreðsson mun væntanlega skrifa undir þriggja og hálfis árs samning við norska úrvalsdeildarfélagið Lyn á þriðjudaginn. Arnór Guðjohnsen, umboðsmaður Emils, sagði við Fréttablaðið í gær að Emil færi út á morgun, gengist undir læknisskoðun, og myndi síðan ef ekkert óvænt kæmi upp skrifa undir samninginn sem Emil list vel á.

Arnór sagði jafnframt að Tottenham og Lyn hefðu komist að samkomulagi um kaupverð á Emil. „Lyn hefur fylgst með honum lengi eins og fleiri lið. Hann vill fara að fá að spila strákurinn og ég held að þetta sé rétt skref fyrir hann,“ sagði Arnór en ekki náðist í Emil sjálfan í gær.

- hph



FEDERER Vann sitt níunda stórmót í röð og þrettánda í heildina. NORDICPHOTOS/AFP

Roger Federer vann Nadal:

Sögulegur sigur á Wimbledon

TENNIS Roger Federer vann sitt fimmta Wimbledon-mót í röð í gær þegar hann vann Rafael Nadal í fimm settum, 7-6, 4-6, 7-6, 2-6 og 6-2 í sannkölluðum maraþon úrslitaleik. Hann jafnaði þar með með godsagnarinnar Björns Borg sem vann mótið einnig fimm sinnum í röð.

„Hver sigur er sérstakur en að vinna meistara eins og Rafa, og að jafna metið, er mjög sérstakt. Þetta var jafn leikur og ég sagði honum við netið að hann hefði alveg eins átt skilið að vinna, en ég var sá heppni í dag,“ sagði Federer sem féll tárvegur á hné eftir sigurinn í frábærum leik.

- hph

Veigar Páll og Stefán fá bestu dómanna

Veigar Páll Gunnarsson og Stefán Gíslason hafa fengið bestu dómanna í norskum fjölmiðlum af þeim Íslendingum sem þar spila. Veigar og félagar í Stabæk hafa komið á óvart en liðið situr í efsta sæti deildarinnar.

FÓTBOLTI Tímabilið í norsku úrvalsdeildinni er nú hálfnað en þriggja vikna hlé var gert á deildinni fyrir rúmri viku síðan. Fréttablaðið hefur fylgst reglulega með frammistöðu íslensku leikmannanna í deildinni en þeir eru fjórtán sem spila í norsku úrvalsdeildinni. Fjórir stærstu miðlarnir í Noregi; Verdens Gang, Nettavisen, Aftenbladet og Dagbladet, gefa öllum leikmönnum einkunn og má sjá í meðfylgjandi töflum hvaða dóma íslensku leikmennirnir hafa fengið.

Þeir Veigar Páll Gunnarsson og Stefán Gíslason eru ofarlega á öllum listum og hafa nokkurt forskot á aðra Íslendinga. Veigar er með örlítið hærri meðaleinkunn en Stefán sem í síðustu viku gekk til liðs við danska úrvalsdeildarliðið Brøndby frá Lyn.

Veigar Páll og félagar í Stabæk hafa komið rækilega á óvart í deildinni en liðið er nú í efsta sæti hennar. „Enginn bjóst við að við yrðum í efsta sæti deildarinnar að mótinu hálfnuðu,“ sagði Veigar Páll. „Ég held að fólk sé almennt að átta sig á því fyrst núna hversu góða leikmenn liðið er með. Árangurinn kemur okkur ekkert rosalega á óvart, þannig séð, en öllum öðrum.“

Veigar Páll og Sviinn Daniel Nannskog slógu í gegn á síðustu leiktíð og hafa haldið áfram góðu samstarfi sínu í sóknarleik Stabæk á þessari. Þeir eru almennt taldir skipa besta sóknarduett deildarinnar.

„Það hefur gengið mjög vel hjá okkur tveimur og hef ég oft sagt

EINKUNNIRNAR

Meðaltal einkunnna fjögurra stærstu fjölmiðla Noregs

Nafn	Félag	Leikir	Meðale.
Veigar Páll	Stabæk	13	5,46
Stefán Gísl.	Lyn	12	5,45
Indriði Sig.	Lyn	12	5,21
Kristján Örn	Brann	13	5,02
Árni Gautur	Vålerenga	13	4,83
Hannes P.	Viking	10	4,65
Haraldur Fr.	Åsund	11	4,57
Ólafur Örn	Brann	11	4,55
Garðar Jó.	Fredrikstad	6	4,50
Ármann Sm.	Brann	3	4,08
Jóhannes H.	Start	3	4,00
Birkir Bjarnas.	Viking	2	3,89

Viktor Bjarki Arnarson, Lilleström og Höskuldur Eiríksson, Viking, hafa ekki komið við sögu á mótinu til þessa.

áður að við pössum fullkomnlega saman. Hann er þessi dæmigerði markaskorari og er nú næstmarkahæstur í deildinni. Ég skorði aðeins of mikið af mörkum í fyrri og er kominn með fimm núna. Ég er mjög sáttur við það. Ég hef líka gefið níu stöðsendingar og er langhæstur á þeim lista.“

Stabæk sló í gegn í fyrri og náði góðum árangri þá. Nú, enn og aftur, hefur liðið farið langt fram úr væntingum og segja sparspekingar í Noregi að það sé ekki síst að þakka miðvallarleikmönnum Alanzinho og Simon Tchoi. „Alanzinho er búinn að vera hjá okkur í dálftinn tíma en er einfaldlega að blómstra þetta tímabilið. Tchoi kom til okkar frá Odd Grenland þar sem hann fékk ekki mörg tækfæri. En þjálfarinn okkar hefur séð eitt-



VEIGAR PÁLL Hefur spilað mjög vel með Stabæk, topplíði norsku úrvalsdeildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

hvað í honum sem aðrir þjálfarar sjá ekki því hann er algjör kóngur á miðjunni hjá okkur.“

Veigar Páll óttast þó ekki að gengi Stabæk sé bara bóla sem eigi eftir að springa. „Við erum með það sterkt lið að við erum ekkert að fara að gefa eftir. Þetta lítur vel út.“

Skiptar skoðanir eru á því hver sé sterkasta deildin á Norðurlöndunum. Fáir deila á að FC Kaupmannahöfn sé með sterkasta lið Norðurlandanna en Veigar Páll vill meina að heildarsvipurinn á norsku deildinni sé betri. „FCK og

Brøndby eru með mjög sterk lið en það er mikið af lélegum liðum í Danmörku. Norska deildin er með fleiri góð lið, að mínu mati. Ég held að norska deildin sé einnig sterkari en sú sænska. Það eina sem ég hef fyrir mér í því er að ég hef spilað fullt af æfingaleikjum gegn sænskum liðum og aðeins einu sinni tapað. Norsku liðin vinna líka almennt oftar gegn þeim sænsku,“ sagði Veigar Páll. „En ég veit að það eru skiptar skoðanir á þessu. Norska deildin er allavega sterkari en sú íslenska,“ sagði hann í léttum dúr.

eirikur@frettabladid.is

VERDENS GANG

Einkunnir Íslendinganna til þessa

Nafn	Einkunn	Sæti
Stefán Gíslason	5,58	6.-7.
Veigar Páll Gunnarss.	5,38	9.-11.
Indriði Sigurðsson	5,00	38.-39.
Kristján Örn Sigurðss.	4,85	54.-55.
Hannes P. Sigurðsson	4,80	62.-64.
Árni Gautur Arason	4,77	67.-71.
Ólafur Örn Bjarnason	4,73	79.-80.
Haraldur Freyr Guðm.	4,27	115.-118.

Af þeim 151 leikmanni sem hefur spilað minnst átta leiki á tímabilinu.

DAGBLADET

Einkunnir Íslendinganna til þessa

Nafn	Einkunn	Sæti
Veigar Páll Gunnarss.	5,54	5.-6.
Stefán Gíslason	5,17	27.-28.
Indriði Sigurðsson	5,08	36.-37.
Kristján Örn Sigurðss.	5,00	39.-51.
Árni Gautur Arason	4,85	58.-60.
Hannes P. Sigurðsson	4,40	113.-114.
Ólafur Örn Bjarnason	4,36	117.-120.
Haraldur Freyr Guðm.	4,36	117.-120.
Garðar Jóhannsson	4,17	150.-154.

Af þeim 192 leikmönnum sem hafa spilað minnst fimm leiki á tímabilinu.

NETTAVISEN

Einkunnir Íslendinganna til þessa

Nafn	Einkunn	Sæti
Veigar Páll Gunnarss.	5,77	5.-7.
Stefán Gíslason	5,67	8.
Indriði Sigurðsson	5,25	34.-35.
Kristján Örn Sigurðss.	5,15	42.
Hannes P. Sigurðsson	5,00	51.-59.
Árni Gautur Arason	4,85	70.-73.
Ólafur Örn Bjarnason	4,73	88.-93.
Haraldur Freyr Guðm.	4,64	103.-104.

Af þeim 138 leikmönnum sem hafa spilað minnst níu leiki á tímabilinu.

AFTONBLADET

Einkunnir Íslendinganna til þessa

Nafn	Einkunn	Sæti
Indriði Sigurðsson	5,50	9.-10.
Stefán Gíslason	5,42	12.-13.
Veigar Páll Gunnarss.	5,15	36.
Kristján Örn Sigurðss.	5,08	40.-44.
Haraldur Freyr Guðm.	5,00	45.-56.
Árni Gautur Arason	4,85	66.-68.
Garðar Jóhannsson	4,83	69.-71.
Hannes Sigurðsson	4,40	127.-128.
Ólafur Örn Bjarnason	4,36	132.

Af þeim 192 leikmönnum sem hafa spilað minnst fimm leiki á tímabilinu.

Kimi Raikkonen vann annan sigur sinn í röð í Formúlu 1 á Silverstone í gær:

Taktískur sigur Ferrari á Silverstone

FORMÚLA 1 Ferrari-ökumaðurinn Kimi Raikkonen gerði draum Lewis Hamilton á McLaren um sigur á heimavelli að engu þegar Finninn ók til sigurs á Silverstonebrautinni á Englandi í gær. Þetta er annar sigur Raikkonen í Formúlunni í röð.

Raikkonen var annar á ráspól en Hamilton missti hann fram úr sér þegar hann tók þjónustuhlé. Raikkonen gekk á lagið, náði góðu forskoti en Fernando Alonso náði aftur á móti forystunni eftir

fyrsta hlé sitt.

Hann náði þó ekki að stinga Raikkonen af og með frábærum akstri og góðum þjónustuhléum á réttum tíma sigldi Finninn Ferrari-faki sínum í mark, rétt á undan Alonso. Hamilton varð þriðji.

„Bíllinn var frábær alla helgina. Þegar ég vissi að ég ætti nægt eldsneytináði ég að komast fram úr Lewis og það er mjög góð tilfinning að hafa unnið keppnina. Keppnin um titilinn er langt frá því að vera búin, þetta er langt tímabil,“

sagði Raikkonen sem er nú í þriðja sæti í heimsmeistarakeppninni. Hamilton er með 70 stig, Alonso 58 og Raikkonen 52.

Hamilton var sáttur þrátt fyrir brostnar vonir. „Ég er sáttur þar sem ég ók mjög stöðugt en ég náði bara ekki upp nægilegum hraða, svo einfalt er það,“ sagði heima- maðurinn Hamilton.

- hph

ALLT Á FLOTI Raikkonen úðaði kampa- vinni yfir nærstaddra eins og hefð er í Formúlunni eftir sigurinn. NORDICPHOTOS/AFP



ÚTILEGUÚTSALA

Tjaldaútsalan okkar er hafin. Frábært úrval, frábært verð.
Um 30 gerðir af alvöru tjöldum á stórmarkaðsverði.



Mallard sex manna tjald
Fullt verð 39.995 – Útsöluverð aðeins 24.995

Mallard fjögurra manna tjald
Fullt verð 27.995 – Útsöluverð aðeins 17.995

Mallard átta manna tjald
Fullt verð 51.895 – Útsöluverð aðeins 31.995



Merlin tveggja manna tjald
Fullt verð 12.895 – Útsöluverð aðeins 7.995

Merlin þriggja manna tjald
Fullt verð 13.895 – Útsöluverð aðeins 8.995

Merlin fjögurra manna tjald
Fullt verð 18.995 – Útsöluverð aðeins 11.395



Shrike fjögurra manna tjald
Fullt verð 15.985 – Útsöluverð aðeins 9.995

Shrike fimm manna tjald
Fullt verð 18.995 – Útsöluverð aðeins 11.995



Prairie tveggja manna tjald
Fullt verð 9.595 – Útsöluverð aðeins 6.995

Prairie þriggja manna tjald
Fullt verð 11.595 – Útsöluverð aðeins 7.995

Prairie fjögurra manna tjald
Fullt verð 13.695 – Útsöluverð aðeins 9.995



Ron Thompson
nestisbakpoki í útileguna
á aðeins 3.900 með
hverju keyptu tjaldi



Curlew 6 manna tjald
Fullt verð 34.995 – Útsöluverð aðeins 21.995

Curlew 8 manna tjald
Fullt verð 44.995 – Útsöluverð aðeins 29.995



Hawk fjögurra manna tjald
Fullt verð 45.995 – Útsöluverð aðeins 29.995

Hawk sex manna tjald
Fullt verð 52.495 – Útsöluverð aðeins 32.995

Hawk átta manna tjald
Fullt verð 59.995 – Útsöluverð aðeins 39.995

Eitt mesta úrval landsins af tjöldum í öllum stærðum og gerðum.

Frá einföldum tveggja manna göngutjöldum upp í stór, 8 manna fjölskyldutjöld.

Á tjaldaútsölunni gefum við 20% afslátt af öllum svefnpokum, bakpokum,
útileguhúsgögnum, eldunaráhöldum og öðrum útilegubúnaði.

Útsalan er líka í netverslun Sportbúðarinnar – sportbudin.is

Við sendum samdægurs um allt land.

Munið vinsælu
gjafabréfin okkar



SPORTBÚÐIN



Sportbúðin býður alla báta og búnað með vaxtalausum
Visa og Euro raðgreiðslum til allt að 12 mánaða.
3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í mánaðagreiðslum.

Krókhálsi 5 - 110 Reykjavík - Sími 517 8050 - Sportbudin.is

Loksins lágu Danir í því

Vaskir landsliðsmenn sýndu og sönnuðu að lengi lifir í gömlum glæðum á Akureyri um helgina. Íslendingar lögðu Dani á 40 ára afmæli 14-2 leiksins margfræga á Parken. Mikil ánægja ríkti með þennan einstaka viðburð.

FÓTBOLTI Siguróli Kristjánsson skoraði sigurmark Íslands gegn Dönum þremur mínútum fyrir leikslok á Akureyri á laugardaginn. Ekki var um hefðbundinn landsleik að ræða, heldur voru samankomnar gamlar landsliðskempur landanna, en leikurinn var lokahnykkur á N1-móti Þórs. Leikið var í tvisvar sinnum 35 mínútur og leyfðar voru frjálssar skiptingar. Leikurinn var skiljanlega mjög rólegur enda

flestir leikmenn komnir úr forminu sem þeir voru í á gullaldarárum sínum. Danirnir voru ívið sterkari en nýttu ekki færin og var refsað grimmilega að lokum.

Nokkrir gamlir taktar sáust en samt það John Sivebæk, fyrirliði Dana, sem var hve sprækastur af leikmönnum liðanna. Í leikslok var hann nokkuð sáttur þrátt fyrir tap. „Þetta var athyglisverður leikur, Íslendingar áttu skilið að vinna

þó svo að við hefðum fengið færin til að klára leikinn. Íslendingar voru mjög líkamlega sterkir og við vorum kannski ekki jafn undirbúnir fyrir það, og líklega skildi það liðin að í leikslok.“

Guðni Bergsson var kampakátur í leikslok og var mjög ánægður með að hafa loksins lagt Dani að velli. „Þetta var frábært, það er alltaf gaman að koma á Akureyrarvöll og ég tala nú ekki um að leggja Dani í leiðinni. Við erum allir orðnir svo gamlir að við erum ekki í eins góðri æfingu og Danirnir því þeir spila reglulega. Við vorum með fleiri skiptimenn þannig að við vorum að skipta meira en þeir sem var eins gott. En það var gaman að vinna þetta og Danirnir voru með léttleikandi og skemmtilegt lið eins og við vissum reyndar.“

Atli Eðvaldsson, fyrirliði íslenska liðsins, var eini leikmaður Íslands sem spilaði allan leikinn. Hann var vígreifur í leikslok og biður spenntur eftir næsta leik. „Þetta var æðislegt. Ég er búinn að bíða í sextán ár eftir þessum leik og vona að það verði ekki sextán



GAMALKUNNIR TAKTAR Arnór Guðjohnsen hóf sig til lofts og sýndi glæsileg tilbrif á Akureyrarvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/PEÐRÓMYNDIR

ára bið eftir þeim næsta.“

Halldór Áskelsson, skipuleggjandi leiksins, var mjög sáttur við

afraksturinn. „Ég held að þetta hefði ekki getað heppnast betur. Ég er alveg í skýjunum, þetta var frábært, stemningin góð og Akureyrarvöllur sjaldan verið eins mikið á lífi og í kvöld, þetta minnti á gömlu dagana. Þetta er í einu orði sagt frábært, að koma aftur og spila með gömlu félögunum í landsliðinu og er gríðarlega þakklátur fyrir að þessir menn skyldu gefa sér tíma til að koma og gamla stemningin lifir ennþá, rétt eins og sjá má, hópurinn stendur saman og getur gert ýmislegt ennþá.“ - skp



MARKASKORARINN Siguróli var borinn á gullstól af félögum sínum eftir sigurmarkið gegn Dönum. FRÉTTABLAÐIÐ/PEÐRÓMYNDIR



REMBINGSKOSS Þorgrímur Þráinsson kyssti Siguróla rembingkossi beint á munninn eftir leikinn.



AÐHLYNNING Leikmenn eru ekki í sama standi og áður og það er nudd að leik loknum. FRÉTTABLAÐIÐ/PEÐRÓMYNDIR

Hagsýnn Íslendingur velur
praktískan og fallegan bíl
Núna Mazda6
Frábær í endursölu

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



GÓÐIR SAMAN Eyjólfur er hér með John Sivebæk, fyrirlíða Dana, sem lék meðal annars með Manchester United á ferlinum.
FRÉTTABLAÐIÐ/PEDRÓMYNDIR

Eyjólfur og Siguróli voru sáttir: „Algjör snilld“

FÓTBOLTI Sauðkrækingurinn og landsliðsþjálfarinn Eyjólfur Sverrisson var eins og flestir leikmenn Íslands í leiknum mjög sáttur við sitt framlag. „Það var virkilega gaman að spila með gömlu félagunum og að byrja á sigri er algjör snilld. Moli kórónaði þetta, kóngurinn á Akureyri, og það gladdi okkur alla. Ég er gjórsamlega búinn, ég spilaði líka á Pollamótinu þannig að það er ekki mikið eftir, en þetta er búið að vera virkilega gaman.“

Siguróli Kristjánsson, markaskorari Íslands, var í skýjunum þegar Fréttablaðið náði tali af honum eftir leik „Ólýsanleg tilfinning að skora hérna, hún er frábær og það fyrir framan 4.000 áhorfendur, algjör snilld.“ - skp



ATLI GÓÐUR Atli Eðvaldsson var sá eini sem spilaði allan leikinn fyrir Ísland.



JCB | SMÁVÉLAR

Mikið úrval smávéla fyrir verktaka, bæjarfélög og fleiri. Einnig fjölbreyttur aukabúnaður t.d. sláttutæki, gröfuarmar og ámoksturstæki.



Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrar 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is

5125050
Auglýsingasími
- Mest lesið



Veldu rétt

Mazda6 er hagkvæmasti bíllinn í rekstri í sínum stærðarflokki, samkvæmt félagi þýskra bíleigenda, ADAC. Komdu í Brimborg og prófaðu Mazda6.

Prófaðu eitthvað nýtt. Gerðu samanburð á japönskum gæðum - berðu saman bæði gæði og þjónustu Toyota og Mazda. Mazda keppir við hvern sem er - helst Toyota. Vertu sportlegur. Veldu annan stíl. Núna Mazda6.

Mazda6 Touring 4 dyra 2,0i sjálfskiptur
2.590.000 kr.*

Vertu sportlegur
Veldu annan stíl
Núna Mazda6

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.mazdabrimborg.is



Öruggur staður til að vera á

> DAKOTA FANNING

Foreldrar Fanning fluttu snemma með hana til Los Angeles til þess að freista gæfunnar og fljótlega fékk hún hlutverk í ýmsum auglýsingum, þá aðeins fimm ára gömul. Fyrsta stóra myndin hennar var í am Sam þar sem hún lék á móti ekki ómerkari spámönnum en Sean Penn og Michelle Pfeiffer. Fanning er eingöngu þrettán ára gömul og því verður forvitnilegt að fylgjast með ferli hennar á næstunni og gá hvort hún falli í hina alræmdu gryfju barnastjarnanna. Fanning sést í spennutryllinum Man on Fire á Stöð 2 Bíó í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON FÉKK HEIMSÓKN OG LAGÐIST ÚT

Sayonara, harði heimur

Það var bankað snemma í gærmorgun. Ég fór úrillur til dyra. Fyrir utan stóð háaldraður japanskur maður í slitnum herklæðum. Hann hneigði sig og spurði á bjagaðri íslensku. „Herra. Getur þú sagt mér hvort stríðið er búið?“ Ég sagði honum að svo væri og seldi honum poka af hrísgrjónum. Ef byssusafnari vill kaupa japanskan herrifil frá seinni heimsstyrjöldinni, þá hafi hann samband. Ég gerði mér grein fyrir því á þessari stundu að tímabært væri að slá garðinn.

Eftir heimsóknina rifjaðist upp fyrir mér sagan af japönsku hermönnum sem láðist að segja frá því að heimsstríðinu mikla væri lokið. Þeir stóðu sína plikt á litlum eyjum í Kyrrahafinu og biðu innrásar. Þykkur skógurinn var hið fullkomna fylgsni. Rétt eins og í garðinum mínum. Á sjöunda áratugnum tóku tveir þeirra hóp ferðamanna höndum. Það þurfti sendinefnd frá Japan til að sannfæra gömlu mennina um að stríðið væri búið. Þeir gátu ekki skilið að keis-

arinn hafði gefist upp rúmlega tveimur áratugum fyrr. Þeir frömdu sjálfsmorð af skömm. Heiðri þeirra var borgið.

Ef það er eitthvað sem vantar í íslenskt sjónvarp þá er það þáttur um garðyrkju. Fjöl margar spurningar vakna þegar maður ákveður að snúa blaðinu við í þessum efnum og gera hreint fyrir sínum dyrum. Er ástæða til að vera vopnaður? Þarf maður að fjárfesta í móteitri gegn slöngubiti? Hvernig verður margra ára skömm þolinmæðin er þrotin. Ekki kannski mín, en konunnar örugglega. Á ég kannski að fela mig þar sem njólinn er þykkastur? Já, það verður ofan á.



Ég bendi byssusöfnunum á að rifillinn er ekki lengur til sölu. Þeir sem eiga gött hrísgrjóna, vinsamlega kastið þeim inn í garðinn við Laugarnesveginn þar sem rétt glittir í lítið rautt hús á bak við öræktina.

EKKI MISSA AF



▶ **16.00 Moonlight Mile** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **18.15 Dr. Phil** SKJÁREINN



▶ **20.00 Jake In Progress** SIRKUS



▶ **21.00 Lífstílsjúkdómar** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.35 Saved** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

16.40 Landsmót UMFÍ (2:4) e.

17.05 Leiðarljós

17.50 Tákn málsfréttir

18.00 Myndasafnið

18.01 Gurra grís

18.06 Lítil prinsessa

18.16 Halli og risaöluflatan

18.30 Vínkonur (42:52)

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.05 Svart kaffi - Baunin ómótstæðilega (1:3) (Black Coffee) Kanadísk heimildamyndaröð um kaffi og sögu þess. Frá því að kaffið var uppgötvað í Eþíópíu hefur það sett mark sitt á efnahag, stjórnmál og þjóðfélagsgerð víða um lönd. Í fyrsta þættinum er fjallað um uppruna kaffis og útbreiðslu þess um heimsálfurnar fimm. Á þeirri vegferð hefur það valdið deilum og jafnvel byltingum, örvæð sköpunargleði fólks og verið svo arðvænleg verslunarvara að fólk hefur verið hnept í þrældóm vegna þess.

▶ **21.00 Lífstílsjúkdómar** (5:5) Í þessum þætti er fjallað um reykingar.

21.15 Í nafni réttlætis (1:13) (In Justice) Bandarísk þáttaröð um lögfræðinga sem vinna að því að fullnægja réttlætinu fyrir fólk sem hefur verið fangelsað saklaust.

22.00 Tíufréttir

22.25 Anna Pihl (4:10) Dönsk þáttaröð um erilsamt starf lögfræðikonunnar Önnu.

23.10 Út og suður (6:16) e.

23.40 Kastljós

00.05 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

06:30 Bet Your Life

08:00 Pétur og kötturinn Brandur 2

10:00 Moonlight Mile

12:00 Pretty Woman (e)

14:00 Pétur og kötturinn Brandur 2

▶ **16:00 Moonlight Mile**

18:00 Pretty Woman (e)

20:00 Bet Your Life

22:00 Special Forces Griðthörð hasarmynd af gamla Rambo-skólanum um bandaríska sérsveitamenn sem beita byssum og öðrum þaulæfðum fantabrögðum til að klára leygniverkefni sín.

00:00 Man on Fire

04:00 Special Force



07:00 Barnatími Stöðvar 2 BeyBlade, Scooby Doo, Litlu Tommi og Jenni

08:05 Oprah

08:50 Í finu formi 2005

09:05 Bold and the Beautiful

09:25 Forboðin feður (86:114)

10:10 Grey's Anatomy (9:25)

10:55 Fresh Prince of Bel Air (7:24)

11:20 Sjálfstætt fólk

12:00 Hádegisfréttir

12:45 Nágrannar

13:10 Sisters (18:24)

14:00 Extreme Makeover (7:23)

14:45 Man's Work (3:15)

15:10 Punk'd (6:16)

15:50 Barnatími Stöðvar 2 (e)

17:28 Bold and the Beautiful

17:53 Nágrannar

18:18 Ísland í dag og veður

18:30 Fréttir

18:55 Ísland í dag, íþróttir og veð

19:40 The Simpsons (18:22)

20:05 Men In Trees (4:17) Bráðkemmtileg ný þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki.

20:50 Pirate Master (6:14) Hörkuspennandi raunveruleikaþáttur í anda Survivor sem gerist um borð í alvöru sjóræningjaskipi. Keppendum er engin miskunn sýnd en þeir þurfa að leysa þrautir og gátur á sjó og landi til að koma í veg fyrir að verða sendir burt. 2007. Leyfð öllum aldurshópum.

▶ **21:35 Saved** (7:13) Rómantískir spennuþættir í anda Grey's Anatomy þar sem fylgst er með sjúkraflutningamönnum.

22:20 The Fog of War Athyglisverð heimildamynd um Robert McNamara, fyrrum varnarmálaráðgjafi Bandaríkjanna. Í myndinni er blandað saman viðtölum við McNamara, gömlum myndskildum og ýmsum sögulegum gögnum. Aðalhlutverk: Robert McNamara. 2003. Lítið hrædd.

00:05 Rome (10:10)

01:10 Las Vegas (11:17)

01:55 Heaven

03:30 Afterlife (5:8)

04:20 Saved (7:13)

05:05 The Simpsons (18:22)

05:25 Fréttir og Ísland í dag

06:35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS TV

18:00 Insider

18:30 Fréttir

19:00 Ísland í dag

19:35 Entertainment Tonight Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægjar stjórnur.

▶ **20:00 Jake In Progress 2** (2:8) Önnur þáttaröðin af þessum grínþáttum um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York. Þegar fræga fólk er rennur á rassinn mætur Jake Phillips á svæðið og reddar málunum. Vandamálin eru bæði stór og smá en Jake er alltaf til staðar, boðinn og búinn að lappa upp á ímynd viðskiptavinnanna. Mitt í amstri dagsins gleymir hann hins vegar að hugsa um sjálfan sig en hann er hreint ekki barnanna bestur þegar kemur að einkalífnum.

20:25 True Hollywood Stories (2:8) Frábærir verðlaunþættir þar sem fjallað er um helstu stjórnur Bandaríkjanna og ýmslegt er grafið upp sem almenningur hefur aldrei heyrt um. True Hollywood Stories fer í innsta hring stjarnanna.

21:15 Hooking Up (5:5) Raunveruleikaþáttur þar sem fylgst er með 11 konum í New York borg. Konur fara á nokkur stefnumót með mönnum sem þær hafa kynnst í gegnum internetið. Fá áhorfendur að fylgjast með stefnumótunum og sjá hvort að einhver kvennanna finni draumprinsinn sinn.

22:00 Cold Case (23:24) Lily Rush er rannsóknarmaður hjá lögreglunni í Filadelfíu sem rannsakar gömul mál sem aldrei hafa verið leyst og þarf að beita kaensku og klókum við lausn þeirra. Þegar hjúkrunarkona játar að hafa myrt sex sjúklinga opnar Lily mál krabbameinssjúks manns sem lést árið 1998. Bönnuð börnum.

22:45 Joan of Arcadia (13:22) (e)

23:30 Entertainment Tonight (e)

23:55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORDURLANDS

18:15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasinþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.

16:45 og 17:45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07:35 Everybody Loves Raymond (e)

08:00 Rachael Ray (e)

08:45 Vörutorg

09:45 Óstöðvandi tónlist

15:25 Vörutorg

16:25 Tabloid wars (e)

17:15 How Clean is Your House? (e)

17:45 All of Us (e)

▶ **18:15 Dr. Phil - NÝTT** Það er komið að lokapættinum með Dr. Phil að sinni. Áhorfendur fá að sjá hvernig gengur hjá fjölskyldunum sem geta ekki hætt að rifast og hafa áðu leitað ráða hjá Dr. Phil.

19:00 Everybody Loves Raymond (e)

19:30 Queer in the Middle (e)

20:00 Malcolm Fimm samkynhneigðar tiskulöggar þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fyra. Hinir fimm fræknur hjálpa slökkviliðshetju sem hlaut þriðja stigs brunasár á meira en helmingi líkamans eftir að hann festist inni í brennandi húsi. Nú er hann á batavegi og tiskulöggunnar skipuleggja glæsilega veislu fyrir vini og vanda-menn.

21:00 Runaway (4:13) Bandarísk spennusería um fjölskyldufóður á flotta með fjölskyldu sína eftir að hann er ranglega sakaður um morð. Paul er sannfærður um að lögfræðingur hans sé þátttakandi í samsærinu og óttast að einhver sé að fylgjast með honum.

22:00 Law & Order Bandarískur þáttur um stórf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Leyniskytta stráfelir fólk um hábjartan dag og Briscoe og Green eru í kapphlaupi við tímann að hafa reynt að hafa hendur í hári hennar áður en hún finnur næsta skotmark.

22:50 Everybody Loves Raymond

23:15 Tabloid wars (5:6) Áhugaverð heimildapáttaröð þar sem áhorfendur fá að kynna lífi starfsmanna á slúðurblaðinu New York Daily News. Þar gengur á ýmsu og það er mikil pressa á blaðamönnum og ljósmyndurum að ná í heitustu fréttirnar. Í hverjum þætti er fylgst með 4 til 5 starfsmönnum blaðsins í kapphlaupi við tímann og í bullandi samkeppni við önnur blöð um bitastæðustu fréttirnar. Þetta er fólk-íð sem er í eldlinunni alla daga að fjalla um glæpi, spillingu og líf fina og fræga fólksins í New York.

00:05 Nora Roberts Collection - Blue Smoke (e)

01:35 The L Word (e)

02:25 Vörutorg

03:25 Óstöðvandi tónlist

Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag

ÚTSALA

HB HERRAFATAVERSLUN BIRGIS
FÁKAFENI 11 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 553 1170

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05

Men in Trees

Glæný rómantísk þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki. Heche leikur sambandasérfræðinginn Marin Frist sem ákveður að setjast að í smábæ í Alaska en þar eru karlmennirnir tíu sinnum fleiri en kon-

urnar. Í þætti kvöldsins eru íbúar New York farnir að gleyma Marin, enda hefur enginn heyrð í henni mánuðum saman. Flestum þykir líklegasta skýringin á hvarfi hennar að hún sé látin.



► Við mælum með
SVART KAFFI - BAUNIN
ÓMÓTSTÆÐILEGA

Sjónvarpið kl. 20.05

Kanadísk heimildamyndaröð um kaffi og sögu þess. Frá því að kaffið var uppgötvað í Eþíópíu hefur það sett mark sitt á efnahag, stjórnmál og þjóðfélagsgerð víða um lönd. Í fyrsta þættinum er fjallað um uppruna kaffis og útbreiðslu þess um heimsálfurnar fimm. Á þeirri vegferð hefur það valdið deilum og jafnvel byltingum, örvað sköpunargleði fólks og verið svo arðvænleg verslunarvara að fólk hefur verið hneppt í þrældóm vegna þess.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Laufskálinn
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Sakamálaheiti: Sá yðar sem syndlaus er
13.15 Á sumarvegi
14.03 Útvarpssagan: Rokkað í Vítula
14.30 Miðdegistónar
15.03 Grannar okkur

16.00 Síðdegisfréttir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Vís sjá
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Á sumarvegi
19.40 Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
20.00 Sumarsalat
21.00 Framtíð lýðræðis
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Kvöldsagan: Útlendingurinn
22.45 Kvöldtónar
23.10 Úlfaldar og myflugur
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

07.10 Copa America 2007 (1st Group B - 2nd Group C) Útsending frá leik í átta liða úrslitum í Suður-Ameríku bikarum í knattspyrnu.

15.40 PGA Tour 2007 Bein útsending (The International) Útsending frá lokadegi á The International mótinu á PGA mótardönni í golfi. Mótið er í beinni útsendingu á Syn Extra klukkan 19.

19.10 Shellmótið Þáttur um hið árlega Shellmót í knattspyrnu sem haldið er í Vestmannaeyjum fyrir unga knattspyrnuíðkendum.

19.40 KF Nörd (15:15) Síðasti þátturinn um Knattspyrnufélagið Nörd þar sem Nördarnir fá að spreya sig gegn Íslandsmeisturum FH frammi fyrir 7 þúsund áhorfendum á Laugardalsvöllinum. Leikurinn varð hin besta skemmtun og með Nördunum léku landsfrægir gestir.

21.30 Copa America 2007 (1st Group C - 2nd Group A) Útsending frá leik í átta liða úrslitum í Suður-Ameríku bikarum í knattspyrnu.

23.10 Wimbledon Útsending frá úrslitaleikjum í einliðaleik karla og í tvenndarleik á Wimbledon mótinu í tennis.

BBC PRIME

6.15 Come Outside 6.30 Andy Pandy 6.35 Teletubbies Everywhere 6.45 Teletubbies Everywhere 6.55 Monty the Dog 7.00 Passport to the Sun 7.30 Spa Of Embarrassing Illnesses 8.30 Passport to the Sun 9.00 Model Gardens 9.30 Big Cat Diary 10.00 Big Cat Diary 10.30 Yes, Minister 11.00 My Hero 11.30 My Family 12.00 Ballykissangel 13.00 Waking the Dead 14.00 Passport to the Sun 14.30 Homes Under the Hammer 15.30 Bargain Hunt 16.00 My Hero 16.30 My Family 17.00 Design Rules 17.30 The Life Laundry 18.00 Waking the Dead 19.00 Love Soup 20.00 The Thick of It 20.30 Manchild 21.00 Waking the Dead 22.00 Yes, Minister 22.30 Love Soup 23.30 My Hero 0.00 My Family 0.30 EastEnders 1.00 Waking the Dead 2.00 Ballykissangel 3.00 Passport to the Sun 3.30 Balamory 3.50 Tweenies 4.10 Big Cook Little Cook 4.30 Tikkabilla 5.00 Boogie Beebies 5.15 Tweenies 5.35 Balamory 5.55 Big Cook Little Cook

DR 1

6.00 SommerSummerum 7.35 Yu-Gi-Oh! 11.05 En reporter går ombord 11.35 Smag på Danmark - med Meyer 12.05 Dawsons Creek 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 Hjerteflimmer Classic 13.30 SommerSummerum 15.05 Trolldomsæksen 15.30 Peter Pedal 16.00 Når gorillaen går i flyttetanker 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Sommervejret 17.05 Miss Marple 18.00 Hammerslag 18.30 Forsvundne danskere 19.00 TV Avisen 19.25 Sommervejret på DR1 19.40 Aftenort 2007 20.05 S.O.S. Poseidon kalder 21.30 Seinfeld 21.55 Dinas Dates 22.25 Generation Sex 5.30 Home things 5.35 Anton 5.40 Byggemand Bob 5.50 Tagkammerater 6.00 SommerSummerum

NRK1

6.30 Jukeboks: Du skal høre mye 7.30 Jukeboks: Jazz 8.30 Oppgangen 9.00 Da varehuset kom til byen 10.00 Siste nytt 10.05 Med hjertet på rette staden 10.50 Creature Comforts: hvordan har vi det? 11.00 Siste nytt 11.05 Grønn glede 11.30 Viten om 12.00 Siste nytt 12.05 Norge rundt 12.30 Det store bryllupet 13.00 Siste nytt 13.05 Kår for sin kilt 14.00 Siste nytt 14.05 Lyko 14.25 Sinbads fantastiske reiser 14.50 Creature Comforts: hvordan har vi det? 15.00 Siste nytt 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Mikkes klubbhus 16.25 Sauer 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Eit vanleg liv 18.25 Faktor: Minnesnes reise 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.35 Vinbaronen 20.20 Drømmen om Katie Melua på havets bunn 21.00 Kveldsnytt 21.15 Hva skjedde med Emily? 22.25 Den siste gudfaren 5.30 Sport Jukeboks

SVT 1

7.15 Hej hej sommar 7.16 Tintin 7.45 Blue Water High 10.00 Rapport 10.05 Sportspegeln 12.15 En fästman i taget 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 Melita möter 15.30 Expedition: Familjeliv 16.00 BoliBompa 16.10 Storasyter och lillebror 16.15 Räkna med skägg 16.30 Hej hej sommar 16.31 Tintin 17.00 Blue Water High 17.30 Rapport 18.00 Sommartorget 18.30 Packat & klart sommar 19.00 Foyle's War 20.35 Bergen - Kirkenes t/r 21.05 Rapport 21.15 Vita huset 22.00 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige



VIOLINO leðursófar og stólar · LANE sófar · Svefnsófar · SIT & JOY grjónapúðar og grjónastólar



Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-15

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, s: 471 2954



„Ég hlusta nú aðallega á Útvarp Sögu og Rás 2. Ég hlusta ekkert endilega á tónlist.“

Birgir Eiríksson, skrudgáryrkjumeistari.

Styttist í endurkomu Kristjáns Jóhannssonar

„Ég get ekki uppljóstrað hvernær það verður, en þetta verður fyrr en seinna á þessu ári,“ segir óperusöngvarinn Kristján Jóhannsson. Hann hyggst snúa aftur til Íslands og halda tónleika hér á landi en það yrðu þeir fyrstu eftir að mikið fjölmiðlafar varð í kringum góðgerðatónleika Ólafs M. Magnússonar árið 2004 en þar var Kristján sagður taka óeðlilega há laun fyrir að koma fram.

Kristján var þögull sem gröfin um það hvernær og hvar tónleikarnir yrðu en taldi nokkuð víst að þeir yrðu á undan tónleikum Andrea Bocelli í Egilshöll í lok október. „Vonandi verða þetta ánægjulegir endurfundir og

kannski verður maður bara eins og týndi sonurinn, alikálfinum slátrað og þar fram eftir götunum,“ bætir Kristján við.

Hetjutenórinn hefur haft nóg fyrir stafni. Hann er með tólf nemendur hjá sér í kennslu og hefur verið að æfa nýjar óperur. Enn sem fyrr er mikil eftirspurn eftir kröftum Kristjáns. Kristján hefur jafnframt verið duglegur við að halda tónleika og þegar Fréttablaðið náði tali af honum voru einir sjö í burðarliðnum.

Kristján býr við Gardavatn á Ítalíu og varð nýlega fyrir því óláni að missa farsíma sinn ofan í vatnið þegar hann var á siglingu með vini sínum. „Já, þarna hurfu nokkur hundruð símanúmer með



SNÝR AFTUR Kristján Jóhannsson hyggst snúa aftur til Íslands á þessu ári og halda glæsilega tónleika. Ekki er þó ljóst nákvæmlega hvernær það verður.

góðum samböndum. En mér gafst líka tækifæri til að vinsa út þá sem

ég vildi ekki lengur hafa í símanum hjá mér.“ - fgg

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. svari 6. hvort 8. tré 9. sefa 11. guð 12. útfall 14. erfiði 16. tónlistarmaður 17. nögl 18. pípa 20. tveir eins 21. ármyrni.

LÓÐRÉTT 1. land í S-Smeríku 3. átt 4. hringfari 5. svelgur 7. skemill 10. sigað 13. struns 15. fita 16. knæpa 19. kyrrð.

LAUSN

LÖBÉRÉTT: 1. Perú, 3. ný, 4. sírkíll, 5. íða, 7. fótiskör, 10. átt, 13. ark, 15. töl, 16. krá, 19. ró. LÁRÉTT: 2. ansi, 6. ef, 8. víð, 9. ró, 11. ra, 12. úttak, 14. stítt, 16. kk, 17. klí, 18. rór, 20. ll, 21. árs.



KERAN OG BIRNA Hafa fundið fyrir töluverðri fækkun Íslendinga til Breiðavíkur eftir að mál staðarins komust í hárnæli fyrir á árinu.

KERAN S. ÓLASON: FERÐAÞJÓNUSTAN LÍÐUR FYRIR BREIÐAVÍKURMÁLÍÐ

Fólk feimið við Breiðavík

„Stemningin er alltaf góð en það mætti vera meira af Íslendingum,“ segir Keran Stueland Ólason, staðarhaldari í Breiðavík, en hann rekur þar gistiheimili ásamt konu sinni, Birnu Mjöll Atladóttur. Að sögn Kerans finna þau mikinn mun á milli ára hvað heimsóknir Íslendinga varðar og er skýringarnar einna helst að finna í Breiðavíkurmálinu. „Þeir virðast eitthvað vera feimnir við að koma hingað en ég veit eiginlega ekki hvað þeir hafa að hræðast,“ segir Keran sem bætir því þó við að fjöldi útlendinga hafi ekki breyst mikið á milli ára.

Breiðavíkurmálið skók íslenskt þjóðlíf í upphafi þessa árs þegar upp komst að drengir sem höfðu

verið vistaðir á betrunarheimili þar höfðu verið beittir líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi af starfsmönnum og öðrum vistmönnum á 6., 7. og 8. áratug síðustu aldar. Mikið var fjallað um málið í fjölmiðlum og urðu þau Keran og Birna fyrir miklu áreiti vegna málsins og þeim jafnvel hótað líkamsmeiðingum þótt þau hafi ekki hafið rekstur þar fyrir en 1999. „Menn hafa viljað koma og rústa okkur, meidda okkur,“ sagði Birna Mjöll í samtali við Fréttablaðið í febrúar. Þá höfðu einnig komið fram ásakanir um að þetta væri bara auglýsingabrella fyrir staðinn.

Á Breiðavík hefur flestum ummerkjum um heimilið verið eytt en þó má enn finna gamlan fanga-

klefa þar sem drengirnir voru settir ef þeir gerðust sekir um óláti. Þau Keran og Birna hafa rekið þarna ferðaþjónustu í átta ár og má finna margar af helstu náttúruperlum í næsta nágrenni við staðinn.

Nokkur fjöldi þeirra drengja sem voru vistaðir fyrir vestan hefur gert sér ferð til staðarins og endurupplifað hræðilegar minningar frá árunum sínum þar. Nú þegar hefur heimildarmynd í leikstjórn Bergsteins Björgólfssonar um hvað fór þarna fram verið frumsýnd og nýjasta kvikmynd Guðnýjar Halldórsdóttur, Veðramót, fjallar að einhverju leyti um árin eftir að heimilinu var breytt til batnaðar. freyrgjia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Lítið hefur farið fyrir **Hemma Gunn** að undanförunu eftir að Kvöldstund með Hemma hætti göngu sinni á Stöð 2. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Hermann þó hvergi nærri hættur afskiptum af ljósvakamiðlum því hann er nú í langþráðu sumarfrí og sleikir sólna í Dýrafirði. Hemmi hefur hins vegar gert nýjan samning við 365 og verður enn sem fyrr hjá Bylgjunni með sunnudagsþætti sína og hefur ekki útilokað endurkomu í sjónvarp. Hemmi verður síðan lýsendum enska boltans á Sýn 2 innan handar enda fáir jafnmiklir vísukbrunnar um knattspyrnu og Hemmi Gunn.



Umfjöllun Fréttablaðsins um þyrlueign athafnamannsins **Ólafs Ólafssonar** vakti mikla athygli og sitt sýndist hverjum um flugferðir hans á sunnanverðu Snæfellsnesinu. Ólafur virðist vera mikill áhugaður um kraftmikil og flott leiktæki því í Snararahöfninni í Reykjavík liggur bundin við bryggju ein allra flottasta snekkja hafnarinnar. Hún er að sjálf-sögðu í eigu Ólafs. Til gamans má svo geta að þar liggur einnig bátur starfsmannafélags Samskipa, fyrirtækisins sem Ólafur er jafnan kenndur við.



Golfklúbburinn Stullar er einn sá frægasti í golfheimum en þar etja saman kappi margir merkismennirnir úr íslensku þjóðlífi. Klúbburinn rekur jafnframt glæsilega heimasíðu og þar má sjá yfirlit yfir efstu menn í svokallaðri Safnmótard. Athygli vekur að „nýliðinn“ **Þórður Már Jóhannesson**, forstjóri Gnúps, er í efsta sæti en fast á hæla hans kemur þingmaðurinn **Bjarni Benediktsson**. Reyndir golfarar á borð við **Loga Bergmann Eiðsson** og **Stefán Hilmarsson** eru hins vegar í neðri hlutanum og þurfa augljóslega að girða sig í brók ef þeir ætla sér einhverja hluti á mótardönni. - fgg




VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 6.

1. Sjö gæsir.
2. Pamplona.
3. West Ham.



FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is



Birta byggir sumarhús í Hvalfirði

Birta Björnsdóttir, fatahönnuður í Júniform, og eiginmaður hennar hafa fest kaup á lóð í Hvalfirði og áforma að reisa þar sumarbústað. Birta vakti mikla athygli fyrr á árinu, eftir að Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir klæddist fötum frá henni sem kynnrir í Söngvakeppni Sjónvarpsins. Í kjölfarið rauk eftirspurn eftir fötum frá Birtu upp úr öllu valdi og búðin tæmdist á örfáum dögum.

Birta segir þá velgengni þó ekki vera ástæðuna fyrir lóðakaupunum. „Nei, almáttugur. Maður verður nú ekki beint ríkur á þessu,“ sagði hún. Júniform hefur þó gengið afar vel og hefur Birta leit að til saumastofu til að fá aðstoð við framleiðsluna. „Ég er með fólk á saumastofu til að hjálpa mér. Það er ennþá brjálað að gera þó

það hafi auðvitað hægst aðeins um,“ sagði hún.

Sumarhúsið er ekki gamall draumur, að sögn Birtu. „Við fengum þessa flugu í hausinn á þessu ári og vorum svo heppin að við fundum strax lóð sem hentaði okkur vel,“ sagði hún. „Við fílum Hvalfjörðinn í botn, hann er leynd náttúruperla. Fólk gleymir honum svolítið, en það er ótrúlega fallegt þarna. Við erum að láta teikna húsið í rólegheitunum, en þetta verður gert í nánustu framtíð,“ sagði Birta. - sun

NÝTILKOMIN HUGMYND Birta segir sumarhúsið vera nýtilkomna hugmynd. Hún segir velgengni Júniform ekki liggja þar að baki, enda verði fólk seint ríkt á fatahönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



Kayakarnir fást í Sportbúðinni Krókhálsi 5

Hvar sem þú ert – Hvert sem þú ferð Sportbúðin er í leiðinni út úr bænum



Prijon Seayak – Mest keypti sjókayak á Íslandi mörg undanfarin ár.

Lengd 490 sm, breidd 55 sm, þyngd 26 kg. Prijon Seayak er með fram- og afturllest ásamt daghólfi fyrir framan mannop. Stillanleg sæti og fótstig.

Nú fylgir luxus stýri öllum Prijon bátum. Litir: Rauður og Mango (gulur).

Verð aðeins 129.900 eða aðeins 11.300 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.



Prijon Kodiak – Vinsæll sjókayak frá Prijon, einkum hannaður fyrir stærri og þyngri ræðara.

Lengd 518 sm, breidd 59 sm, þyngd 28 kg. Fram- og afturllest ásamt daghólfi fyrir framan mannop. Stillanleg sæti og fótstig. Nú fylgir luxus stýri öllum Prijon bátum. Litir: Rauður, Mango (gulur) og Granite (grár).

Verð aðeins 129.900 eða aðeins 11.300 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.



Prijon Motion – Vinsæll bátur fyrir smærri og léttari ræðara.

Nokkuð hraðskreiður og stöðugur. Lengd 454 sm, breidd 59 sm, þyngd 26 kg. Fram- og afturllest ásamt daghólfi fyrir framan mannop. Stillanleg sæti og fótstig. Nú fylgir luxus stýri öllum Prijon bátum. Litir: Rauður, Mango (gulur) og blár.

Verð aðeins 129.900 eða aðeins 11.300 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.



Prijon Touryak – Ekki ósvipaðir eiginleikar og Prijon Motion en hannaður fyrir stærri og þyngri ræðara. Lengd 470 sm, breidd 63 sm, þyngd 25 kg. Fram- og afturllest ásamt daghólfi fyrir framan mannop. Stillanleg sæti og fótstig. Nú fylgir luxus stýri öllum Prijon bátum. Litir: Rauður og Mango (gulur).

Verð aðeins 129.900 eða aðeins 11.300 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.



P&H Capella 160 – Einn albesti plastbáturinn á markaðnum.

Lengd 495 sm, breidd 56 sm, þyngd 23 kg. Framlest, afturllest og daghólf. Capella kemur með skeggi / ugga. Stillanlegt sæti og bak. Stillanleg fótstig. Litir Lava og Sunbeam.

Verð aðeins 169.900 eða aðeins 14.733 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.



Venture Orca 16 Weekender

Vinsæll, stöðugur byrjendabátur frá Venture.

Lengd 468 sm, breidd 58 sm, þyngd 25 kg. Fram- og afturllest. Orca 16 kemur með ásettu stýri.

Verð aðeins 99.900 eða aðeins 8.725 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.



Venture Easky 13 Weekender – Mjög stöðugur bátur, sérlega hentugur fyrir þá sem eru að byrja að ró.

Lengd 415 sm, breidd 67 sm, þyngd 21 kg. Framlest og afturllest.

Verð aðeins 89.900 eða aðeins 7.867 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.



Venture Easky 15 Weekender – Annar vinsæll og stöðugur byrjendabátur frá Venture.

Lengd 458 sm, breidd 60 sm, þyngd 23 kg.

Easky 15 Weekender er með fram- og afturllest ásamt skeggi / ugga. **Verð aðeins 99.900 eða aðeins 8.725 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

15% afsláttur af þurr göllum og aukabúnaði með keyptum sjókayak í Sportbúðinni



SPORTBÚÐIN



Sportbúðin býður alla báta og búnað með vaxtalausum Visa og Euro raðgreiðslum til allt að 12 mánaða. 3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í mánaðagreiðslum.

Krókhálsi 5 - 110 Reykjavík - Sími 517 8050 - Sportbudin.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, rítstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaeyðil: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Wii Nintendo®
LEIKJATÖLVA™ NÝUPPLIFUN
Um 2000 vélar seldar á Íslandi
ORMSSON
ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



BAKPANKAR

ÞRÁINS BERTELSSONAR

Stúlka í Prag

Fyrir nokkrum árum sýndi tékknesk stúlka mér alveg sérstakan áhuga. Það gerðist í Borgarvirki eða Hradcany í Prag. Því miður beindist áhugi hennar ekki að mér persónulega heldur var það þjóðerni mitt sem gerði mig spennandi. Það var hinn íslenski lögregluþingmaður Erlendur Erlendur í bókum Arnaldar Indriðasonar sem átti hug hennar og hjarta.

Það kom mér því ekki á óvart þegar þær góðu fréttir spurðust að Mýrin, kvikmynd Baltasars Kormáks, hefði unnið fyrstu verðlaun á frægri kvikmyndahátíð í Karlovy Vary í Tékklandi, en þar eru heilsulindir eins og í Hveragerði. En hversu vel kynntur sem Erlendur lögregluþingmaður kann að vera í Tékklandi hefði kvikmynd um hann ekki unnið til verðlauna á hátíðinni í Hveragerði nema myndin stæðist ítrustu gæðakröfur.

Það er mitt álit að Baltasar Kormákur sé meðal fremstu leikstjóra sem nú eru að störfum í Evrópu hverra verk ég kannast við (og örugglega bestu hestamaðurinn í þeim hópi). Það kæmi mér því ekki á óvart að næst þegar leið mín liggur til Prag og ég hitti aftur stúlkuna sem ég spjallaði við hérna um árið að hún spyrði mig ekki einungis um Erlend heldur einnig um Baltasar og hvaða myndir hann hefði á þróunum.

EF þjóðir væru metnar eftir auðsæld sinni nyttu Sáði-Arabar sennilega mestrar virðingar allra þjóða í heiminum. Það er þó ekki ríkidæmið sem mestu ræður um það orðspor sem af þeim fer heldur hvað þjóðir gera við peningana sína. Þótt það sé góðra launa vert að hafa brennandi áhuga á að græða peninga skiptir ekki minna máli vinnuframlag þeirra sem kjósa fremur að framleiða menningarverðmæti. Þess vegna væri skynsamlegt að þeir sem við þá framleiðslu fást byggju við kjör sem væru sambærileg – ekki kannski við mikilmenni eins og seðlabankastjóra – heldur að minnsta kosti við lögregluþingmaða hjá hinu opinbera á borð við Erlend í bókum Arnaldar. Vonandi fer fjölgandi þeim peninga- og stjórnmálamönnum sem hafa sálarálfur til að skilja að fjármagn þarf til að rækta andleg verðmæti sem eru undirstaða tilveru þjóðarinnar – með djúpri virðingu fyrir þorski, stóriðju og viðskiptum.



IMPREZA

SUBARU

FRÁBÆR AFTURÁBAK. ENN BETRI ÁFRAM.

Í SUMAR FYLGJA ÖLLUM IMPREZA BAKKVÖRN, HEILSÁRSDEKK OG LITAÐAR FILMUR Í RÚÐUR

Subaru Impreza Wagon er frægur fyrir hversu snöggur og lipur hann er í akstri. Síðrifið skilar sér í frábæru veggripi og einstaklega kraftmikil vélin tryggir að bíllinn nýtur sín hvort sem maður er einn að skutlast innanþéjar eða skjóttast með fjölskylduna í bústaðinn.

150.000,-

SUMARTILBOÐ: BAKKVÖRN, HEILSÁRSDEKK OG LITAÐAR FILMUR



JONSSON & LEWIS • J115 • SÍA

SYMMETRICAL AWD

Beinskiptur Subaru Impreza Wagon 2.110.000,-

Sjálfskiptur Subaru Impreza Wagon 2.240.000,-

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mánudaga. 10:00 - 18:00, þriðjudaga. - föstudaga. 09:00 - 18:00, laugardaga. 12:00 - 16:00.

Umboðsmenn um land allt

Akureyri 464 - 7940

Njarðvík 421 - 8808

Gefðu dýrmaetasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is